



Vinátta leikskólabarna
Áhrif leikskólakennara

Þórhalla Friðriksdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2014

Vinátta leikskólabarna

Áhrif leikskólakennara

Þórhalla Friðriksdóttir

30 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Leiðsögukennari
Kristín Dýrfjörð

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2014

Titill: Vinátta leikskólabarna: Hlutverk leikskólakennara

Stuttur titill: Vinátta leikskólabarna

30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-
prófi í menntunarfræði

Höfundarréttur © 2014 Þórhalla Friðriksdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Þórhalla Friðriksdóttir, 2014, meistaraþrófsverkefni, Kennaradeild, Hug-
og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 97 bls.

Prentun: Stell

Akureyri, júní, 2014

Ágrip

Rannsóknarritgerð þessi fjallar um vináttu leikskólabarna. Vinátta er öllu fólki mikilvæg og mér hugleikinn. Megin viðfangsefni þessarar ritgerðar eru þau áhrif sem vinátta hefur á börn og velferð þeirra. Fjallað er um rannsóknir á vináttu og skilgreiningar á henni bæði hvað varðar börn og fullorðið fólk. Stuttlega er gerð grein fyrir mismunandi viðhorfum til vináttu, tengd þeirri menningu sem fólk býr í. Til að setja efnið í samhengi við leikskólann er fjallað um áhrif skóla, umhverfis innan skóla og kennara á vináttu barna.

Í rannsóknarhluta ritgerðarinnar er fjallað um það hvernig leikskólakennarar sjá og túlka vináttu leikskólabarna, hvaða áhrif þeir telja að hún hafi á börn og hvaða áhrif vinaleysi geti haft. Til skoðunar eru þau áhrif sem leikskólakennarar telja að þeir geti haft á vináttu og hvernig þeir bregðast við þegar kemur að börnum sem eiga ekki vini. Sú rannsóknaraðferð sem notuð var er eigindleg, byggð upp á viðtölum við sex leikskólakennara með misjafnlega langa reynslu af kennslu. Mitt markmið með rannsókninni var að komast að því hvernig kennarar túlka sinn þátt í vináttu barna og hvort þeim finnst þeir eigi að hafa áhrif á þann hluta í lífi barna. Niðurstöður rannsóknarinnar eru meðal annars þær að leikskólakennarar vilja að leikskólabörn séu ánægð í leikskólanum, fram komu ýmis ráð sem nota má til að hjálpa börnum félagslega og gefa börnum stuðning í öllu því sem þau taka sér fyrir hendur hvort sem það er leikur, vinátta, eða almenn kennsla sem fer fram í leikskólanum. Lögð var áhersla á tilfinningalega leiðsögn af hálfu flestra leikskólakennaranna, þeir töldu að hún leiddi til þess að börn lærðu betur að þekkja sig.

Abstract

The aim of this paper is to research preschools children's friendships. Friendship is important for most people and has been on my mind lately. The main focus in this paper is the effect friendship has on preschool children and on their future welfare. The paper is twofold, empirical and research part. In the empirical part I focused on researches that have been done on friendship and definitions on friendship both for children and adults. I looked into different views on friendship connected to different culture that people live in. To put this in preschool perspective I will discuss the effect, school environment and teachers have on friendship.

In the research part of the paper I focused on how preschool teachers interpret children's friendships, what effect they think it has on children and how it affects children to have no friends, what affect they as a teacher's can have on friendship and how they act when children do not have friends. The research part is a qualitative research based on interviews. My data is six interviews and the participants were preschool teachers that had various years of experience in teaching. What I was trying to accomplish with this research was to find out how teachers see their part in children's friendship and if they believed that they should have a part in that part in the child's life. The main results showed that preschool teachers want the children to be happy at preschool and they talked about different strategies which they use to help children to play, from a friendship and other things. They talked about their role in providing the children with emotional guidance, and giving the children tools to know about themselves and their feelings and emotions

Formáli

Verkefni þetta er 30 eininga/ECTS meistaraþrófsverkefni til meistaraþrófs í menntunarfræðum. Ég er nemandi er á yngsta stig á kennaradeild við Háskólann á Akureyri. Leiðsagnarkennari minn er Kristín Dýrfjörð dósent við Háskólann á Akureyri.

Ég vil þakka Kristínu Dýrfjörð fyrir góða leiðsögn í þessu verkefni sem og Braga Þóri Svavarssyni, Sigurlaugu Svavarsdóttur, Friðriki Steingrímssyni og Einari Loga Vilhjálmsyni fyrir yfirlestur á þessari ritgerð. Ég vil þakka öllum viðmælendum mínum sem tóku þátt í rannsókninni og þeim aðilum sem gerðu þessa rannsókn mögulega. Ég vil sömuleiðis þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir allan þann stuðninginn sem þeir veittu mér við gerð þessarar ritgerðar.

Ég hef verið í námi við Háskólann á Akureyri í fimm ár og hefur reynsla mín þar verið mjög góð. Ég hef kynnst fullt af fólki sem gert hafa þessa reynslu eftirminnilega þó ég minnst ekki á alla þá frábæru kennara sem ég hef haft þessi fimm ár í náminu. Það eru mér forréttindi að vera í fyrsta hópnum sem útskrifast sem leikskólakennari eftir fimm ára nám.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Vinátta.....	5
2.1 Mismunandi sjónarhorn á vináttu	5
2.2 Þróun vináttu í bernsku	8
2.2.1 Mat barna á vináttu	9
2.2.2 Val barna á vinum.....	10
2.2.3 Lengd vináttusambands	11
2.3 Áhrif vináttu.....	12
2.3.1 Áhrif vináttu fyrir velferð barna	14
2.3.2 Áhrif vinaleysis.....	15
2.4 Mismunandi gerðir vináttu.....	17
2.4.1 Gæði vináttusambands	17
2.4.2 Snið vináttusambands	19
2.5 Kynjuð vinátta	21
2.5.1 Vinátta og hegðun kynjanna - munur.....	21
3. Áhrif umhverfis, leikskóla og leikskólakennara á vináttu.....	25
3.1 Áhrif skóla á vináttu leikskólabarna	25
3.2 Áhrif umhverfis	26
3.3 Áhrif leikskólakennara.....	27
3.3.1 Aðferðir kennara	29
3.3.2 Áhrif kennara á leik og félagsleg samskipti.....	30
4. Rannsóknin	33
4.1 Rannsóknaraðferð	33
4.1.1 Kostir og ókostir viðtala	34
4.1.2 Opnar spurningar	35
4.1.3 Siðferðileg álitamál.....	36
4.2 Framkvæmd rannsókna	37
4.2.2 Þátttakendur	38

5. Niðurstöður.....	41
5.1 Vinátta barna.....	41
5.1.1 Einkenni vináttu	43
5.1.2 Val barna á vinum.....	44
5.2 Áhrif vináttu.....	46
5.2.1 Gæði vináttu.....	49
5.3 Kynjuð vinátta.....	51
5.3.1 Vinátta kynjanna	52
5.3.2 Kynjuð hegðun.....	54
5.4 Umhverfi innan leikskólans	56
5.5 Kennarinn.....	58
5.5.1 Aðstoð við vináttu myndun.....	58
5.5.2 Þátttaka kennara í leik.....	60
5.5.3 Viðbrögð við vinaleysi.....	62
5.6 Mat á vináttu	64
5.6.1 Námskrá	65
6. Umræður.....	67
6.1 Vinátta barna.....	67
6.1.1 Einkenni vináttu	69
6.1.2 Gæði vináttu.....	70
6.1.3 Val á vinum.....	71
6.2 Kynjuð vinátta.....	71
6.2.1 Kynjuð hegðun.....	72
6.3 Umhverfi innan skólans	73
6.4 Áhrif leikskólakennarans	74
6.4.1 Þátttaka kennara í leik.....	75
7. Lokaorð.....	76
Heimildaskrá.....	78
Fylgiskjöl.....	88

1. Inngangur

*Hver er vinur í raun, já hvað þurfum við til, segðu mér það,
Sumir syrgja á laun, af og til, getur gerst, er kannski eitthvað að
Ef þú vilt gera eitthvað gott, þarft bara að vera hér og sýna vinarvott
Með þér vinur landi ég næ, og ég veit, já ég veit, að það þarf bara að
réttu út hjálparhönd (Ingibjörg Gunnarsdóttir. 2013).*

Eins og segir í textanum hér að ofan eftir Ingibjörgu Gunnarsdóttur er vinátta mjög mikilvæg fyrir fólk á öllum aldri. Textabrotið er hluti af texta lagsins „*Kæri vinur*“ sem Jón Jónsson og Björgvin Halldórsson syngja saman á plötunni *Duet*. Þessi texti náði til mín við fyrstu hlustun, mér fannst hann lýsa svo vel þeirri hugmynd sem við höfum um vináttu. Textabrotið lýsir vináttu í hnotskurn að mínu mati.

Vinátta er sjálfsgætur hlutur í augum margra og átta sig ekki allir á því hvað vinátta er margþætt, hversu flókin hún getur verið og hversu mikilvæg hún er fyrir fólk á öllum aldri. Webster, (1987) skilgreinir vináttu á þann hátt að einstaklingur laðast að öðrum vegna ástúðar eða álits á þeim. Einnig skilgreinir hann kunningja sem einstaklinga sem maður þekkir, en er ekki sérstakur vinur. Sömuleiðis má skilgreina vini samkvæmt því hversu trúir þeir eru. Sumir eru vinir manns þangað til eitthvað bjátar á, en sannir vinir standa við hlið manns á góðum og slæmum stundum í lífinu, og segja sannleikan sama hversu ljótur hann er (sjá í Shultz, 2004, bls. 293). Margir hugsa ekki úti hversu erfitt það getur verið að eiga enga vini og hvaða áhrif það getur haft á einstakling að vera ekki samþykktur meðal jafningja.

Efnið sem ég valdi mér var þetta. Að skoða hvaða áhrif vinátta getur haft á leikskólabörn fyrst og fremst og hvaða áhrif vinaleysi getur haft. Sömuleiðis vildi ég skoða þátt leikskólakennara þegar kemur að því að styðja við vináttu og viðhalda henni. Áhugi minn á vináttu og áhrifum hennar á velferð barna til framtíðar var kveikjan á rannsóknarefninu. Markmiðið var að skoða hvort og hvernig vinátta setti mark sitt á einstaklinginn strax frá upphafi leikskólagöngu. Mér, sem verðandi leikskólakennara, fannst mjög mikilvægt að vita hvað hægt væri að gera til að hjálpa börnum sem ekki ná að mynda vináttusamband, hvað einkennir hegðun þeirra barna, hvaða áhrif

leikskólaumhverfi getur haft og hvað hinn almenni leikskólakennari getur gert til að vinna með vináttu. Ég hafði einnig áhuga á því að styrkja þekkingu mína á eðli og birtingarmyndum vináttu á meðal leikskólakennara.

Samkvæmt Piaget og Sullivan (sjá hjá Wojciszewicz-Bowker, Rubin, og Burgess, 2006, bls. 143–144) er vináttu líkt og önnur jafningjasambönd mikilvæg börnum, eins og hefur komið fram. Rannsóknir hafa verið gerðar á mismunandi gerðum af vináttu sem og vináttu í heild. Í skrifum sínum bendir Allen, (1989, bls. 48) á það að í rannsóknum sé oft lögð nokkur áhersla á þau áhrif sem vináttan hefur, hversu marga vini einstaklingar eiga, hvað dregur vini að hver öðrum og hvernig mismunandi tegundir af vináttu eru tengdar við persónuleika og reynslu hvers einstaklings yfir æviskeiðið. Þessir þættir auk annarra verða skoðaðir í ritgerðinni. En hvernig geta leikskólakennarar stuðlað að vináttu? Er eitthvað sem þeir geta gert til að hjálpa börnum við vináttutengsl í leikskóla? Ég velti fyrir mér hvort það tengist t.d. sérstaklega leiknum eða skipulögðu starfi? Geta leikskólakennarar bætt vináttusamband barna með því til dæmis að tengjast þeim persónulega og öðlast traust þeirra? Eru aðrar leiðir sem hægt er að fara? Er eitthvað sem leikskólakennarar geta gert til að bæta umhverfi barna innan skólans til að stuðla að vináttu á meðal barna t.d í tengslum við skipulag? Ég velti því fyrir mér hvort það sé börnum eðlislægt að ná og vera í félagslegum tengslum.

Rannsóknin sem ég gerði er viðtalsrannsókn. Tekin voru viðtöl við sex leikskólakennara. Nafnleyndar er gætt og efni fræðilega kaflans tengt við svör viðmælanda í umræðukaflanum. Rannsóknarspurningar þessa verkefnis eru þrjár, í fyrsta lagi, *Hvaða áhrif hefur það að eiga vin á aldrinum tveggja til sex ára að mati leikskólakennara?* Í öðru lagi *Hvaða áhrif getur vinaleysi haft á börn á aldrinum tveggja til sex ára að mati leikskólakennara?* Og í þriðja lagi, *Á hvaða hátt telja leikskólakennarar að þeir eigi að hafa áhrif á vináttu barna?*

Ritgerðin er þannig uppsett að í henni er fyrst fjallað fræðilega um vináttu. Sérstaklega er gerð grein fyrir vináttu barna, hún skilgreind í fræðilegu samhengi og fjallað um einkenni hennar hjá börnum á leikskólaaldri. Litið er til vináttu með tilliti til þeirra áhrifa sem hún hefur á velferð barna, margbreytileika hennar og þeirra áhrifa sem vinaleysi getur haft á börn. Einnig er fjallað um kynjaðar vináttu, hvort börn á leikskólaaldri leiki sér og myndi vináttutengsl, frekar við börn af sama kyni eða hvort þau leika við börn af gagnstæðu kyni. Hluti fræðilega kaflans fjallar um möguleg áhrif

leikskólakennara á vináttu og hvað þeir geta gert til að aðstoða börn við vináttumyndun. Einnig er lítið stuttlega til þeirra áhrif sem innra umhverfi leikskólans getur haft á vináttu. Í aðferðafræðikaflanum er síðan gerð grein fyrir þeirri aðferð sem notuð var til að afla gagna og hvernig hún er notuð við rannsóknina.

Ég tel að mér hafi tekist að draga saman mikið af upplýsingum sem ég tel gagnlegar fyrir leikskólakennara um vináttu barna, bæði lítt og meira þekktar. Einnig má segja að þær niðurstöður sem ég fékk hafi leitt af sér mjög vítt sjónarhorn á vináttu og áhrif leikskólakennara vegna þeirra mismunandi viðhorfa sem ég fékk fram. Ég tel að fjölbreytni í aðferðum og viðhorfum til vináttu sé af því góða.

2. Vinátta

Vinátta er mikilvægur þáttur í lífi fólks á öllum aldri. *En hvað er vinátta?* Hugmyndir manna um hana eru af ýmsum toga. Meðal annars er hægt að skilgreina vináttu út frá þeim einkennum sem hún ber með sér. Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningar á vináttu frá ýmsum fræðimönnum. Meðal annarra, skilgreina Bleske-Reчек og félagar, (2012, bls. 570), Heys, (1988, bls. 395) og Demir og Özdemir, (2010, bls. 244–245) vináttu sem samband sem einstaklingur gengur inní af eigin vilja, samband sem er persónulegt og byggir á samstarfi. Það felur í sér félagsskap, samskipti, nánd, umhyggju, gagnkvæma aðstoð og sjálfsstyrkingu (*e. self validation*). Þeir telja sömuleiðis að vináttu megi lýsa sem sambandi sem byggir á gagnkvæmri virðingu og hrifningu, sama hvaða aldurshóp talað sé við, svarið einkennist ávallt af því að vinur sé sá einstaklingur sem veitir þeim stuðning. Líkt og túlka má af framansögðu þá er vinátta einnig talin auðvelda félags- og tilfinningaleg markmið þeirra einstaklinga sem eiga í hlut.

Aristotle fjallaði um vináttu og taldi hann að enginn myndi velja sér vinlaust líf þrátt fyrir að hann fengi í staðin alla góða hluti heimsins (Berndt, 1981, bls. 176). Í köflunum hér á eftir verður nánar fjallað um skilgreiningar á vináttu, hvað í henni felst og hún skoðuð frá mismunandi sjónarhornum.

2.1 Mismunandi sjónarhorn á vináttu

Ýmsar fræðigreinar hafa lagt sitt af mörkum bæði til rannsókna og skilgreiningar á því hvað felst í vináttu. Hver á sinn hátt draga þær fram ákveðna mynd af vináttu, en saman gefa þær fyllri mynd af því hvað vinátta er, eða hvernig hún getur verið. Hér er leitast við að greina stuttlega frá umræðum og rannsóknum hinna ýmsu fræðigreina.

Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 5–9) hafa meðal annars fjallað um vináttu frá sjónarhóli sálfræðinnar. Þeir greina hana sem sérstaka tegund sambands með vissum eiginleikum. Samkvæmt þeim má lýsa vináttu á tvenna vegu, sem *láréttu* sambandi og *lóðréttu*. *Lárétt* samband er samband sem byggir á

jafnrétti en þegar rætt er um *lóðrétt* samband er fjallað um samband sem einkennist af hærri valdstöðu annars einstaklingsins í sambandinu. Þar má nefna sambönd milli foreldra og barna og systkina.

Sálfræðingarnir Hartup og Stevens, (1997) skilgreindu vináttu sömuleiðis á tvo vegu, (sjá í Bagwell og Schmidt 2011, bls. 5–9) annarsvegar sem vináttu á *yfirborðinu* og hinsvegar *djúpa vináttu*. Djúpa vináttu (*e. deep structure*) skilgreindu þeir sem gagnkvæmt vinasamband sem einkennist af því að vera að mestu óbreytt yfir allt æviskeiðið. Yfirborðsleg vináttu einkennist af samskiptum og því að samskiptin sem eiga sér stað eru breytileg eftir aldri, sem orsakast af mismunandi þroska hverju sinni. Til dæmis má nefna að vináttu sem snýst um leik er djúp, en vináttu milli fólks frá unglingsaldri til eldri ára einkennist af samskiptum og nánd og er hún í mörgum tilfellum yfirborðsleg. Þar kemur munurinn á yfirborðslegri vináttu og djúpri vináttu fram, samkvæmt Bagwell og Schmidt.

Aristotle ræðir um nokkra eiginleika vináttu, auk hjálpssemi og örlætis sem einn vinur getur veitt öðrum. Hann talaði um nándina og tryggðina sem vinur veitir sem og hrifninguna sem einstaklingar hafa af hvor öðrum og stöðuleika hennar. Rannsóknir innan sálfræðinnar sem gerðar hafa verið á vináttu barna hafa gjarnan snúið að skoðun líkinda. Þá er átt við líkindi í hegðun og persónuleika barna (sjá í Duck, 1973; Hartup, 1970 og Berndt, 1981, bls. 177).

Þegar gerðar hafa verið sálfræðirannsóknir á vináttu barna, eru vináttupör gjarnan valin og skoðuð. Í framhaldi af því eru börnin borin saman við önnur börn sem ekki eiga vini. Rannsakendur hafa þann háttinn á í rannsóknnum sem þessum að þeir spyrja börn út í hver vinur þeirra er og staðfesta það síðan með því að spyrja hinn aðilann. Það má því segja að innan sálfræðinnar einbeiti fólk sér frekar að því að skilgreina hvað vinur er, en að því hvað felst í vináttusambandi (sjá í Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 5–9).

Innan félagsfræðinnar er aftur á móti litið til þeirrar menningar sem þróast í vináttusamböndum (*e. friendship culture*). Þar er m.a. litið til þess hlutverks sem barn hefur í sinni eigin félagsmótun. Félagsfræðin skoðar hvernig vináttu fellur inn í hið stærra félagslega samhengi og hvernig þættir eins og kyn, kynþáttur og félagsleg staða geta haft áhrif á hana. Vinir eru oftast þeir sem einstaklingar eiga í hvað mestum samskiptum við og á oft við um lítinn hóp af jafningjum (Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 7–8). Hér má í raun sjá tengsl

við rannsóknir sálfræðinnar sem benda á að börn sem eru lík sæki í félagsskap hvers annars.

Samkvæmt Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 8–9) er einnig hægt að skoða vináttu frá þróunarsjónarhorni (*e. evolutionary perspective*). Samkvæmt því er mannfólkið félagsverur sem lifa í hópum. Það að lifa í hópum getur veitt mönnum marga kosti og má þar nefna möguleikann til að fjölga sér og lifa af. Meðal þeirra kosta, sem það að lifa saman í hóp getur leitt af sér, er að oft er meira úrval af einstaklingum, og þar með mögulegum vinum. Hvatningin til hópmyndunar hefur líklega verið þörf fólks til að fjölga sér og vinir gátu veitt þeim stuðning og hjálp þegar sú staða kom upp. Með þróunarsjónarhorninu öðlumst við frekari skilning á vináttu sem og á nauðsyn hennar (Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 66–67).

Krappman, (2001, bls. 20–21) telur stóran þátt vináttusambands í vestrænni menningu vera valfrelsið sem sambandið inniheldur. Þetta frelsi er ekki til staðar í öllum menningarheimum. Vináttu hefur m.a. verið lýst sem óslítanlegu bræðralagi. Manneskju er þar neitað um að slíta vináttusambandi þó vilji sé til þess. Í öðrum menningarsamfélögum eru vissir hlutir og hegðun sem ekki eru taldir vera viðeigandi í vinasambandi. Þar er m.a. viðurkennt að vinir eigi að vera skuldbundnir hver öðrum, gefa beiðnum vina forgang og aðstoða og styðja hvor annan þegar þess er þörf (Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 6). Þegar litið er á vináttu í öðrum menningarheimum er hægt að líta til efnis sem fram kom í rannsókn Chen og Rubin í Scharf og Lazarowiz, (2003, bls. 845). Þar er fjallað um að kanadísk börn virðist samþykkja bestu vini sína oftast en kínversk börn. Þessar niðurstöður eru á margan hátt áhugaverðar, en Chen og Rubin bentu á að kínversk börn samþykktu vini sína ekki eins auðveldlega vegna þess að þau eru líklegri til að mynda litlar klíkur. Getur það leitt til þess að börnin fái þá nánd, sem þau þurfa, frá börnum innan klíkkunnar sem minnkar nauðsyn hennar þar fyrir utan. Álykta má útfrá þessu að vinátta geti verið mjög mismunandi milli menningarheima og skilgreiningar og rannsóknir mismunandi eftir fræðigreinum en þegar kemur að börnum og vináttu þeirra, hvernig þróast sú vinátta og hvaða áhrif hefur hún?

2.2 Þróun vináttu í bernsku

Áður fyrr héldu sálfræðingar að vinátta barna væri skammlíf og yfirborðskennnd. Sú hugmynd var fljótt afsönnuð með ýmsum rannsóknum. Sýndu þær meðal annars að vináttusambönd leikskólabarna entust (sjá í Howes 1983, bls. 1041–1042; Amichai-Hamburger, Kingsbury og Schneider, 2013, bls. 34). Eins og fram hefur komið er ljóst að vinátta er mikilvæg öllum aldurshópum. Hér verður gerð grein fyrir einkennum vináttusambands barna og mikilvægi hennar fyrir börn á leikskólaaldri (tveggja til sex ára)

Wagner, (2009, bls. 9) telur heilðræna þróun þýða að líta þurfi á barnið í heild sinni. Samkvæmt Wagner er hvert barn einstakt og í bernsku er það að móta eigin sjálfsmynd. Barnið er einnig að öðlast skilning á því hvert það er og hvað það ætlar að gera. Þetta gerir barnið í gegnum sambönd við fjölskyldu, samfélagið og menninguna í kringum það. Barn getur því í raun ekki upplifað heiminn í einangrun heldur þarf það að þroskast með samfélaginu og finna sína sjálfsmynd innan þess.

Ljóst er að frá fæðingu eiga börn í einhverskonar samskiptum, eins og með snertingu. Þau samskipti á barnið þó aðallega við móður eða aðal umönnunaraðila. Félagsleg samskipti barna færast mjög fljótt út fyrir nánustu fjölskyldu. Þau fara þá að bregðast við öðrum börnum í meiri mæli. Meðal þeirra sem hafa rannsakað félagsleg samskipti ungra barna eru þær Goldschmied og Selleck (sjá í Dowling, 2005, bls. 23) og má lesa úr niðurstöðum þeirra að börn byrji að nota hljóð, augnaráð og snertingu til að ná tengslum frá því þau eru tveggja vikna. Smábörn (eins til tveggja ára) sýna mjög snemma áhuga á því hvað fólk er að gera í kringum þau og læra fljótt ýmsa hluti sem foreldrar þeirra aðhafast í nánd við þau. Um þriggja ára aldurinn verður vinátta börnum mikilvægari, þó er hún oft tímabundin á því stigi. Af þessu má draga þá ályktun að upplifun er undirstaða samskipta barna frá unga aldri.

Samkvæmt Schaefer, Light, Fabes, Hanish og Martin, (2010, bls. 62) aukast félags-, vitsmuna- og samskiptafærni barna um tveggja til sex ára aldurinn og fer þá leikurinn að þróast. Þau hætta að mestu að leika sér ein og fara í leik við jafningja. Þá fara þau að eiga í félagslegum og gagnkvæmum leikjum. Vinátta barna á aldrinum tveggja til sex ára er tiltöluleg stöðug, ef hún er borin saman við börn undir tveggja ára. Vináttan einkennist oft af meiri þéttleika og skipulagi við vissa jafningja. Batchford, Battle og Mays

(1974), (sjá í Dowling, 2005, bls. 26) hafa sett fram að fyrstu sex til sjö árin í lífi og þroska barna séu þau mikilvægustu þegar kemur að þróun á félagslegum hæfileikum. Við fjögurra ára aldurinn hafa flest börn náð tökum á þeirri færni að eiga í góðum tengslum innan jafningjahóps. Ef börnum tekst ekki að ná tengslum eða læra félagsleg samskipti, upp að vissu marki fyrir þann aldur, getur það leitt til mikillar vanlíðan. Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 70) telja að á aldurs skeiðinu tveggja til sex ára séu vinir mikilvægur þáttur í lífi barna og að allir þeir sem verji einhverjum tíma með börnum á þeim aldri ættu að sjá það mjög vel. Vináttan snýst þó að mestu leyti í kringum leik, líkt og þegar þau eru yngri. Væntingar þeirra til vináttu eru alls ekki eins miklar og hjá börnum sem eru eldri en sjö ára. Börn frá tveggja til sex ára einbeita sér að sameiginlegum leik sem einkennst af sameiginlegu áhugasviði þeirra.

Samkvæmt þeim Bukowski, Newcomb og Hartup, (2001, bls.1) eiga samskipti barna oft upphaf og endi hjá vinum þeirra. Orðið „vinur“ kemur fram í orðaforða flestra barna fyrir fjögurra ára aldurinn og „besti vinur“ er mjög algengt orðatiltæki á unglingsaldri. Tengja má vináttutilfinninguna við þá tilfinningu að líka við einhvern, eða að vera hrifin af einhverjum sem er hrifinn af manni til baka. Einnig á það við um félagskap þeirrar manneskju. Tilfinningarnar sem barnið finnur fyrir eru öðruvísi en þær sem þau bera til annarra félaga. Mörg börn lýsa muninum á bestu vinum og vinum á þann hátt að „bestu vinir“ séu meira saman en „venjulegir vinir“. Þegar börnin komast á unglingsárin breytist þessi hugsun og þá eru vinir þeir einstaklingar sem þau treysta og eru þeim nánust. Draga má þá ályktun af þessu að vináttu þróast aldri barna. Vináttu verður þeim sífellt mikilvægari eftir því sem þau verða eldri. En þegar kemur að mati á vináttu er þá hægt að styðjast við mat barnanna sjálfra á henni? Eða þarf að fá utanaðkomandi sjónarhorn?

2.2.1 Mat barna á vináttu

Til að meta vináttu barna hafa margir gert rannsóknir á meðal barna sem byggja á sjálfsmati þeirra. Meðal þeirra sem gert hafa slíkar rannsóknir eru Bigelow, (1977) og Gamer, (1977). Þessar rannsóknir hafa m.a. verið gerðar í tengslum við hugsanir barna og félagsleg samskipti þeirra (*e. social cognitions though*). Meðal þeirra sem gert hefur slíkar rannsóknir er Berndt, (1981, bls. 177–180), setti hann fram spurningar á borð við „*hvernig veistu*

þegar einhver er vinur þinn?“ og *„hversvegna myndir þú ákveða að vera ekki vinur einhvers lengur?“* Næst vann hann útfrá spurningunum til að fá frekari sýn á vináttu barna. Þær spurningar tengdust margar því hvað vinir eiga að gera og ekki gera við hvorn annan. Þetta má tengja við annarskonar mat barna á vináttu eins og fjallað verður um næst.

Sjónarmið barna á sína eigin vináttu er gagnlegt á margan hátt og er hægt að nota þesskonar aðferð til að skoða vissa hluti eins og tryggð, nánd og upplýsingaflæði. Í rauninni má segja að aðeins sé hægt að greina sumar hliðar vináttu í gegnum sjálfsmat barna og að þær séu aðeins greinanlegar í gegnum slíkt mat. Dæmi um þá þætti er þegar einstaklingar deila tilfinningum eða persónulegum upplýsingum, mikið auðveldara er að greina þær upplýsingar í gegnum sjálfsmat barna en úr efni fengnu frá utanaðkomandi aðila.

Simpkins og Parke, (2001, bls. 570) benda þó á að nokkrir gallar séu

við þá aðferð að treysta einungis á sjálfsmat barna á vináttunni. Svör barna séu háð mál- og vitsmunabroska þeirra sem gæti leitt til þess að útkoman verði ekki eins skýr og ef rannsóknin hefði verið gerð af eldri einstakling. Sjálfsmat barna á vináttu gæti einnig leitt til þess að ekki komi allir þættir sambandsins upp á yfirborðið. Þar má nefna sem dæmi, hvernig ágreiningur er leystur og fleira sem börn hafa ekki sama skilning á og fullorðnir. Því geta áhorfsrannsóknir einnig veitt upplýsingar sem ekki er auðvelt að öðlast í gegnum sjálfsmat (Berndt, 1981, bls. 177). Álykta má að kostir og gallar séu því á rannsóknum sem einblína á mat barna á vináttu sína, líkt og í öðrum rannsóknum „en þegar kemur að vináttu er einnig mikilvægt að átta sig á því hvernig val barna fer fram, hvort það sé líffræðilegt, tengt áhugamálum eða líkindum eða einhverju allt öðru. Næst verður fjallað stuttlega um það.

2.2.2 Val barna á vinum

Dunn, (2004, bls. 50) telur að sem fullorðið fólk séum við líkleg til að stofna til vináttusambands við einstaklinga sem við tengjumst vegna líkinda. Eins og fram hefur komið er margt sem bendir til þess, að þess háttar vinátta byrji mjög snemma. Hið fornkveðna að lík börn leiki sér best saman fær ákveðna staðfestingu í rannsóknum, en þær sýna að börn eiga það til að eignast vin í einstakling sem er á einhvern hátt líkur þeim, ekki aðeins af sama kyni heldur einnig þáttum sem hafa áhrif á hvernig börn líta á hvort annað innan

jafningjahóps. Rannsóknir Haselager, Hartup, van Lieshout og Riksen-Walraven, (1998, bls. 1204) hafa meðal annars sýnt að börn sem eru lík að lunderni, séu oftast vinir en þau sem eru ólík. Þetta á við um lunderniseinkenni eins og feimni, samvinnuþýðni, góðmennsku, ófélagslega hegðun, þunglyndi, vinsældir við jafningja, árangur í námi og öðru í lífinu (Dunn, 2004, bls. 50).

Gottman, (1983) hefur skoðað vináttu ungra barna í gegnum tíðina og hann bendir einnig á að það sé líklegra að börn myndi vinasamband við börn sem eru lík þeim, sem þau finna tengsl við og geta komist að samkomulagi við t.d þegar ágreiningur rís. Þegar börn á aldrinum tveggja til sex ára eru að leita sér að vin eru þau líklegri til að velja sér vin sem er á svipuðum aldri, af sama kyni, kynþætti og líkamlegu atgervi. Það er þó ekki eins skýrt hvort börn á þessum aldri, leiti eftir vináttu hjá börnum með sömu áhugamál. Talið er að ung börn séu aftur á móti líklegri til að mynda vináttusamband við þau börn sem þau sjá reglulega (sjá í Lindsey, 2002, bls. 146). Þar að auki hafa verið gerðar rannsóknir á myndun vináttu og þætti líkinda í þeirri myndun. Skrifað hefur verið um þessar rannsóknir í Duck, (1977) og Hudson, (1974). Flestar rannsóknir á þessu sviði hafa þó verið gerðar meðal fullorðinna, en þó má finna nokkrar sem gerðar hafa verið á börnum (sjá í Berndt, 1981, bls. 177).

Hess, (1972, bls. 372) telur að sameiginleg áhugamál og viðhorf séu mikilvæg bæði við myndun vináttusambands og viðhalds á því frá unga aldri til eldri ára. Um þetta eru þó ekki allir sammála og þar er hægt að styðjast við heimildir frá Haselager og félögum, (1998, bls. 1198) sem segja að ef vinir eru líkir hvor öðrum og hafi svipuð viðhorf, færni og lifnaðarhætti geti það hjálpað til við að byggja upp vináttuna og haft áhrif á val þeirra. Draga má þá ályktun frá þessu að meiri líkur séu á því að vinátta endist ef börnin í sambandinu eru lík á einhvern hátt og kemur það inn á efni næsta kafla þar sem fjallað verður stuttlega um lengd vináttusambands barna.

2.2.3 Lengd vináttusambands

Samkvæmt Proulx og Poulin, (2013, bls. 111–112) skiptir miklu máli, fyrir félags- og tilfinningaþroska barna í byrjun skólagöngu, að þau eigi í góðu sambandi við bekkjarfélaga sína sem byggist á jafnvægi. Í jafnt leik- sem grunnskóla eru börn að umgangast hóp barna sem þau þurfa að eiga í

daglegum samskiptum við. Í upphafi skólagöngu er möguleiki á því að vináttusambönd myndist sem endast til lengri tíma. Þessi sambönd eru börnum mikilvæg og hafa áhrif á andlega líðan þeirra. Aftur á móti hefur „tímalengd“ vináttu, lengd vináttusambands, ekki verið tekin fyrir í þessum athugunum. Það getur verið vegna þess að þegar sú samfella er skoðuð, er ekki hægt að neгла neitt niður. Það má segja að vinátta myndist, haldi stundum áfram að þróast, en stundum ekki. Þessar breytingar í vináttu virðast þó ekki vera handahófskenndar. Samkvæmt Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 70) endast sum vináttusambönd í ár og mörg jafnvel lengur. Sum börn virðast þó upplifa þetta meira en önnur. Poulin og Chan, (2010, bls. 259) telja að þessi einstaklingsmunur í vináttu sé á einhvern hátt tengdur hegðun og félagslegum einkennum barna.

Þegar börn hafa átt í vináttusambandi yfir lengri tíma er líklegt að sambandið sé orðið nokkuð þýðingarmikið og að það veiti börnum tækifæri til að eiga í nánnum samskiptum. Ekki hafa þó verið gerðar margar rannsóknir á því hvernig vinátta breytist eftir lengd hennar (Troutman og Fletcher, 2010, bls. 1061). Eitthvað sem mætti mögulega skoða. Draga má þá ályktun af þessu að vinátta getur breyst eftir lengd hennar en það er þó ekki hægt að fullyrða það á neinn hátt, allt er það einstaklingsbundið. En áhrifin geta þó mögulega breyst og spurningin er hverskonar áhrif getur vinátta haft á börn?

2.3 Áhrif vináttu

Flestar rannsóknir og kenningar um vináttu í bernsku fjalla um jákvæðu áhrif þess að eiga vini og byggir sú vinátta ekki aðeins á því að hafa tækifæri til að leika við jafningja. Það að eiga vini er talið hafa góð félagsleg áhrif og eru nokkrar ástæður fyrir því (Sebanc, 2003, bls. 249). Hér á eftir verður fjallað um áhrif vináttu fyrir félagsþroska barna á aldrinum tveggja til sex ára.

Oberle og félagar, (2010, bls. 1332) benda á að viðkunnanleg börn sem, búa yfir þeim kostum að vera, samvinnuþýð, vinarleg og hjálpsöm, eigi oft auðveldara með að eiga vini, en aftur á móti börn, sem hafnað er af jafningjum, eiga það til að sýna mikinn yfirgang, truflandi og undirgefna hegðun.

Í Sebanc, (2003, bls. 249–250) setti Hartup, (1992) fram fjóra þætti innan vináttunnar sem geta haft áhrif á þroska barna. Þeir eru:

- Vinátta getur veitt börnum, tækifæri til þess að öðlast vissa færni, sjálfsþekkingu og þekkingu á heiminum í heild sinni
- Barnið lærir tilfinningar og vitsmunaleg úrræði sem það getur leitað til við eðlilegar eða erfiðar aðstæður
- Vinátta oft sögð líkjast og vera viss fyrirmynd fyrir framtíðarsambönd.

Þegar niðurstöður nokkurra rannsókna voru teknar saman kemur fram að vináttusamband leikskólabarna getur veitt þeim eftirfarandi hluti. Í fyrsta lagi að leikur milli vina í leikskóla sé í flestum tilfellum áhrifameiri en tilfallandi leikur milli barna sem ekki eru vinir eða þekkjast ekki. Þessu til stuðnings má benda á rannsóknir, Mueller, (1972) og Garvey og Hogan, (1973). Í fyrri rannsókninni var fylgst með börnum í hóp þar sem börnin þekktust ekki. Í seinni rannsókninni var farið eins að, nema þar þekktust börnin úr skólanum. Niðurstaðan var sú að börnin í seinni rannsókninni töluðu og léku sér tvisvar sinnum meira saman en börnin í rannsókninni sem Mueller setti fram. Börnin virtust hreyfanlegri og hamingjusamari þegar þau voru í kringum börn sem þau þekktu (sjá í Doyle, 1982, bls. 230; Sebanc, 2003, bls. 249–250).

Í öðru lagi sýna niðurstöður annarra rannsókna að vinir hjálpi oft börnum að taka stökkið frá leikskóla upp í grunnskóla. Rannsókn sem gerð var af Ladd og Price, (1987) sýndu fram á að þau börn sem byrjuðu í skóla með vinum, eða jafnvel aðeins kunnuglegum andlitum, leið betur í skólanum og minni líkur voru á því að þeim yrði hafnað af bekkjarfélögum sínum bæði í byrjun og enda skólaársins (sjá í Ladd, 1990, bls. 1082).

Að lokum benda langtímarannsóknir til þess að það að eiga í vináttusambandi í bernsku geti leitt til jákvæðrar félagslegrar aðlögunar. Af þessum ástæðum er talið, að það að eiga vini, feli í sér félagslegt forskot (sjá í Sebanc, 2003, bls. 249–250). Draga má þá ályktun út frá þessu að vinátta hefur áhrif á börn og að hún sé mikilvæg og undirstaða framtíðar hamingju, en hefur hún einhver áhrif á velferð barna til framtíðar?

2.3.1 Áhrif vináttu fyrir velferð barna

Samkvæmt Erdley og öðrum fræðimönnum, (2001) geta jafningjasambönd verið mikilvæg uppspretta væntumþykju, nándar, áreiðanleika, bandalags, sjálfsstyrkingar og þeirri tilfinningu að tilheyra einhverjum (*e. feelings of inclusion*). Hún hefur verið tengd bæði við velferð barns í dag og til framtíðar. Þessi áhrif geta verið áhyggjuefni. Þær áhyggjur eiga við um það að vera samþykktur meðal jafningja í samanburði við það að vera hafnað. Einnig hafa þær tengst áhrifum þess á félagslegan- og tilfinningalegan þroska barna til framtíðar. Þetta er áhyggjuefni bæði foreldra, kennara og almennra rannsakenda sem deila áhuga á jákvæðum þroska og forvörn gegn sálrænumsem og námsvandamálum (sjá í Oberle, Schonert-Reichl og Thomson, 2010, bls. 1331). Í umfjöllun um vináttu er mikilvægt að skoða þau áhrif sem hún getur haft á velferð barna til framtíðar.

Samkvæmt Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 66–67) er vinátta í bernsku flestum eðlileg upplifun. Næstum öll börn eiga vini og gengur þróun hennar frá því í bernsku til unglingsáranna í flestum tilfellum snurðulaust fyrir sig. Engle, McElwain og Lasky, (2011, bls. 366) benda, meðal annarra, á að þegar börn eiga í samskiptum við vini sína gefur það þeim tækifæri til að æfa mikilvæga félagslega eiginleika á borð við samstarf, vandamálalausnir, tilfinningavinnslu og að sjá hlutina frá sjónarhorni annarra. Vinátta eflir félagslega færni á borð við sjálfsþekkingu og eflir sömuleiðis sjálfstraust barna, hún ýtir undir þroska í félagsfærni. Þegar börn eiga vini fá þau vissan stuðning bæði tilfinningalega og vitsmunalega sem er æfing fyrir framtíðarsambönd. Samband barna við jafningja á það til að vera samhverfara (*e. symertical*) en við foreldra og systkini og því eru vissir hlutir eins og gagnkvæm samskipti og gagnkvæm tjáning, sem börn læra fyrst, í gegnum vináttusamband. Samkvæmt þeirri hugmynd að þátttaka í vináttusamband sé hagstæð, hefur það sýnt sig að þegar börn eiga fleiri vini innan bekkjarins leiðir það til jákvæðari hegðunar og að börn á skólaaldri séu ekki eins einmana (Malcom, Jensen-Campbell, Rex-Lear og Waldrip, 2006, bls. 722; Schaefer o.fl, 2010, bls. 62 og Engle, McElwain og Lasky, 2011, bls. 366–367).

Oberle og félagar, (2010, bls. 1330–1331) telja að jafningjar séu sömuleiðis mikilvægir þegar kemur að þróun námslegrar getu barna og unglinga. Hún er auk þess talin hafa áhrif á félagslega virkni og andlega vellíðan. Töluðu þeir um að sýnt hafi verið fram á að það að eiga í góðu

sambandi við jafningja á fyrstu árum grunnskóla leiði til aukinnar félagsfærni og viðurkenningar seinna á skólagöngunni. Góð samskipti við jafningja hafa einnig verið tengd við siðferðilega færni barna.

Fyrir utan mikilvægi þess að eiga í heilbrigðu jafningjasambandi, benda Bukowski, Laursen og Hoza, (2010, bls. 749) á mikilvægi þess að eiga í nánnum vináttusamböndum þegar kemur að kvíða hjá börnum. Það að eiga einn náinn vin frekar en engan, getur verið mjög mikilvægt upp á kvíða, feimni og félagsfærni á unglingsárunum, svo dæmi séu tekin (Baker og Hudson, 2013, bls. 31). Draga má þá ályktun frá þessu að vinátta sé mjög mikilvæg fyrir framtíð barna en spurningin er, hvaða áhrif getur það haft að eiga ekki nána vini?

2.3.2 Áhrif vinaleysis

Asher og Renshaw, (1981, bls. 273) telja að vinátta sé mikilvæg börnum og hefur það verið áhyggjuefni að nokkuð mörg börn eigi ekki vini í skóla, rannsóknir síðastliðinna áratuga hafa sýnt fram á að um fimm til tíu prósent af grunnskólabörnum séu talin vinalaus. Eldri rannsókn sem getið er hjá Hymel og Asher, (1977, bls. 14–15) hefur sýnt svipaðar tölur eða að sex til ellefu prósent barna í grunnskóla eigi ekki vini eða séu ekki tilnefnd af jafningjum, aðspurð. Þetta er há tala vegna þess hversu slæmt það er fyrir börn að eiga ekki vini. Þessar rannsóknir eru þó orðnar nokkuð gamlar og hægt að vona að talan hafi staðið í stað en ekki aukist.

Margar ástæður geta verið fyrir því að börn séu án vina, það getur verið vegna:

- Persónuleika
- Útlits
- Kyns eða kynþáttar
- Aðstæðna eins og tækifæra til þess að taka þátt
- Breytileika hóps og möguleika barna

(Asher og Renshaw, 1981, bls. 273).

Asher og Renshaw, (1981, bls. 273) segja að félagsleg færni barna hafi einnig mikil áhrif á stöðu þeirra í jafningjahópum. Margt bendi til þess að börn án vina nái ekki að mynda vináttutengsl vegna skorts á félagslegum hæfileikum. Dunn, (2004, bls. 87–88) bendir á að margar ástæður geti verið fyrir því að börn séu ein á deildinni eða á leikvellingum og að þau séu ekki

alltaf partur af hópnum. Sum börn séu nokkuð sáttt með að vera ein, þeim sé ekki hafnað af jafningjum og séu sjálfum sér nóg og hafi ánægju af þeim einstaklingsverkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Önnur börn hafi aftur á móti mikla löngun til að tilheyra hóp en nái ekki að gera það. Margar ástæður geta verið fyrir þessari útilokun frá hópnum, þær geta t.d verið að:

- Sum börn eru ekki talin vinsæl innan deildarinnar eru oft hunsuð og útilokuð vegna þess að fólk kann ekki vel við þau
- Sum börn eru einfaldlega feimin og eru þess vegna hunsuð
- Sum börn eru vel liðin en eru þó algjörlega skilin útundan í leik eða umræðum
- Sum börn eru árásargjörn eða ákveðin og ágeng, þau reyna að stjórna og stýra hópnum
- Sum börn eru ekki ákveðin, þau eru undirgefin, vandræðaleg, óhamingjusöm eða til baka

(Dunn, 2004, bls. 87–88).

Dunn telur að horfurnar á því að þetta lagist hjá viðkomandi börnum séu mismunandi, bæði þegar kemur að líkindum til þess að þau myndi nána vináttu í framtíðinni og þegar kemur að aðlögunarhæfni þeirra.

Rannsakendur á borð við Bowker, Bukowski, Zargarpour og Hoza, (1996), Rubin og Mills, (1988) og; Younger og Daniels,(1992) hafa komið auga á tvennskonar einangrun barna sem í raun spegla ofangreind atriði:

- Annarsvegar er það einangrun vegna þess að barnið er feimið, vill vera eitt eða vill ekki vera í kringum neikvæð samskipti
- Hinsvegar einkennist það af því að barnið fær ekki að vera með vegna þess að það er óþroskað, er árásargjarnt eða býr yfir litlum félagslegum hæfileikum

(sjá í Bukowski, Laursen og Hoza, 2010, bls. 749).

Fjallað hefur verið um það að börn sem séu án vina og séu þar af leiðandi félagslega einangruð frá sínum jafningjum, eða börn sem eiga í vinasambandi sem ekki sé talið gott, eigi erfitt með að aðlagast nýjum aðstæðum. Komið hefur í ljós að léleg samskipti við jafningja geti leitt til neikvæðra þátta eins og lítillar félagsfærni, eiturlyfjaneyslu, brottfalls úr skóla, afbrota af einhverju tagi og geðrænna vandamála. Getur þetta einnig leitt til streitu og er ljóst að þessi börn þurfa á stuðningi að halda. Börn sem eiga ekki vini skortir mikið af þeim gæðum sem fylgja samskiptum við jafningja. Í raun ætti að líta á jafningjasamband sem nauðsynlegan þátt í þroska barns. Þó eru til börn sem

fara í gegnum sína skólagöngu vinalaus eða vinafá, án þessara áhrifa (Oden og Asher, 1977, bls. 495; Bullock, 1992, bls. 92; Malcom o.fl., 2006, bls. 722; Schaefer, o.fl., 2010, bls. 62; Oberle o.fl., 2010, bls. 1331; Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 193–194 og Engle o.fl, 2011, bls. 366–367).

Samkvæmt Dunn, (2004, bls. 94–95) héldu læknar því fram, þar til nýlega, að börn yrðu ekki einmana vegna þess að ekki var talið að ung börn mynduðu góð vinasambönd. Í dag er sagan önnur. Það hefur komið skýrt fram hjá börnum, allt niður í fimm til sex ára, þegar þau eru spurð, að þau verði stundum einmana og lýsa þau því í samræmi við lýsingar fullorðinna. Börn segja að þau séu sorgmædd þegar þau eru ein og enginn vill vera með þeim, og þeim finnst oft að engum líki við sig. Einmanaleiki getur komið fram þegar upp koma vandræði í vináttusambandi þeirra og hjá börnum sem hafnað er af jafningjum. Fjöldi vina virðist ekki skipta máli, frekar skiptir það máli hver gæði vináttunnar eru. Draga má þá ályktun að börn bregðist á mismunandi hátt við vinaleysi en þó hefur það ávallt einhver áhrif í för með sér. En getur það farið eftir því hvernig vinátta er?

2.4 Mismunandi gerðir vináttu

Vináttu er mismunandi líkt og einstaklingarnir. Einn vinur getur verið sá sem maður leitar til á vondum degi, annar getur verið vinur sem maður hringir í þegar maður vill skemmta sér. Vinátta getur verið hverful, en hún getur einnig verið stöðug og dæmi um stöðuga vináttu eru vinir sem maður getur leitað til, til margra ára (Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 192–193). Í þessum kafla verður fjallað um tegundir vináttusambanda og gæði þeirra.

2.4.1 Gæði vináttusambands

Samkvæmt Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 192–193) eru gæði vináttu ákveðin miðað við þá jákvæðu og neikvæðu þætti sem hún einkennist af og geta þess vegna verið mjög mismunandi. Hartup hefur sýnt fram á að það er ekki aðeins vinátta sem leiðir til betri þroska. Jafnmiklu máli skipir hversu góð sú vinátta er. Gæði vináttu geta verið mjög mismunandi. Hún getur annarsvegar verið mjög jákvæð einkennist af nánd og stuðning og hinsvegar neikvæð og einkennst af átökum (Hartup, 1996, bls. 2; Berndt, 2001, bls.

346–347; Sebanc, 2003, bls. 249–250 og Schaefer o.fl., 2010, bls. 62). Allt fer það eftir því hver og hvernig samskipti vina eru.

Berndt, (2001, bls. 346–347) telur að vinátta geti verið breytileg, sami einstaklingurinn getur verið náinn trúnaðarvinur og góður félagi í ýmsum verkefnum og sömuleiðis andstæðingur þegar kemur að einhverskonar átökum. Þessi dæmi gefa til kynna að vinátta geti einkennst af jákvæðum og neikvæðum hlutum í senn.

Sebanc, (2003, bls. 249–250) telur að vegna þess þroskahlutverks sem vinátta hefur, geti hún einnig haft neikvæð áhrif á þroska barna. Neikvæð vinátta getur kennt skaðlega hegðun og veitt ónothæfar og mögulega skemmandi upplýsingar. Hún getur verið hræðilega fyrirmynd fyrir síðari sambönd. Hjá Amichai-Hamburger og félögum, (2013, bls. 34) má greina að vinir veita ómetanlegan stuðning, jafnvel og að mestu meira en kunningjar, við erfiðar aðstæður.

Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 193–194) settu fram nokkrar ástæður fyrir því að gæði vináttu hafi áhrif á velferð barna og færni þeirra til að laga sig að umhverfinu. Vináttusamband sem talið er gott er líklegra til að vera stöðugt og endast lengur en lélegt samband. Gott samband er líklegra til að leiða til þess að barn nái að laga sig betur að samfélaginu en ef barnið er í lélegu sambandi. Það er líklegra til að byggja undir tilfinningaleg og vitsmunaleg úrræði en lélegt samband, og hjálpa börnum að aðlagast streitu og veita börnum visst öryggi og vörn.

Sú ályktun sem draga má frá þessu er að gæði vináttu skiptir alveg jafn miklu eða meira máli en það að eiga vin. En spurningin er, hvernig er hægt er að greina vináttu?

2.4.2 Snið vináttusambands

Snið vináttu geta verið á ýmsa vegu og er þá átt við snið sem gera grein fyrir því hvort vinátta sé til staðar eða ekki, hér verður greint frá sniðum sem nota má til að flokka börn niður í eftir því hvort þau eiga vini eða ekki. Wojslawowicz-Bowker og félagar, (2006, bls. 675) tala um að sniðin hér að neðan hjálpi okkur að skilja þann margbreytileika sem fram kemur í tímabundinni vináttu og við að rannsaka mun milli einstaklinga. Þeir bentu auk þess á aðgreiningu milli tveggja þátta sem eiga sér stað þegar vinátta barna breytist:

- Fyrsti þátturinn felur í sér viðveru/fjarveru (*e. presence/absence*) vináttu. Þar er átt við að börn geta átt vin, einn eða fleiri, á einum tímapunkti, en að stuttum tíma liðnum er hann ekki til staðar
- Seinni þáttur breytinga tengist þeirri persónu sem er vinur hverju sinni (*e. identity*). Sum börn sýna stöðugleika í vináttu sinni á þann hátt að þau geta átt vin, einn eða fleiri, á einum tíma punkti, en breyting getur orðið á þeim einstakling sem við á, glataðri vináttu er þá skipt út fyrir nýja

(Wojslawowicz-Bowker o.fl., 2006, bls. 672–673).

Kenningin (*e. typology*) um snið stöðugleika vináttusambanda tekur þessa tvo þætti inn í myndina. Fimm snið af stöðugleika voru sett fram:

- Fyrsta sniðið er stöðugt, þar sem börn viðhalda vináttu sambandi við jafningja sína
- Annað sniðið er breytilegt, sem inniheldur börn sem glata vinum en skipta þeim út með nýjum
- Þriðja sniðið kallast glatað, þar sem börn glata vináttu án þess að eignast nýja vini
- Fjórða sniðið kallast að öðlast og einkennist af því að barn á ekki vini í fyrstu en eignast svo vini síðar
- Fimmta sniðið er vinalaust og á við um börn sem eiga enga vini

(Wojslawowicz-Bowker o.fl., 2006, bls. 675).

Samkvæmt rannsóknum sem tengdar eru þessu efni hefur komið fram að börn sem falla undir mismunandi snið, hafa mismikla félagslega virkni. Rannsókn Parker og Seal, (1996, bls. 2248) sýndi fram á að börn sem voru innan vinalausa sniðsins voru oftast kvíðin og áttu það frekar á hættu að vera hafnað af jafningjum en þau sem flokkast undir hin sniðin. Þau börn sem eiga vini, en flokkast undir sniðið sem kallast glatað, er einnig hættara til að verða

kvíðin. Í annarri rannsókn Wojslawowicz og féлага, (2006) kom það í ljós að börn sem féllu undir glötuðu og vinalausu sniðin urðu oftar fyrir einhverskonar ofbeldi og væru ekki eins sterk félagslega og börn sem flokkuðust undir stöðuga, breytilega og öðlast sniðin (sjá í Proulx og Poulin, 2013, bls. 112). Í ljósi þess er mjög mikilvægt fyrir leikskólakennara að bera kennsl á börn sem falla undir vinalausa sniðið og hjálpa þeim að mynda vináttu og eignast vini.

Gottman (1983) taldi að hægt væri að skipta vináttu leikskólabarna niður í sex þrep sem birtast að mestu leyti í gegnum leik. Þessi þrep gætu leitt til þess að tveir einstaklingar yrðu vinir. Ferlið skiptist í eftirfarandi skref:

1. Að skilja hvert annað þegar samskipti eiga sér stað og vera opinn fyrir leiðréttingum ef þess er þörf
2. Viljinn til að spyrja og svara spurningum
3. Þátttaka í sameiginlegum verkefnum með umræðu um það sem þau eiga sameiginlegt og ekki sameiginlegt í leik
4. Að deila tilfinningum með hvor öðrum
5. Útfærsla og framlenging á leik hvors annars (*e. extension and elaboration of each other's play*)
6. Hæfileikinn til að leysa úr ágreiningi

(sjá í Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 70–71).

Gottman taldi að þessir þættir væru ekki aðeins mikilvægir til að koma vináttusambandi af stað heldur einnig til að halda vináttu við, til lengri tíma (sjá í Bagwell og Schmidt, 2011, bls. 70–71).

Ljóst má vera að rannsóknir sem þessar geta verið leikskólakennaranum mjög nytsamlegar og verið verkfæri í starfi. Vinátta er börnum mikilvæg eins og fræðin hér að ofan gefa til kynna, hún er mismunandi af gæðum, gerð og eftir aldri. En er hún breytileg eftir kyni barna?

2.5 Kynjuð vinátta

Þegar litið er á rannsóknir sem tengdar eru vináttu kynjanna er mjög áhugavert að sjá hversu oft börn halda sig við vini af sama kyni. Þessi skipting virðist vera sýnileg alveg niður í leikskóla eða um þriggja ára aldurinn og fer oft vaxandi með árunum (Rose og Asher, 2000, bls. 54). Börn velja sér vini á mismunandi vegu og í þessum kafla verður fjallað um hvernig sambönd geta verið mismunandi eftir kyni, hvort það sé algengara að þau velji sér vini af sama kyni eða ekki. Auk þess verður fjallað stuttlega um hvernig kynjuð vinátta og kynjuð hegðun getur komið fram hjá leikskólabörnum.

Rose og Smith, (2009, bls. 382) hafa gert rannsókn á meðal barna frá tveggja til sex ára aldri, samkvæmt henni er líklegra að börn eigi í samskiptum við jafningja af sama kyni líkt og kom fram í rannsókn Maccoby og Jacklin, (1987). Í langtímarannsókn sinni sýndu þær fram á að börn á leikskólaaldri voru þrisvar sinnum meira með börnum af sama kyni. Þessi tala fór upp í 11 sinnum meira þegar þau voru orðin sex og hálfis árs. Valið var úr hóp, um það bil 100 barna í leikskóla og síðan tveim árum seinna í grunnskóla (Maccoby, 1990, bls. 514; Dunn, 2004, bls. 100).

Dunn, (2004, bls. 100) talar um að aðskilnaður kynja á leikvællum virðist aukast sífellt eftir því sem börnin eldast. Á milli 12 og 24 mánaða aldurs virðast börn ekki vera með kynjaskiptingu í leik sínum en um þriggja ára aldurinn fer það að breytast. Lee og Troop-Gordon, (2011, bls. 91) telja að þriggja ára börn séu líklegri til að leika sér við sama kyn en barn af gagnstæðu kyni og eftir því sem þau eldast eru þau kynjaskiptari í félagslegum samskiptum. Leikhegðun og samskiptastíll barna þroskast vegna félagslegra áhrifa og fram hefur komið að þessi áhrif séu nokkuð mismunandi milli karla og kvenna. Álykta má að skipting milli kynja komi fram mjög snemma á lífsleiðinni. Má tengja það við mismunandi leiki og vináttu kynjanna en næst verður fjallað um þann mun.

2.5.1 Vinátta og hegðun kynjanna - munur

Líkt og fram hefur komið eru jafningjasambönd ekki alltaf eins, það á einnig við þegar litið er til kynjanna. Oft er mikill munur á samböndum stelpna og stráka bæði hvað varðar uppbyggingu þeirra og innihald (Maccoby, 1990,

bls. 516). Fræðimenn á borð við Kraft og Vraa, (1977, bls. 377) hafa bent á að stelpur, frekar en strákar, hafi frekari þörf fyrir það að stofna til góðra sambanda. Það hefur sömuleiðis komið fram hjá Oberle og félögum, (2010, bls. 1332) að stelpur sýna ekki oft reiði eða vonbrigði í samskiptum sínum, en það sé aftur á móti algengara hjá strákum. Stelpur sýna frekar tilfinningar á borð við sorg eða sársauka og séu líklegri til að sýna samúð en strákar. Ekki eru allir sammála um þennan kynjamun þar sem sumar rannsóknir hafa ekki séð þennan mun á kynjunum.

Fram kemur í Rose og Asher, (2000, bls. 54–55) að muninn megi einnig rekja til þeirra verkefna sem kynin taka sér fyrir hendur. Strákar séu frekar í hreyfileikjum og leika sér meira með leikföng eins og byssur og sverð, þeir leika einnig oft hlutverk á borð við löggur og ofurhetjur. Stelpur virðast aftur á móti tala meira saman í leikjum og eru í leikjum sem innihalda í mörgum tilfellum samtöl. Stelpusambönd einkennast einnig meira af umhyggju, nánnum samskiptum, hjálp, leiðsögn og vandamálalausnum, í samanburði við stráka, þær leika sér sömuleiðis frekar með dúkkur og eru í þess konar hlutverkaleikjum (Dunn, 2004, bls. 100).

Lee og Troop-Gordon, (2011, bls. 91–92) hafa fjallað um að kynhlutverk séu margþætt og taki til persónueinkenna og tilfinningalegrar virkni, félagslegs tengslamynsturs, líkamlegra eiginleika og kurteisi hvers og eins svo eitthvað sé nefnt. Þegar talað er um óhefðbundið kyn, er átt við það þegar barn byrjar að hegða sér á svipaðan hátt og hitt kynið myndi „venjulega“ hegða sér. Börn eiga það til að hegða sér óhefðbundið miðað við kyn sitt en í mjög litlum hlutföllum. Þessi börn fá oft neikvæð viðbrögð frá jafningjum sínum og minna af jákvæðri styrkingu frá jafnöldrum en þau börn sem hegða sér „eðlilega“ miðað við kyn. Einnig má koma inn á það að jafningjar vingast síður við börn sem hegða sér óhefðbundið miðað við kyn. Nokkrar líkur eru á því að börn sem hegða sér óhefðbundið miðað við kyn eigi það á hættu að lenda í einelti.

Davies, (2003) lagði aðaláherslu á það í rannsókn sinni að skilja ástæðuna fyrir því hvers vegna ung börn virðast tileinka sér kynhlutverk á ungaaldri þrátt fyrir það að foreldrar haldi því fram að þeir væru að vinna gegn kynhlutverkum í uppeldi barnanna. Hún rannasakaði viðbrögð ástralskra barna þegar kom að því að lesa femínistasögur sem innihéldu óhefðbundin kynhlutverk. Þar kom fram að barnabækurnar væru fullar af siðaboðskap og vestrænni tvíhyggju og kom það fram í samtölum hennar við börnin að þau

teldu ævintýrin vera röng og að persónurnar í sögunum pössuðu ekki við þær staðalímyndir sem til væru um kynin. Davies komst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að börn væru meðvituð um það sem ætlast var til af þeim og að ótti flestra þeirra væri fólgin í þeirri hættu að þau hagi sér ekki á réttan hátt, noti ekki rétt málfar eða séu ekki með réttan persónuleika fyrir kyn sitt (sjá í Þórdís Þórðardóttir, 2012, bls. 51). Draga má þá ályktun að vinátta kynjanna er eins misjöfn og önnur vinátta en er eitthvað sem getur haft áhrif á vináttu sambönd barna? Næst verður fjallað um þá utanað komandi þætti sem geta haft áhrif á vináttu.

3. Áhrif umhverfis, leikskóla og leikskólakennara á vináttu

Leik- og grunnskólar eru félagslegar stofnanir og því má ætla að erfitt sé fyrir börn sem eiga ekki vini að vita hvernig þeir eiga að haga sér innan þeirra. Vinaleysi getur leitt m.a. til þess að börn neita að mæta í skólann sem getur haft þær afleiðingar að áhugi þeirra á náminu verði ekki sem skildi (Dowling, 2005, bls. 26). Hér verður fjallað um hvernig skólinn og innra umhverfi getur haft áhrif á vináttu barna og hvernig leikskólakennarar geta beitt sér þegar kemur að vináttu og samskiptum.

3.1 Áhrif skóla á vináttu leikskólabarna

Samkvæmt 2 gr. í lögum um leikskóla frá 2008 skal hagur barna ávallt hafður að leiðarljósi þegar kemur að veru þeirra í leikskóla og í öllu starfi innan hans. Leikskólanum ber að veita börnum menntun, umönnun, og hvetjandi og hollt umhverfi innan skólans sem ýtir jafnframt undir leik þeirra. Hann skal stuðla að því að börn geti stundað nám sitt í gegnum leik og skapandi starf. Móta þarf starfshætti skólans á þann hátt að hann stuðli að umburðarlyndi, jafnrétti, kærleika, umhyggju, sáttfýsi, lýðræðislegu samfélagi og almennri virðingu fyrir einstaklingum. Leikskólinn á að efla alhliðaðprosa barna í samstarfi við foreldra, veita börnum andlegan stuðning og hlúa að börnum á allan hátt til að þau njóti æsku sinnar til fulls. Skólinn á að efla sjálfsvitund barna og stuðla að víðsýni og færni þeirra til mannlegra samskipta svo dæmi sé nefnd.

Dewey og Vygotsky höfðu mikinn áhuga á samfélaginu. Þeir töldu báðir að menntun væri félagslegt ferli, frekar en einstaklingsmiðað. Dewey, (1958, bls. 65) setti fram þá hugmynd að nemendur ættu að vinna sem hópur. Hann hélt því fram að gæði námsins færu eftir því hverjir væru innan hópsins sem ynnu verkið. Kennarar og skólar hefðu það hlutverk að stuðla að því að þróa samfélag, með því að hanna samfélagsverkefni sem allir geta tekið þátt í (sjá í Osterman, 2000, bls. 324). Brown, (2012, bls. 20–21) telur í tengslum við

Þetta að skólar séu félagsmótunarstaðir þar sem börn læra hvernig þau eiga að haga sér á viðeigandi hátt þegar kemur að minni svæðum, eins og kennslustofum, opnum svæðum innan skólans og úti á leikvelli svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt 12 gr. í lögum um leikskóla frá 2008 skal leikskólahúsnæði taka mið af þörfum barna og því starfi sem fer fram í leikskólanum. Námsumhverfið þarf að vera öruggt og rúmgott og aðbúnaður þarf að tryggja öryggi barna og starfsfólks sem og vellíðan þeirra. Góð vinnuaðstaða þarf að vera fyrir kennara og börn og taka þarf tillit til þess aldurs sem er innan leikskólans er, sem og stærðar hópa sem er innan hvers svæðis. Draga má þá ályktun að leikskólinn og skipulag hans geti haft áhrif á vináttu barna upp að vissu marki en hvaða áhrif hefur umhverfið?

3.2 Áhrif umhverfis

Vináttu barna getur verið mismunandi eins og áður hefur komið fram, umhverfið getur haft áhrif á vináttu á margan hátt.

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* þarf innra umhverfi leikskólans að henta vel til náms. Umhverfið þarf að vera hentugt fyrir börn á leikskólaaldri og starfsfólkið innan hans. Einnig þarf það að geta tekið breytingum eftir þörfum barna og starfsfólks sem innan leikskólans eru hverju sinni. Börn og foreldrar innan leikskólans eiga sömuleiðis að hafa möguleika á því að hafa áhrif á skipulagið, ef vilji er til þess að þeirra hálfu. Fram kemur í aðalnámskrá að umhverfi leikskólans þarf að vera skipulagt á þann hátt að það ýti undir samskipti milli starfsfólksins og barna innan hans og má þar nefna skipulag sem getur leitt til mismunandi samskipta á borð við rólegan leik, hópleiki og hreyfileiki. Einnig þarf umhverfið það stuðla að sköpunarþörf barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 39).

Hægt er að tala um innra umhverfi skólans sem andrúmsloft deildar. Samkvæmt Dishion, Sparcklen, Andrews og Patterson, (1996, bls. 386) má skilgreina félags- og tilfinningalegt andrúmsloftdeildar út frá þeirri ágengni, þeim yfirgangi og þeirri vandræðahegðun sem einkennir hverja deild fyrir sig. Hugtakið félags- og tilfinningalegt andrúmsloftdeildar er svo til nýtt af nálinni og mikið til takmarkað við rannsóknir á hegðunarvandamálum, og þá sérstaklega ágengni eða einhverskonar yfirgangi barna. Oft litast

andrúmsloftdeildar af hegðun eins, eða tveggja einstaklinga innan deildarinnar. Howes, (2000, bls. 192) telur að þegar kennarar tali um að andrúmsloft deildar sé erfitt og krefjandi sé líklegt að samskipti barna og kennara séu einnig neikvæð. Annar mikilvægur þáttur í félags- og tilfinningalegu andrúmslofti deilda á við um jafningjasamskipti. Athuganir tengdar deildum benda til þess að mismunandi andrúmsloft geti leitt til mismunandi jafningjasamskipta. Umhverfi innan leikskólans getur því haft áhrif á samskipti og vináttu barna samkvæmt minni ályktun en hver eru helstu áhrif leikskólakennara? Hafa þeir einhver áhrif?

3.3 Áhrif leikskólakennara

Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að kennarar gegni stórum hlutverkum í skólastarfinu, þau hlutverk eru meðal annars, kennsla, stjórnun, þróunarstörf, ráðgjöf og rannsóknir og því má telja næstum alla starfsmenn leikskóla og grunnskóla til kennarastéttarinnar. Fagmennska hvers kennara fyrir sig byggist á þekkingu, viðhorfum, starfsmenntun og siðferði. Góð samskipti og góð kennsla stuðla að auknu námi og færni barna. Kennarinn þarf þó ekki aðeins að miðla þekkingu til nemenda sinna, hann þarf einnig að gefa þeim tækifæri á því að afla sér þekkingar í gegnum leik, efla hugsun þeirra og starfsgleði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 11).

Howes, (2000, bls. 192) bendir á kannanir og rannsóknir sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina, samkvæmt þeim, er margt sem bendir til þess að kennarar gegni mikilvægu hlutverk í félagslegum þroska barna. Samband kennara og barna býr yfir keimlíkum þáttum og hlutverkum og samband foreldra og barna. Gott samband milli þeirra er byggt á trausti og stuðningi af hálfu barnsins og veitir því öryggi til að rannsaka félagslegt umhverfi sitt. Einnig að það öðlist þá tilfinningu að það geti treyst á kennarann þegar það gengur í gengnum erfiða tíma. Berry og O'Connor, (2010, bls. 3) segja að þessi sambandsstuðningur geti veitt börnum stuðning þegar kemur að því að vinna úr tilfinningum og hugsunum sínum. Það getur leitt til þess að líklegra sé að barnið stofnaði til frekari samskipta við kennarann og jafningja. Jafnframt eru jákvæð samskipti við kennarann líklegri til að stuðla að jákvæðum félagslegum samskiptum.

Í rannsókn sem gerð var af Howes, Matheson og Hamilton, (1994, bls. 268) var sýnt fram á að börn undir tveggja ára aldri sem áttu í traustu

sambandi við sína umönnunaraðila, ættu í mörgum tilfellum í betri samskiptum við jafningja um fjögurra ára aldurinn. Þau börn virtust öruggari, sýndu ekki eins mikinn yfirgang, ættu í betri samskiptum og léku sér í flóknari leikjum.

Samkvæmt Ásdísi Hrefnu Haraldsdóttur og Sigrúnu Aðalbjarnardóttir, (2008, bls. 33) þá virðist það hafa nokkur áhrif ef kennarar sýna hlýju í samskiptum og fram kemur að opin samskipti leiði til minni árekstra. Þetta getur tengst því hvernig börn aðlagast skólanum þegar þau hefja grunnskólagöngu sína. Ef bragur og menningin innan skólans einkennist af gagnkvæmri virðingu, umhyggju og sanngirni getur það leitt til þess að börnum líði betur í skólanum. Það getur lagt grunn fyrir frekara námi.

Leikskólakennarar eigi að leitast við að hafa áhrif á vináttu barna, hvort sem það er með verkefnum eða hvatningu, spurningin er ekki hvort heldur hversu mikil. Í þessum kafla verður fjallað um nokkur ráð sem geta hentað bæði í leik og grunnskóla. Í bókinni Aukin gæði náms kemur fram að ef kennurum tekst að búa til gott andrúmsloft í kennslustofunni getur það komið í veg fyrir skróp, eiturlyfjaneyslu, afbrot eða aðra slæma hegðun sem einstaklinginn getur tileinkað sér. Ef vettvangur innan kennslustofunnar er þannig gerður að börn geta unnið úr tilfinningum sínum, geta þau unnið úr ágreining og fundið þannig almenna ánægju í lífinu. Ef andrúmslofið er slæmt og lítað af ótta, áföllum annað hvort tengdum líkama eða sál getur það einnig leitt af sér hræðslu um það að mistakast í náminu (Rúnar Sigþórsson, 1999, bls. 132).

Bergen, (1993, bls. 234) telur flesta kennara sammála um það að þeir beri ábyrgð á því að kenna börum mannleg samskipti, sem einkennist af því að deila hlutum, vera kurteis, sýna hjálpssemi og beita ekki ofbeldi. Samkvæmt Bergen eru kennarar þó ekki allir sammála um það að þeir eigi að hjálpa börnum að byggja upp djúpt vináttusamband. Hann telur að í raun geti djúp vinátta oft verið kennurum til boga í grunnskóla kennslustofunni og reyni sumir kennarar að draga úr of miklum samskiptum milli „bestu vina“. Þrátt fyrir að þeir séu í raun með miklar áhyggjur af börnum sem eiga ekki vini. Samkvæmt Bergen er ekki algengt að kennarar skipuleggi verkefni sem gerð eru til að hvetja til dýpri vináttutengsla. Rannsóknir Bergen er nokkuð komnar til ára sinna og má vona að skólar líti öðruvísi á vináttu nú en þá.

Álykta má að kennarar spili stórt hlutverk þegar kemur að vináttu barna og gegna samskipti kennara við börn þar stóru hlutverki, en hvaða aðferðir geta leikskólakennarar notað til að ýta undir vináttu barna?

3.3.1 Aðferðir kennara

Þær aðferðir sem kennarar geta notað sér þegar kemur að vináttu eru margbreytilegar og má þar nefna ráð sem Bergen, (1993, bls. 235) setti fram fyrir kennara, sem eiga að hvetja til vináttu í kennslustofunni, vegna þess hve hann telur að vinátta sé margslungið fyrirbæri. Ráðin eru eftirfarandi:

- Að kennarinn geri andrúmsloft kennslustofunnar þannig að það ýti undir samskipti við jafningja og þróa almenna félagsfærni. Það getur hagnast öllum börnum
- Að nota börn sem hæf eru félagslega sem fyrirmyndir fyrir hin börnin, þar sem saman börn sem annarsvegjar eru góð félagslega og þau sem vantar eitthvað uppá hinsvegjar
- Að nota félagsfærniæfingar utan og innan kennslustofunnar, getur bætt sjálfstraust allra barna, fylgjast þarf vel með börnum sem eiga við samskiptaörðuleika að stríða
- Að ræða merkingu vináttu við börnin svo þau skilji vináttu á réttan hátt. Segja að hægt sé að eiga marga vini og af báðum kynjum svo dæmi séu nefnd.

Jafnvel þó kennarar velji að notast ekki við vissar aðferðir til að ýta undir djúpa vináttu barna, er sú hugsun, að vera opin fyrir mikilvægi vináttu í kennslustofunni, mjög góð fyrir andrúmsloftið í stofunni. Það eitt getur gert umhverfið vinarlegra fyrir börn (Bergen, 1993, bls. 235).

Schaffner og Buswell (1992) hafa sett fram þrjár nálganir (*e. strategies*) fyrir kennara til að ýta undir vináttu barna. Kennarar þurfa að:

- Í fyrsta lagi að finna tækifæri til að koma börnunum saman
- Í öðru lagi að veita skilning (*e. providing interpretations*) - veita þeim styrk sem og að hvert barn hafi viðurkenningu meðal jafningja þeirra
- Í þriðja lagi að útbúa aðstöðu innan leikskólans - Getur haft mikil áhrif að gera breytingar á þeirri aðstöðu sem leikskólinn hefur og umhverfinu í kring til að auka þátttöku og samskipti barna
(sjá í Turbull, Pereira og Blue-Banning, 2000, bls. 66).

Heiman, (2000, bls. 267) telur að þegar kennarar skoða félagslega færni og vináttu barna byggi sú athugun á sérfræði þekkingu sem þeir hafa aflað sér og þeirri þekkingu sem þeir hafa á börnunum. En hvað með hlutverk kennara þegar kemur að leik barna, hversu stórt hlutverk á leikskólakennarinn að spila þegar kemur að honum?

3.3.2 Áhrif kennara á leik og félagsleg samskipti

Í gegnum leik styrkja börn tungumál sitt, félagslega færni og skilning þeirra á heiminum. Góður kennari einkennist meðal annars af því að gera leikinn mögulegan fyrir börn og hjálpa þeim að auka gæði leiks þeirra (Jones og Reynolds, 1995, bls. 37). Í þessum kaflabút verður fjallað um það hlutverk sem kennarar hafa þegar kemur að leik barna á leikskólaaldri.

Samkvæmt Jóhönnu Einarsdóttur, (1999, bls. 35) er talið að hlutverk leikskólakennara í leik barna hafi áður fyrr einkennst af því að þeir ættu aðeins að hafa áhrif á leikinn með því að undirbúa umhverfi hans, útvega leikmuni og gefa börnum nægan tíma og nægt pláss fyrir leikinn hverju sinni. Síðustu áratugi hefur þessi hugsun þó breyst að hennar mati og nú er talið að hlutverk kennarans sé að vera virkari í leik barna, grípa inn í og taka þátt þegar tækifæri gefst. Jóhanna talar einnig um mismunandi skoðanir á þessu þar sem álit margra fræðimanna sé að leikurinn eigi að vera eins og barnið vilji hafa hann, og að fullorðnir eigi ekki að hafa áhrif. Aðrir vilja þó að fullorðnir taki fullan þátt í leiknum. Enn aðrir vilja að farið sé hinn gullna meðalveg.

Samkvæmt Jones og Reynolds, (1995, bls. 39) eru þeir kennarar sem eru bundnir föstum reglum líklegri til að trufla leik barna frekar en að styðja við hann. Kennarar, sem vilja vera góðir í því að styðja við leikinn, þurfa að finna leikinn innra með sjálfum sér og vera opnir fyrir nýjum möguleikum og koma sjálfir með hugmyndir sem nýst geta í leik þeirra.

Að mati Buysse, Goldman og Skinner, (2003, bls. 483) á þátttaka kennara að koma fram að mestu leyti í uppbyggilegum- og skipulögðum leikjum (*e. manipulative play*) og á þeirra hlutverk að vera að koma börnum inn í leikinn og hafa umsjón með honum. Álykta má því að gott sé ef kennarar taka þátt í leik upp að vissu marki en leifa börnum þó að stjórna leiknum.

Buysse og félagar, (2003, bls. 487) hafa tekið saman niðurstöður úr nokkrum rannsóknum sem gerðar hafa verið um þátttöku leikskólakennara og

bendir samantekt þeirra til þess að kennarar styðji börn í námi og þroska á margan hátt. Þar má nefna hvatningu í leik, viðbrögðum við fyrirspurnum barna og með því að fylgjast með hegðun þeirra í kennslustofunni. Fram kemur að minna sé vitað um þær aðferðir sem hver og einn kennari notar til að styðja við félagsfærni og samskipti við jafningja. Flestar vísbendingar benda til þess að kennarar noti frekar hluti til að bæta gæði leiks hjá börnum en að ýta þeim út í leik við jafningja með þátttöku.

Fram kom úr rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur, (1999, bls. 48) að þátttaka starfsfólks í leik barna sé frekar lítil og að börn séu oft í leikjum án afskipta eða leiðbeininga frá starfsfólki. Hrönn Pálmadóttir bendir einnig á í niðurstöðum sínum frá 2004 (bls. 115) að oft sé litið á samskipti sem einangraðan þátt í íslenskum leikskólum en ekki sem hluti af því námi sem fer fram í hópastarfi og leik. Af þessum niðurstöðum má mögulega lesa að gullaldaruppeldissýn sem Dalbergs o.fl., (1999, bls. 45–46) hafa nefnt sem svo, sé ríkjandi í íslenskum leikskólum en hún einkennist af því að forsendur fyrir frjálsum leik séu rómantík og sakleysi í stað þeirra möguleika sem leikur getur veitt börnum ef leikskólakennarar veita faglega íhlutun til að bæta hann. Samkvæmt „Gullaldarsýninni“ eru börn saklaus og er bernskan talin vera hið gullna tímabil (Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2007, bls. 121–122).

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að hægt sé að nota leik til að vinna tilraunir og vinna með þær hugmyndir sem spretta upp. Börn geta þannig öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik mynda börn hópa og búa til sína eigin menningu og efla þannig lýðræðislega hugsun sína. Leikskólakennarar eiga að kynna fyrir börnum nýjar hugmyndir og möguleika sem geta nýst í leik barna. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir áhuga þeirra og spyrja opinna spurninga til að sýna börnum að almennur áhugi sé á efninu. Samkvæmt aðalnámskrá geta leikskólakennarar stutt nám í gegnum leik barna á marga vegu. Þeir geta skapað fjölbreytt leikumhverfi, gefið börnum góðan tíma í leik sinn, veitt þeim gott rými, stutt við þær hugmyndir sem barnið kemur með, átt í samskiptum við þau og veita tækifæri á leik bæði úti og inni. Af ofangreindu er sú ályktun dregin að skoðun á þátttöku leikskólakennara í leik barna sé mismunandi og í rannsókninni hér að neðan er meðal annars spurt um það (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 37–38).

4. Rannsóknin

Ritgerð þessi er rannsóknarritgerð og rannsóknin fellur undir undir staðal eigindlegra rannsókna. Í rannsókninni er leitast við að skoða hugarfar íslenskra leikskólakennara og fá annað sjónarhorn á vináttu barna en fékkst úr fræðigreinum og bókum. Þær rannsóknarspurningar sem leitast var við að fá svar við voru í fyrsta lagi, *Hvaða áhrif hefur það að eiga vin á aldrinum tveggja til sex ára að mati leikskólakennara?* Í öðru lagi *Hvaða áhrif getur vinaleysi haft á börn á aldrinum tveggja til sex ára að mati leikskólakennara?* Og í þriðja lagi, *Á hvaða hátt telja leikskólakennarar að þeir eigi að hafa áhrif á vináttu barna?*

Í Creswell, (2012, bls. 16) segir að þegar rannsóknarritgerð er skrifuð, sé best að nota eigindlegar rannsóknir, þar sem ekki er vitað um allar þær breytur sem rannsaka þarf. Ef fræðigreinar veita manni ekki nægilega gott sjónarhorn á efnið sem verið er að rannsaka. Hann telur að eigindlegar rannsóknir veiti okkur tækifæri til þess að fá frekari upplýsingar frá fólkinu í kringum okkur.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeirri rannsóknaraðferð sem notuð var í þessari rannsókn, fjallað um gagnasöfnun og greiningu þeirra gagna, komið inn á kosti hennar og galla, þá tegund spurninga sem notaðar voru og siðferðisleg álitamál sem tengjast rannsóknnum verða til umfjöllunar.

4.1 Rannsóknaraðferð

Í rannsóknarsamhengi má flokka gagnaöflun í þrjá megin flokka og eru þeir „að horfa“, „að spyrja“ og „að gagnrýna“ og oft er talað um „eftirtekt“, „viðtöl“ og „rannsóknir“. Þessar þrjár rannsóknaraðferðir eru undirstaða rannsókna sem gerðar eru í samfélaginu í dag (Wolcott, 1992, bls. 19). Allir rannsakendur sem hafa reynslu af rannsóknnum vita að aðferðin sem notuð er á ekki að vera ákveðin fyrirfram, heldur þarf að skoða hvað maður ætlar að skoða og hvernig maður vill skoða það áður en rannsóknaraðferðin er ákveðin (sjá Silverman, 2013, bls. 11). Rannsóknaraðferðin sem varð fyrir valinu í þessu tilfelli byggir á viðtölum, nánar tiltekið við leikskólakennara.

Tilgangur eigindlegra viðtala er mjög víður og margslunginn. Þau eru notuð til að safna saman margskonar upplýsingum, en í þessari tilteknu rannsókn eru viðtöl notuð til að safna saman gögnum og þeim skoðunum sem einstaklingar hafa á vissu málefni. Í viðtölum getur hlutverk spyrjanda og viðmælanda verið mismunandi og aðstæður fjölbreyttar en þó byggjast þau ávallt upp á því að spyrjandinn spyr spurninga sem viðmælandinn er beðinn um að svara. (Cohen og Manion, 1989, bls. 307; Miller og Glassner, 2011, bls. 131). Viðtöl má flokka niður í fjóra flokka: Formleg, óformleg (*e. less formal*), algjörlega óformleg og viðtöl án tilskipana. Þessi tiltekna rannsókn byggist upp á óformlegum viðtölum. Þau byggja á því að breyta má spurningunum af hálfu spyrjandans, eins og með því að breyta orðalagi, útskýra spurningar eða bæta við þær (Cohen og Manion, 1989, bls. 307).

Eigindleg rannsóknarviðtöl einkennast meðal annars af því að rýna til gagns í merkingu þess efnis sem til umræðu er. Til að líta á það hvernig viðkomandi einstaklingur sér hlutinn áður en farið er ofan í fræðilega kafla efnisins (Kvale og Brinkman, 2009, bls. 1). Styrkleikar rannsóknarinnar eru þeir að hún fjallar um áhrif leikskólakennara á vináttu, sem áður hefur ekki verið gert, í henni koma fram viðhorf leikskólakennara til vináttu og hvað þeir leggja til að gert verði til að hjálpa börnum í félagsfærni sinni. Takmarkanir hennar voru þær að í henni koma aðeins fram álit leikskólakennara, sömuleiðis er ekki vitað með vissu hvernig vinátta leikskólakennara er, hún hefur auk þess ekkert alhæfingargildi þar sem einungis álit nokkurra leikskólakennara kemur fram. Ókostir og kostir rannsóknaraðferða eru margvíslegir og næst verður fjallað stuttlega um þá kosti og ókosti sem einkenna viðtöl sem rannsóknaraðferð.

4.1.1 Kostir og ókostir viðtala

Þegar rannsóknaraðferðir eru teknar í notkun bera þær með sér að þær einkenni bæði kostir og ókostir. Bell, (1993, bls. 91) telur megin kost viðtala vera sveigjanleika þeirra. Góður spyrjandi nær með viðtölum að fylgja eftir hugmyndum, rannsaka svörin og skoða ástæður og tilfinningar viðmælanda sem viðtalsrammar og meginlegar rannsóknir geta ekki gert sjálfstætt. Fram kemur hjá Creswell, (2012, bls. 218) að viðtöl geta veitt góðar upplýsingar og gera viðmælendum kleift að segja frá persónulegum hliðum þess máls sem til athugunar er. Spyrjandinn getur einnig haft meiri stjórn á því hvað kemur

fram í viðtalinu. Það orsakast af því að hann getur stjórnað viðtalinu á þann hátt að hann spyr spurninga út frá öðrum til að nákvæmari svör komi fram. Einnig getur spyrjandi breytt orðalagi spurninga þegar þess þarf.

Bell, (1993, bls. 91) telur aftur á móti helstu ókosti viðtala vera þá að þau geta verið tímafrek og einnig nær rannsakandi ekki að rannsaka eins marga þátttakendur og ef til dæmis meginlegar rannsóknir væru notaðar. Einnig er hætta á hlutdrægni í viðtölum. Rannsakanda getur reynst erfitt að vinna úr svörunum, og uppbygging viðtalsramma getur verið eins flókin og gerð spurningalista. Creswell, (2012, bls. 218) telur ókost að í viðtölum koma oft fram einungis þær upplýsingar sem rannsakandinn vill að komi fram, vegna þess að hann getur tekið út þær upplýsingar sem hann vill upp að vissu marki. Einnig geta viðtöl haft þann ókost að viðmælendur heyri aðeins það sem spyrjandi vill að hann heyri og viðvera spyrjanda getur haft áhrif á það hvernig viðmælandi svarar spurningum. En þrátt fyrir þetta eru viðtöl oft mjög áhrifamikil (Bell, 1993, bls. 91). Næst verður fjallað um spurningarnar sem notaðar voru í tiltekinni rannsókn.

4.1.2 Opnar spurningar

Í viðtölum eru notaðar ýmsar tegundir af spurningum, annaðhvort opnar eða lokaðar en í þessari rannsókn er notast við opnar spurningar. Settur var fram viss spurningarammi sem unnið var eftir (sjá fylgiskjal 1). Fram kom hjá Cohen og Manion, (1989, bls. 312–314) að opnar spurningar eru oftast notaðar í viðtalsrannsóknum og að nokkrir kostir séu við notkun þeirra. Þær eru sveigjanlegar, leyfa spyrjandanum að rannsaka sjálfur, hann getur annaðhvort farið dýpra í efnið, ef hann velur það, eða útskýrt misskilning. Opnu spurningarnar leyfa spyrjandanum að prófa mörk (*e. test the limits*) viðmælandans til að rannsakandinn geti fengið betri mynd af því hvað viðmælandanum finnst í raun og veru um efnið. Ein tegund af opnum spurningum kallast „trekt“ (*e. the funnel*) sem einkennist af því að byrjað er á breiðum spurningum og svo þrengja þær sig svo niður í sérstakar spurningar sem einblína á það mál sem til umræðu er.

Creswell, (2012, bls. 217–218) talar um að gott sé að nota opnar spurningar til að þátttakendurnir geti sem best greint frá sinni reynslu óháð sjónarhorni rannsakanda eða fyrri gagna. Þegar viðmælandi er spurður opinna spurninga gerir það honum kleift að koma með sína eigin skoðun á málinu.

Næst verður greint frá siðferðislegum álitamálum í rannsóknum og þeirri hlutlægni sem hætta er á að myndist þegar rannsókn er gerð.

4.1.3 Siðferðileg álitamál

Til að rannsóknir standi undir efni sínu telur Sigurður Kristinsson, (2003, bls. 161) að mikilvægt sé að þær uppfylli kröfur siðferðis og sé það ekki minna mikilvægt en þær aðferðafræðilegu kröfur sem uppfylla þurfi. Sigurður Kristinsson, (2005, bls. 139) segir að þegar rannsóknir séu gerðar á fólki fylgi því ávallt viss ábyrgð. Þá séu rannsakendur að vinna úr upplýsingum um fólk, upplýsingum sem til voru fyrir, eða upplýsingum sem þeir afla sér með samskiptum eða samvinnu. Þegar þátttakendur taka þátt í rannsóknum treysta þeir á það að þeir verði ekki blektir eða þvingaðir á neinn hátt.

Til eru fjórar höfuðreglur í siðfræði sem oftast eru kenndar við heilbrigðisviðin, en geta þó átt við um önnur svið eins og félagsfræðisvið. Þessar reglur eru kenndar við sjálfræði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti. Sú regla sem á við um rannsókn eins og þessa er sjálfstæðisreglan en hún fjallar um þá virðingu sem rannsakandi á að bera fyrir manneskjunnari og hennar sjálfstæði. Í félagslegum rannsóknum á þetta við, þegar einstaklingurinn gefur sitt upplýsta og óþvingaða samþykki fyrir rannsókninni. Þegar viðmælandi er beðin um að gefa samþykki sitt fyrir rannsókninni þarf einstaklingurinn að vita hver stendur fyrir rannsókninni, útá hvað hún gengur, hvernig upplýsingarnar verða notaðar og fleira. Mikilvægt er að einstaklingurinn taki þátt í rannsókninni af fúsum og frjálsum vilja (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 163).

Í rannsóknum sem þessari er ávallt hætta á því að upp komi viss álitamál sem geta átt við samskipti milli rannsakanda og þátttakanda, þar má nefna hvort upplýsa eigi þátttakendur um hlutverk þeirra í rannsókninni (sjá Ástríður Stefánsdóttir, 2013, bls. 9). Við gerð þessarar rannsóknar var gætt vel að því að þátttakendur fengju allar upplýsingar sem þeir þurftu til að til að þeir gætu gefið sitt upplýsta samþykki. Þeim var gerð grein fyrir því að þeim væri fullkomlega leyfilegt að neita að svara og hætta við þátttöku. Einnig að enginn væri skyldugur til að taka þátt í viðtalinu heldur væri þetta eitthvað sem þeir gerðu af fúsum og frjálsum vilja.

Trúverðugleika rannsóknarinnar má telja nokkuð góðan, þar sem margir viðmælendur mínir voru sömu skoðunar um grundvallaratriði í rannsókninni

og þó ekki sé hægt að alhæfa um efni rannsóknarinnar á nokkurn hátt má þó setja fram þá hugmynd að þær upplýsingar sem fengust sé hægt að meta sem gildandi í samfélaginu í dag. Í næsta kafla verður fjallað um hvernig rannsóknin var framkvæmd og á hvaða hátt unnið var úr gögnum hennar.

4.2 Framkvæmd rannsókna

Eins og áður hefur komið fram var notast við eiginleg viðtöl í þessari rannsókn. Creswell, (2012, bls. 217–218) skilgreindi eiginleg viðtöl á þann hátt að þau eigi sér stað þegar rannsakandi spyr einn eða fleiri viðmælendur, opinna spurninga og svör þeirra eru tekin upp. Spyrjandinn skrifar síðan upp gögnin í skjal og greinir þau. Samkvæmt Kvale og Brinkman, (2009, bls. 102) eru sjö stig sem rannsakandi þarf að framkvæma í viðtalarannsókn. Þau eru:

1. Þemagreina (*e. thematizing*) – ákveða tilgang rannsókna og þemagreina efnið áður en viðtölin hefjast
2. Skipuleggja – allt ferlið skipulagt og leyfi fengin
3. Taka viðtölin – viðtölin tekin samkvæmt vissum reglum
4. Afritun – viðtölin færð frá máli yfir í texta
5. Greina – efni viðtalanna greint niður í þemu sem tengjast rannsóknarefninu
6. Sannreyna – bera saman niðurstöður viðtalanna við annað efni
7. Skýrslugerð/niðurstöður – setja fram niðurstöður rannsóknarinnar

Þessi rannsókn fylgdi framgreindum skrefum. Fyrsta skrefið var að fá skriflegt leyfi frá persónuvernd, skólanefnd og leikskólastjórum þess skóla sem leikskólakennararnir unnu á (sjá fylgiskjöl 2,3 og 4) og að búa til viðtalsramma tengdan efni fræðikaflans. Í framhaldi af því var fengið leyfi frá sjálfum leikskólakennurunum. Viðtölin fóru fram á heimavelli hvers þátttakanda, í leikskóla þeirra eða heima hjá þeim en fengu þeir að velja staðsetningu hverju sinni til að þeim liði sem best. Viðtölin voru hljóðrituð og tók hvert þeirra 30 til 40 mínútur. Viðtölin voru svo afrituð orðrétt og þau greind í tengslum við hverja spurningu. Eftir að viðtölum lauk voru svör viðmælenda borin saman og þau greind. Samkvæmt Creswell, (2012, bls. 10) þarf maður að átta sig á efni rannsóknarinnar um leið og viðtölunum er lokið.

Greiningin tengist því að greina efnið niður í hluta, til að átta sig á því hvað hver einstaklingur hefur að segja og í framhaldi af því að setja efnið saman í niðurstöður. Þá skal rannsakandi greina frá niðurstöðum skriflega eða í myndum til að fá fram svar við rannsóknarspurningunni.

Í byrjun hvers viðtals var tekið fram að viðkomandi hafði gefið samþykki sitt fyrir viðtalinu og einnig kemur skýrt fram að nafnleyndar yrði gætt í úrvinnslu viðtalanna.

4.2.2 Þátttakendur

Spradley, (1979, bls. 25–26) setti fram lista yfir þá eiginleika sem viðmælandi í viðtali þarf að búa yfir til að góðar upplýsingar fengjast. Viðmælandinn þarf að hafa upplifað eða unnið við þann hlut sem til rannsóknar er, hann þarf að vera sérfræðingur á því sviði, hann þarf að vera viljugur til að taka þátt í viðkomandi rannsókn og hafa tíma til að greina frá þeim upplýsingum sem til þarf. Einnig er þörf á að hann sé vel hugsandi og hafa getu og vilja til að tala opinskátt um það efni sem til umræðu er.

Við val á þátttakendum í rannsóknina var notað markmiðsúrtak svokallað, þar sem einstaklingar eru valdir í tengslum við markmið rannsóknarinnar og velur rannsakandinn þátttakendur sem hann telur að geti veitt bestar upplýsingar um það efni sem til rannsóknar er (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003, bls. 63). Rannsakandi valdi þá leikskólakennara sem hann kannaðist við úr starfi eða námi og sóttist eftir viðtölum við þá, einnig voru fengnir leikskólakennarar sem rannsakandi hafði heyrt vel af látið í starfi. Þátttakendur voru valdir vegna þekkingar þeirra og áhuga á því efni sem til rannsóknar var.

Allir voru þátttakendur mínir með B.Ed gráðu frá Háskólanum á Akureyri sem leikskólakennarar, auk eins sem er einnig með Meistaraprófsgráðu. Hér á eftir kemur stutt lýsing á viðmælendum mínum og þeirra reynslu af leikskólastarfi.

Vala

Vala er 42 ára gömul, og hefur unnið í leikskóla í 23 ár, átta ár ófaglærð og 15 ár eftir að hún útskrifaðist. Hún hefur unnið mest með fjögurra ára börnum, þó aldrei einungis með þeim aldri, því deildirnar sem hún hefur unnið á hafa verið blandaðar. Vala telur gildi vináttunnar mikið, bæði fyrir fullorðna og börn og hjá börnunum komi leikurinn sterkur inn.

Dóra

Dóra er 44 ára og hefur unnið í leikskóla í 12 ár eftir útskrift. Fyrstu þrjú árin var hún á fjöggra ára deild en hefur unnið með yngri börnum síðustu ár. Dóra telur vináttu skipta mjög miklu máli fyrir einstaklinginn því hún telur að það sé gríðarlega erfitt að vera einn. Hún segir að það sé mjög mikilvægt að eiga vin, allavega einn, einhvern mjög góðan sem stendur með manni og maður getur trúað fyrir öllu.

Emma

Emma er 39 ára. Hún hefur unnið í leikskóla í 19 ár. Emma hefur aðallega unnið með yngsta árganginn frá því hún útskrifaðist. Hún telur að gildi vináttu almennt, sé að fólk sýni sjálfum sér og öðrum virðingu og sé trútt sjálfum sér, standi á sínum skoðunum og sé samt sveigjanlegur og tilbúin að slá af eða bæta í eftir því sem hentar hverju sinni. Hún telur að vinátta hafi haft mjög góð áhrif á sitt líf, og að það að eiga vini sé ómetanlegt.

Sunna

Sunna er 50 ára. Hún hefur fimm ára reynslu sem leikskólakennari frá útskrift og sex ára úr grunnskóla. Sunna hefur unnið með elstu börnin að mestu leyti frá útskrift en einnig með yngri börn í almennu starfi í leikskólanum. Sunna telur að vinátta hafi mjög mikið að segja hún segir: „aumur er vinalaus maður“ og segir að þegar hún horfi á börnin leggi hún mjög mikla áherslu á það að börn eignist vini. Hún segir alltaf að það skiptir ekki máli hversu

gáfaður maður er ef maður getur ekki haft samskipti við annað fólk þá komi þessar gáfur ekki að neinum notum.

Sóley

Sóley er 38 ára. Hún hefur unnið í leikskóla í 13 ár. Sóley hefur unnið með börn á öllum aldri, hún byrjaði á yngstu börnunum og er núna hjá þeim eldri. Hún telur að gildi vináttu sé að þykja vænt um einstakling og taka tillit til hans, taka tillit til þess hvernig hann er og átta sig á því að það séu ekki allir eins, taka einstaklingum eins og þeir séu. Hún telur mikilvægt að væntumþykja sé til staða og að maður geti treyst og virt vini sína.

Sigga

Sigga er 50 ára. Hún hefur unnið í 15 ár í leikskóla. Hún hefur unnið með börn á öllum aldri. Sigga sagði það að eiga góðan vin væri mikilvægt, að geta leitað til einhvers bæði í gleði og sorg. Hún sagði að í raun hefði vinátta mótað hana á vissan hátt og gert hana víðsýnni vegna þess að vinir ganga svolítið nærri hvor öðrum, þeir komast inn í innstu sálar kjarna hvers og eins og vinir þekkja bæði kosti og galla einstaklingins.

5. Niðurstöður

Í kaflanum hér að neðan verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar út frá svörum viðmælenda. Niðurstöðurnar eru greindar niður í kafla sem bera heitin, vinátta barna, áhrif og einkenni vináttu, kynjuð vinátta, umhverfi innan leikskólans, kennarinn og mat á vináttu. Sú leið var farin að nota spurningarnar úr viðtalsrammanum (sjá fylgiskjal 1) sem viðmið í framsetningu niðurstaðna.

Innan hvers kafla eru undirkaflar sem tengjast efni hans. Þemun einkennast af þeim þáttum sem stóðu uppúr við vinnslu gagnanna. Þau voru fundin út við að lesa og marglesa gögnin og draga fram atriði sem tengdust fræðunum og stóðu út.

5.1 Vinátta barna

Til að fá sýn viðmælenda á vináttu leikskólabarna leitaðist rannsakandi eftir því að fá fram almenna lýsingu á því hvernig þeir sæju vináttu barna frá tveggja til sex ára og hvað fælist í henni. Svörin voru mismunandi og mörg þeirra mátti rekja til þess að vinátta byggist á leik, samskiptum og skilning á vináttu, auk þess var talið að vinátta fælist í tilfinningum og samskiptum í leik.

Einn viðmælandi minn taldi, ólíkt öðrum, að börn yngri en tveggja ára ættu ekki í vináttusambandi. Hann taldi að tveggja ára börn léku sér að mestu samhliða og væru ekki að sækjast eftir félagsskap annarra barna. Emma hafði þetta um málið að segja: „Börn náttúrulega leika sér í rauninni bara samhliða, þau eru ekki endilega að leita eftir félagsskap hvors annars af því, ég held að það þau séu ekki byrjuð að byggja vináttuna strax.“ Að mati hennar þróaðist vináttan síðan með aldrinum.

Leikur

Það er mat tveggja viðmælenda að vinátta barna lýsti sér á þann hátt að börnum þætti auðvelt að leika sér saman og telja þeir að þau geri það í miklu magni. Vala lýsir þessu svona:

Þau sækja í hvort annað, þau eiga létt með að vinna saman, leika saman, skiptast á og skapa leikinn, þú veist í sameiningu, þannig að það sé ekki bara einfaldlega að þau sækja í samskipti í gegnum leik og sækja í að vera með hvort öðru.

Sóley lýsir vináttu á þann hátt að börn séu „límd“ saman og séu ávallt að bíða eftir því að vinurinn komi í leikskólann.

Fram kom að hluti af vináttu er að þau sækji frekar í samskipti, innan og utan leikskólans. Börn sem eru vinir „sæktu í að kasta á milli sín leiknum“ eins og einn viðmælendi orðaði það, eða leika sér meira saman. Utan leikskóla eru börn þá að sækja í það að hitta vini og leika sér. Sigga taldi, sem er dæmi um þetta, að eldri börn sæktu frekar í að vera saman utan leikskóla, þau yngri hefðu ekki sama skilning á vináttuhugtakinu og væru ekki farin að skynja sömu vináttutilfinningar. Hún nefnir sem dæmi að börn hugsuðu vináttu frekar í kringum dótið sem þau fengju útúr vináttunni heldur en félagsskapinn. Hún sagði jafnframt að til væri grunn vinátta sem snérist um dót og leik en svo hefði hún séð vináttu sem væri dýpri sem hún sagði að væri raunveruleg.

Tilfinningar

Flestir viðmælendur voru sammála um að í vináttu fælist gleði, traust, öryggi, samkennd, væntumþykja og að einstaklingur finni einhvern sem er honum nær. Að börn geti deilt öllum hlutum saman. Vala komst þannig að orði „Það er miklu betra að gera mistök við hliðina á vini.“

Dóra taldi að það sem fælist í vináttu væri eftirfarandi: „Mér finnst áberandi að þau finna sér einhvern sem þau finnast vera örugg með, maður sér að þau eru að reyna að spotta út þá sem þú veist að tekur þér ekki illa af því að það er erfitt að upplifa að höfnun.“ Einnig fannst viðmælendum að börn sýndu oft meiri samkennd með vinum sínum og væru oft fljótari að hlaupa til ef vinur þess meiddi sig.

Samskipti og skilningur

Önnur túlkun á vináttu barna tekur til mikilvægi skilnings. Dóra telur að börn velji vini sem leifa þeim að vera þau sjálf og meðtaka alla þeirra galla og kosti. Hún segir: „Mér finnst vinátta þurfa að vera að þú þarft að geta verið þú sjálfur og hinn aðilinn viðurkenni þig eins og þú ert.“

Úr máli Sóleyjar og Siggú má greina að vinir sýni oft hvort öðru vissan skilning, umburðarlyndi og þolinmæði, þó það gæti reynst mörgum erfitt. Sigga nefndi að það væri vegna þess að börn sæju hlutina mikið frá sínu sjónarhorni en á leikskólaaldri reyndu þau þó að sjá þá frá sjónarhorni vinnu sinnu. Það ætti þó ekki alltaf við um aðra krakka í hópnum. Þau virtust mynda meira þol gagnvart vinum sínum. Sigga bætti síðan við: „Þau eru bara svo sjálflæg þau... ef þau njóta góðs af einhverju þá er það best.“

Viðmælendur töluðu einnig um að samskipti væru meiri milli vina en við önnur börn. Þess vegna skipti mestu máli að börn myndu að þau ættu bestu vini í leikskólanum. Sunna sagði að tveggja til þriggja ára færu börn að draga sig saman í pör. Fram að þeim aldri taldi hún að þau léku sér meira í kringum hvort annað en við hvort annað. Sunna segir:

Það hefur oft áhrif, hvað á ég að segja, hvar þau og hvort þau eru í samskiptum, sko þau geta orðið mjög góðir vinir þó þeir hittist aldrei fyrir utan leikskólann en þá eru þeir samt bestu vinir í leikskólanum, en svo eftir því sem þau eldast fara þau að sækjast eftir því að fara í heimsókn til hvors annars og vera í samskiptum, líka fyrir utan leikskóla.

5.1.2 Einkenni vináttu

Einkenni vináttu leikskólabarna geta verið mismunandi og voru viðmælendur spurðir útí hvað þeim fyndist einkenna hana. Svör þeirra einkenndust í tveimur þáttum. Í fyrsta lagi á því sérstaka sambandi sem börnin ættu í og í öðru lagi á þeim samskiptum og leikjum sem einkennt getur vináttu.

Tveir viðmælendur töluðu um þetta sérstaka samband sem myndast milli barna á leikskólaaldri. Úr máli Dóru og Sóleyjar má greina að einkenni þess sé algjört traust á öðrum einstakling, góð framkoma og gleði þegar þau hittast. Dóra lýsti þessu svona: „Það er svona þínu augnaráð ef maður getur sagt það, það er svona þessi glampi í augunum, að við höfum eitthvað svona spes

saman, sem aðrir eiga ekki.“ Hún benti einnig á að oft tæki hún eftir því að vinir studdu hvern annan í erfiðum aðstæðum.

Nokkrir viðmælendanna töldu leikinn og samskiptin einkenna vináttu barna. Úr máli Völu mátti lesa að vinátta einkenndist mest af því að börn sækja í hvort annað, í leik og samskiptum. Margar viðmælendanna tengdu leik vina og dýpri þekkingu barna á hvort öðru sem og leikgleði. Sunna taldi jafnframt að oft gæti leikur farið fram án orða hjá þeim börnum sem þekktust vel.

Sunna talaði um að samskipti barna við bestu vini sína væru oft mikið betri en við önnur börn. Hún orðaði þetta svona: „Það sem einkennir þau mest er að það er mjög sjaldan sem þau lenda í ágreiningi, þau eru mjög fljót að læra að skiptast á og taka tillit til hvors annars þó svo að þau séu svo eins og hundur og kettir gagnvart einhverjum öðrum börnum.“

5.1.2 Val barna á vinum

Viðmælendur voru spurðir um það hvað þeir teldu að hefði mest áhrif á val barna á vinum. Skiptar skoðanir voru á því. Sumir töluðu um líffræðileg áhrif á meðan aðrir töluðu um áhugamál barna. Ekki kom fram sú tenging að líkindi drægju börn saman.

Líffræðileg tenging

Líffræðilegt aðdráttarafl var einn þátturinn sem þrír viðmælendur töldu að valið tengdist, eitthvað sem erfiðt væri að útskýra, og eins og Sóley lýsti því: „Það er eitthvað sem þeim finnst heillandi við hvort annað og þess vegna verða þau vinir held ég sko, það er eitthvað sem þau sjá.“

Viðmælendum fannst þetta sumum áhugavert, vegna þess að þeir gátu ekki alltaf séð fyrir hverjir yrðu vinir innan deilda. Vala talaði um að hún hefði oft leitt hugann að þessu vegna stærðar deildanna og ekki væri alltaf hægt að sjá út hvernig börnin röðuðust saman. Oft væri val barna á vinum allt annað en leikskólakennarinn hefði séð fyrir. Hún nefndi dæmi um þriggja ára strákar og stelpu sem væru mjög ólík en þau sogast að hvort öðru, þau sóttu í að leika sér saman og sýndu öðruvísi hegðun og gerðu aðra hluti þegar þau ættu í samskiptum og léku sér, sem þau sýndu annars ekki. Þau skiptust til dæmis frekar á og sýndu umhyggju og hjálpssemi. Hún taldi að það væri ekki að þau væru lík eða með lík áhugamál frekar eitthvað „cemical“ (e.

efnafræðilegt) eins og hún sagði. Sunna sagðist sömuleiðis halda að það væru einhver efnaskipti sem ættu sér stað milli krakka og væri það líkt og hjá fullorðnum.

Áhugamál og nærvera

Viðmælendur töldu einnig að áhugamál barna skiptu máli þegar vinátta myndaðist. Þeir töldu að oft snérist val barna á leikfélögum í kringum dótið og leikinn sem í boði væri, frekar en einstaklingana. Og tengdu þeir það ekki við líkindi. Þeir töldu sérstaklega að þetta ætti við um yngri börnin. Þessi hugsun ætti þó eftir að breytast með aldrinum og þá þróaðist þetta á þann veg að þau færu að sækjast eftir félaga fremur en viðfangsefni. Sigga taldi að þessi breyting ætti sér helst stað á síðasta ári leikskólans og vináttan að dýpkaði í framhaldi af því.

Sunna gaf dæmi um að í hennar skóla væru kannski þrír til fimm saman í aldurshóp í hópastarfi og að það væri ekki alltaf þeir sem smyllu saman sem bestu vinir. Stundum ættu þeir vini í öðrum hóp sem væri því annað hvort yngri eða eldri en þau sjálf. Hún taldi að nærveran skipti miklu máli og að þegar þetta ætti við, hittust börnin ekki bara í leikskólanum heldur líka utan hans. Sunna sagði: „Ef þú tekur börn sem búa nálægt hvor öðru og hafa góðan aðgang að hvort öðru, sú vinátta þróast miklu hraðar heldur en ef þau geta bara hist í leikskólanum.“

Sameiginlegur bakgrunnur og vinsældir

Meðal þess sem nefnt var við val barna á vin/um eru vinsældir. Barn sem er vinsælt verður þá eftirsóknarverður leikfélagi sem önnur börn laðast að. Dóra sagði að hún teldi að stundum myndaðist eitthvað svona „trend“ þar sem eitt barn yrði rosalega vinælt og allir vildu vera vinir þess, þetta barn vissi oft sjálft ekki að það er svona vinsælt og sótti í flestum tilfellum ekki eftir því sjálft. Hún segir „Þetta er ekki einhver sem tekur sér þetta vald heldur bara verður óvart.“ Henni finnst oft að börn væru að sækja í vináttu sem veitti þeim öryggi og einnig við manneskjur sem þeim fannst alveg æðislegar.

Sóley benti á að stundum tengdust börn þegar þau eru saman í aðlögun og næðu að halda þeim tengslum áfram. Hún velti því fyrir sér hvort það gæti tengst sameiginlegum bakgrunn á deildinni eða einhverju tengdu því. Sóley

talaði einnig um að stundum þöruðust sterkt og veikt barn saman þar sem sterkari einstaklingurinn hífði þann veikari upp.

5.2 Áhrif vináttu

Það er nokkuð ljóst að það er mikilvægt fyrir börn að eiga vini. Viðmælendur voru spurðir um þau áhrif sem það getur haft á barn og hegðun þess, að eiga vini og/eða leikfélaga. Greina má áhrif vináttu í nokkra áhrifspætti og má þar nefna að vinátta hafi áhrif á, mætingu í skólann, öryggi og styrkleika og félagsfærni. Einnig greindu viðmælendur frá þeim áhrifum sem þeir töldu að það hefði á börn að eiga ekki vini og voru þeir, vansæld, einmanaleiki og viss útilokun.

Gleði og öryggi

Viðmælendur voru flestir sammála um það að vinátta hefði þau áhrif að börn yrðu öruggari, glaðari og sjálfsöruggari, þeir töldu einnig að þau næðu auknum félagslegum hæfileikum og tjái sig betur í gegnum leikinn. Öryggi barna sem eiga vin tengist því sömuleiðis að börn sem eiga vin þurfa ekki að vera óörugg yfir því að finna leikfélaga hvern dag fyrir sig. Sem dæmi um þetta sagði Sóley: „Þau eru öruggari í leikskólanum, þau eru glaðari af því að þau vita alltaf að það er einhver sem vill leika við þau en hinir þurfa alltaf að reyna að berjast fyrir því að einhver vilji leika við þau.“

Viðmælendum fannst börnin einnig sterkari þegar þau ættu vini, vináttan hefði áhrif á gleði barna. Dæmi um þetta voru orð Völu:

Það sem ég sé hér að þegar þau eru komin með vini er það hvað þau verða mikið öruggari og hérna glaðari, ég ætla að vera væmin og segja að þau verða bara miklu glaðari, öruggari og meira skapandi og allt að gerast í leiknum, ekki í einleik einhverstaðar eða hliðarleik, miklu glaðari, ég ætla að fá að svar þessu þannig.

Annað dæmi um þessa gleði er að finna hjá Dóru: „Það er sama á hvaða aldri, það er miklu skemmtilegra að koma einhverstaðar þar sem einhverjum líkar við mann og einhver segir, „já ertu komin, æðislegt“, heldur en ekki.“

Einnig töluðu Sigga og Sunna um að þær sæju mjög vel að það væri mikið auðveldara fyrir börn að koma skólann ef þau ættu vini. Dæmi um það er þegar vinur einhvers er fjarverandi, er hinn einstaklingurinn þínu ráfandi og festist ekki í neinu því það vantar „hinn helminginn“. Þetta mátti sjá hjá drengjapari sem Sigga ræddi um, oft væri það sjálfstæðari einstaklingurinn í sambandinu sem gæti leikið sér við hin börnin og hjálpaði oft hinum einstaklingnum í félagslegum samskiptum. Þetta taldi hún að væri til hagsbóta fyrir báða aðila.

Emma talaði um að börn sem ættu góða vini gætu leitað til hvors annars og átt samskipti í bæði gleði og sorg. Hún sagði einnig: „Ég held klárlega að það hafi mikil áhrif að eiga góða vini og það er náttúrulega bara hornsteinninn í öllum samskiptum, vináttan, hún skiptir svo rosalega miklu máli.“

Áhrif á hegðun og samskipti barna

Áhrif vináttu á hegðun barna getur birst í ýmsum myndum. Meðal þess sem viðmælendurnir ræddu um, var að hegðun barna breyttist í mörgum tilfellum gagnvart vinum þeirra, þeir yrðu gjarnan gætnari í framkomu eða „pössunarsamari“ og þau pössuðu oft upp á það að hegða sér vel til að hinum vininum liði vel. Ágætis dæmi um það kom fram hjá Sunnu, hún talaði um að þegar annar vinurinn væri að fara að sofa og hinn vinurinn væri með læti þá væri oft nóg að benda vininum á þá staðreynd og þá róaði hann sig. Eins sagði hún að þegar vinur einhvers meiðist þá er hinn vinurinn fljótari að hlaupa til, en annars, og hugga líkt og Dóra talaði um hér að ofan.

Einnig má greina úr máli sama viðmælenda að vinátta gæti einnig haft áhrif á hvernig leikurinn gengi fyrir sig. Ekki væri hægt að segja að hann yrði annað hvort rólegri eða æstari, það færi allt eftir stemmingunni hverju sinni.

Sunna benti jafnframt á þá hegðunarbreytingu sem getur orðið ef barn á ekki vin, þau hengdu sig þá oft á fullorðin einstakling.

Vinátta og vinaleysi hefur að mati viðmælenda, áhrif á samskipti barna, bæði góð og slæm. Sem dæmi um þau áhrif benti Sunna á það að oft væru samskipti barna sem ættu vini frekar einskorðuð við einn vin, í því samhengi ættu börn sem ekki ættu nána vini auðveldara með að leika við fleiri einstaklinga. Þó sagði hún að hin börnin væru alls ekki óvinir þeirra. Sunna setti fram dæmi um leik á leikvelli þar sem stór hópur var að leika sér í rennibrautinni. Í þeim hóp voru börn sem ekki áttu nána vini, frekar

kunningja og þau léku sér öll saman. Svo voru tvö börn undir rennibrautinni sem voru í búðarleik, þau börn áttu í nánun vináttusambandi og áttu því ekki í miklum samskiptum við hin börnin. Þessa hegðun taldi hún að skildi á milli þeirra barna sem áttu vini og þeirra sem ekki eiga vini, í samskiptum.

Einfarar og útilokun

Vinaleysi var hluti af spurningunni og áhrif þess á börn. Um það voru skiptar skoðanir meðal viðmælenda. Vala talaði um að sum börn væru einfaldlega einfarar sem einkenndist af því að leikskólakennarinn reyndi að koma barni í leik en það gengi ekki upp. Hún vissi ekki hvort það væri eitthvað sem héti einfari en hún hafði nokkuð oft séð þessa hegðun. Aftur á móti sögðu aðrir viðmælendur mínir að það gæti haft áhrif ef barninu gengur illa í félagslegum samskiptum, þá getur það komið fram neikvæð hegðun, sem fram kemur í „athyglissýki“. Sigga taldi að oft lokuðu börnin í hópnum á þessi börn. Dóra benti á að sum þessara barna kynnu einfaldlega ekki ekki að byggja upp samskipti á jákvæðan hátt. Úr svari Siggu má greina að hún hefur áhyggjur af þessum börnum og hún sér að þetta eru börn sem af ýmsum ástæðum virðast vera á jaðrinum, hún segir:

.....já ég upplifi að það séu frekast krakkarnir sem að eirast illa og eru svona á þessu gráa svæði sem eiga í erfiðleikum með að eignast vini, hin sem að eira og ná svona að fylgja og svona þau ná sér yfirleitt í vini það er ekki vandamál það eru þessir krakkar sem eru þínu á skjön sem að frekast eiga í erfiðleikum.

Vansæl og hornreka börn

Afleiðingar vinaleysis eru mismunandi hjá börnum. Nokkrir viðmælenda bentu á að sum börn þyrftu á vin að halda frekar en önnur börn, líkt og Dóra talaði um, börn sem væru ósjálfstæð og frekar óörugg.

Aðrir viðmælendur héldu því fram að börn sem ekki ættu vini væru mikið vansælli og upplifðu sig að mestu leyti ein. Sóley benti á að ef börn ættu ekki vini væru þau óörugg og kæmust ekki inn í leiki hinna barnanna og taldi að í flestu tilfellum væri félagsþroski þeirra ekki nægilega góður. Sigga sagði skýrt og greinilega: „Við þurfum að eiga vini það er bara þannig við erum manneskjur og með tilfinningar og við verðum að eiga einhvern, vinur er einhver sem fylgir þér oftast út lífið.“

5.2.1 Gæði vináttu

Gæði vináttu og jákvæð og vond áhrif hennar voru meðal þess sem spurt var um í rannsókninni. Ýmiskonar viðhorf komu fram um gæði vináttu barna og má þar nefna, aðdáun, þegar barn er háð öðrum vini, jákvæðir og neikvæðir leiðtogar og hversu djúp vinátta er. Margir viðmælendanna höfðu ekki hugsað mikið úti mismunandi gæði vináttu og þá sérstaklega það sem kalla má „vonda vináttu“ Aftur á móti voru viðmælendur sammála um einkenni jákvæðrar vináttu.

Leiðandi vinátta

Samkvæmt einum viðmælanda voru til börn sem eru leiðtogar og mátti oft greina góða og slæma vináttu útfrá því hvort einstaklingurinn væri jákvæður eða neikvæður leiðtogi. Leiðtogi sem annaðhvort fer vel með vald sitt og stjórnar á jákvæðan hátt eða leiðtogi sem stjórnar á neikvæðan hátt og draga aðra með sér í neikvæðri hegðun. Emma taldi að jákvæðu leiðtogunum gengi vel félagslega og næðu þeir að leiða hópinn á jákvæðan hátt. Hún taldi að hún gæti séð það mjög auðveldlega út hvort barnið er góður leiðtogi, en svo væru einnig til neikvæðir leiðtogar sem stjórna á neikvæðan hátt, með frekju og yfirgangi, og sá leiðtogi taldi hún að gæti í raun eyðilaggt leik fyrir öðrum og sjálfum sér.

Einnig töldu Sunna og Vala að vond vinátta fælist í því þegar sterkur níðist á veikum. Eða þegar allir leggjast á einn. Sóley sagði einnig „Þegar sum börn koma saman þá einhvernvegin verða þau svo sterk, þegar þau eru farin að stríða hinum og það er ekki góð vinátta finnst mér sko, þegar þau eru farin að „dominera“ yfir allri deildinni og það eru allir orðnir hræddir.“ Hún sagði að oft væru þessir einstaklingar þó í góðu lagi þegar þeir væru í sitthvoru lagi og í mismunandi hópum, en saman gengu samskiptin ekki upp.

Emma sagði einnig að gæði vináttusambands færu mikið eftir persónuleika hvers og eins og að þegar ein manneskja, sem oftast væri mjög jákvæð og glöð, væri illa stemmd gæti það dregið niður í hópnum, sem sýndi að persónuleiki gæti gert ótrúlega mikið. Sóley lýsti þessu á þann veg: „Þó þú dragist að þeim sem er sterkari þá er þetta rosalega erfitt útaf því að þú færð aldrei að taka ákvarðanir eða mjög sjaldan, það er alltaf einhver hérna fyrir ofan þig sem stjórnar þér.“

Sigga taldi slæma vináttu vera þegar annar aðilinn lúffar alltaf og lætur sig hafa það, hún sagði að það væri til vinátta sem einkenndist af því að annar einstaklingurinn er alltaf undir hælnum á hinum og þannig vinátta byggðist á því að annar einstaklingurinn réði.

Að vera háður vinum sínum

Skilgreining á vondri vináttu taldi Dóra vera þegar barn er of háð vini sínum slíkt kæmi í ljós þegar vinur barnsins væri veikur og þá væri dagurinn ónýtur fyrir barnið og taldi hún það ekki vera gott. Hún sagði að þá væri vináttan orðin dálítið hamlandi. Vala og Sunna töluðu einnig um að börn væru mjög oft vængbrotin þegar vinur þeirra væri í frí eða veikur en þær töldu það aftur á móti ekki ókost heldur einkenni.

Það var einnig talið að það væri ókostur ef vinátta byggðist á aðdáun, Dóra segir: „Ef það er svona aðdáunar samband þar sem annar aðilinn bókstaflega tilbiður hinn, það er varla kannski hægt að segja að það sé vinátta en stundum alveg ágætis samband en þau eru ekki jöfn í sambandinu.“

Grunn og djúp vinátta

Gæði vináttu komu fram á marga vegu og ein þeirra er að vinátta gæti verið djúp og grunn. Sigga átti þar við að þessi grunna einkenndist af því þegar barn tilkynnti öðru barni að það væri ekki vinur sinn vegna einhvers sem gerðist í leik og nær því ekki djúpt hjá börnum. Hún lýsti þeirri djúpu sem vináttu sem hafði vissa merkingu, hún taldi jafnframt að vináttan þroskaðist með börnunum. Vináttan væri þó mismunandi milli barna, getur verið djúp með einu barni en grunn með öðru allt eftir því hversu vel einstaklingar passa saman. Sigga sagði einfaldlega: „Engin vinátta er eins.“

Jákvæð vinátta

Jákvæða vináttu áttu allir viðmælendur auðvelt með að lýsa og voru lýsingar þeirra á svipuðum nótum. Viðmælendur sögðu að það sem einkenndi flotta vini, væri að þau væru eiginlega með sitt eigið tungumál, það væri gaman hjá þeim, blik í augunum, leikurinn væri skipulagðari, og það er meira jafnræði innan sambandsins. Sigga sagði einnig að hún byggðist upp á jákvæðum samræðum. Jákvæðu vináttunni lýsti Sunna sem eftirfarandi:

Sérstaklega þegar einstaklingur sem hefur verið meira ráðandi kannski eldri eða betur talandi eða eitthvað svoleiðis að hann dregur vininn með sér í það og svo smátt og smátt verður sjálfstraustið hjá honum það mikið að hann fer að telja sig á sama stalli sko ekki bara gera það sem honum er sagt heldur koma með tillögur hvað þau geta gert.

Taldi hún þá að sjálfstraust beggja aðila yrði meira og sá lægra setti færi að líta á sig sem jafningja hins. Þetta ýtir undir sjálfstraust barna. Dóra sagði „Mér finnst góða vináttan það er svona á jafnræðis grundvelli og traustið er til staðar.“ Sóley sagði að góð vinátta einkenndist af jafnræði því ef ekki ríkti jafnræði í vináttu væri hún ekki nægilega góð.

5.3 Kynjuð vinátta

Meðal umfjöllunarefna var vinátta milli barna af gagnstæðu kyni sem og barna af sama kyni. Meirihluti viðmælenda sögðu að það væri í raun ekki munur á vináttu kynjanna heldur frekar áhugamálum þeirra. Úr máli hinna viðmælendanna mátti greina viss svið sem væru öðruvísi og má þar nefna mun á því hversu háð þau eru hvort öðru, samskipti milli stelpna annarsvegar og stráka hinsvegar og togstreita sem upp getur komið.

Mismunandi hegðun og samskipti

Kom það fram í máli tveggja viðmælenda að það væri nokkur munur á því hvernig vinir hegðuðu sér í vináttusamböndum. Aðal muninn taldi Emma vera á því hversu háð þau voru hvort öðru. Henni fannst að stelpurnar væru oft í stærri vinahóp og þess vegna gerði það minna til þó „besta“ vinkonan væri ekki til staðar, þær færu bara að leika við einhverja aðra. Emmu fannst þó að strákarnir væru dálítið háðari einum vini og ættu mögulega ekki alltaf mjög marga. Einnig fannst henni stelpur oft „pössunarsamari“ og að þær pössuðu betur upp á hvor aðra bæði í gleði og sorg en vinátta stráka einkenndist frekar á því að þegar upp kæmu vandræði færu þeir hvor í sína áttina eða ýttu til hvors annars og héldu svo áfram. Svipað sjónarhorn kom fram hjá fleiri viðmælendum þegar rætt var um kynjamuninn.

Taldi Sunna að munurinn á kynjunum kæmi helst fram í samskiptum þeirra, hún taldi jafnvel að stelpur töluðu meira saman á meðan að strákarnir

gerðu meira saman. Sunna komst þó svona að orði: „Eðli vináttunnar er held ég alveg það sama.“

Togstreita

Togstreita á milli vina var Völu hugleikið. Hún benti á að hjá stelpum væru oft meiri togstreita í vináttu en strákuum en hún áttaði sig í raun ekki á því hversvegna það væri. Fram kom hjá henni að stelpur virtust ekki geta leikið sér nema tvær eða fjórar saman þegar þær væru komnar á fjöggra til fimm ára aldurinn. Það myndaðist allaf viss togsreita ef þær væru þrjár eða fimm. Hún taldi þetta vera mjög áhugavert og öðruvísi en hjá strákuum því þeir gætu leikið sér tveir saman eða margir saman í hóp og ekkert væri að því.

5.3.1 Vinátta kynjanna

Sett var fram spurning um einkenni vináttu kynja . Viðmælendur voru einnig spurðir hvenær þeir héldu að börn hættu að leika við börn af gagnkvæmu kyni og má flokka svör viðmælda minna niður í þau einkenni sem þau höfðu orðið varir við. Meðal þeirra voru samfélagsáhrif og mismunandi leikir barna. Sumir viðmælenda voru á því máli að kyn barna skipti ekki máli þegar kæmi að vináttu barna.

Hvenær breyttist vinátta barna með tilliti til kyns

Á hvaða tímapunkti fara börn að leika sér frekar við sama kynið er stóra spurningin. Viðmælendur töldu allir að vináttan færi að kynskiptast á einhverjum tímapunkti sumir sögðu um fimm til sex ára aldurinn, aðrir sögðu um fjöggra til fimm ára og enn aðrir að þetta breyttist ekki fyrr en í grunnskóla.

Einkenni vináttu kynjanna

Einkenni vináttu barna milli kynja töldu viðmælendur að væri að mörgu leyti þau sömu og önnur vinátta sem áður hefur verið einkennd. Þau sýni ekki yfiringang, sýni söknuð og að blik væri í augum þeirra. Þau ættu sér einnig sitt eigið tungumál og húmor sem veitti þeim gleði. Viðmælendur töldu að það væri það sem býr til tengsl þeirra á milli.

Dóra benti á að leikur stelpna og stráka leiddist oft út í skoðunarleiki þar sem þau skoðuðu hvort annað og væru forvitin og um kossa milli barna á

elstu deild í leikskóla. Greina má úr máli Siggu að strákar geti leikið sér í mýkri leikjum og stelpur í hasarleikjum ef strákur og stelpa leiki sér saman. Oft færi þetta eftir stöðum. Oft væri meiri hasar úti og rólegheit inni. Leikurinn fannst viðmælendum vera líkleg ástæða fyrir því að börn byrjuðu að skipta sér. Þar gætu áhugasvið þeirra einnig spilað stórt hlutverk. Sigga talaði um að sín reynsla væri sú að leikurinn væri oft meira afgerandi þegar strákar og stelpur leika sér við sama kyn en leikjavalíð væri ekki eins fast þegar börn væru sitt af hvoru kyninu. Sigga sagði:

Þegar það eru strákar og stelpur það er öðruvísi en strákur og strákur saman það er munur þarna á milli það er svona þau mætast meira á miðri leið einhvern vegin strákarnir eru alveg eins að fara þú veist í „dúkkó“ með þá þeim en þeir mundu ekki endilega kannski gera það með vini skilurðu þannig að það er munur þarna á milli.

Emma talaði um að vináttan gæti verið mismunandi og að hún tæki eftir því að þær stelpur sem væru fyrir hreyfileiki og æsing væru meira með strákunum en strákarnir sem væru rólegri tengdust stelpunum frekar.

Samfélags- og félagsáhrif

Margir viðmælendur töldu að samfélagið væri mesti áhrifavaldurinn þegar kæmi að kynjaskiptingu. Þá töldu þeir að börn færu að leika sér við sama kyn vegna auglýsinga og sjónvarps og þeirra duldu skilaboða sem fram koma um að börn ættu frekar að leika sér við sama kyn. Vala talaði um að það gæti mögulega verið ástæðan fyrir því að börn af gagnstæðu kyni, sem hefðu verið óaðskiljanleg í langan tíma, færu frekar að leika sér við sama kyn. Einnig benti hún á að oft væru börn á elstu deild farin að æfa kynjaskiptar íþróttir eins og fótbolta og sund eða dans, sem gæti mögulega haft áhrif á þessa skiptingu. Sunna talaði um félagsleg áhrif og sagði: „Það þarf stundum svolítið átak fyrir þau þegar þau eru fimm til sex ára að fara strákur í heimsókn til stelpu eða stelpa í heimsókn til stráks af því þeir eru vinir svona ef þau búa ekki í sama hverfi.“ Hún sagði einnig að ef þau hefðu verið vinir lengi væri það oft auðveldara og hin börnin sýndu því frekari skilning.

Kyn skiptir ekki máli

Sumir viðmælenda voru á þeirri skoðun að kyn skipti ekki máli þegar kæmi að vináttu en jafnframt að blönduð vinátta væri ekki mjög algeng hjá börnum á leikskólaaldri. Þeir voru á þeirri skoðun að börn léku sér í flestum tilfellum

við þann sem þeim fundist skemmtilegur og að kyn barna skipti í raun ekki máli. Einnig töldu þeir að sum börn væru bara ekki fyrir að leika sér við hitt kynið.

Sunna taldi meðal annars að sumar stelpur virtust bara aldrei vilja leika sér við stráka og öfugt. Hún taldi að það gæti haft svolítið með það að gera hvort þau ættu systkini af hinu kyninu og hvort það væri þeim eðlislægt að umgangast hitt kynið. Samkvæmt máli Emmu er vinátta af gagnkvæmu kyni ekkert feimnismál á þessum aldri og eru þau ekkert viðkvæm fyrir henni. Dóra taldi að oft þekktust vinir af gagnkvæmu kyni utan skóla í gegnum fjölskyldur en þó væri það alls ekki í öllum tilvikum. Henni fannst þetta vera misjafnt eftir hópum, þá átti hún við að sumir hópar skiptustu frekar í stelpur og stráka en hinir væru meira blandaðir. Hún taldi þetta fara mikið eftir karakterunum í hópnum og henni finnst þau ekkert sérstaklega upptekin af kynjunum.

Sunna talaði um að hún hefði það sem markmið að fá stelpur og stráka til að líta á hvort annað sem féлага og vini. Hún sagði: „Ég hef aldrei hugsað þetta sem kynjaða vináttu það er bara vinátta.“

5.3.2 Kynjuð hegðun

Viðmælendur voru einnig spurðir út í kynjaða hegðun og hvort hún væri algeng í leikskólum í dag. Ekki voru þeir sammála um þetta, frekar en annað. Kom það meðal annars fram að hegðun barna vær mismunandi, en að oft væri þetta í hausnum á fullorðna fólkinu. Vala taldi þó að hún væri alls ekki til staðar lengur, það væri ekki hægt að skilgreina stelpur og stráka með neinu sérstöku og var mjög föst á því. Annað kom þó fram frá öðrum viðmælendum.

Hegðun kynjanna

Kynjuð hegðun kemur fram að einhverju leyti í leikskóla að mati viðmælenda. Dóra taldi meðal annars þetta vera karaktertengt en hegðun kynja væri að sumu leyti ólík, oft væri meira „at“ í strákunum, meiri hreyfiþörf og leikirnir sem þeir völdu sér gassalegri en leikir stelpnanna, stelpurnar væru meira í dundi. Þó þarf það að koma fram að henni fannst þetta vera persónubundið og að ekki væri hægt að segja af eða á með

mismunandi hegðun barna. Hún telur þó að kynhegðun komi helst fram í leik þeirra.

Úr viðtölum mínum við Sunnu og Sóleyju mátti greina að þær telja að kynjuðhegðun sé til staðar. Fyrir nokkrum árum hafði Sunna verið með strákahóp sem vildi ekki vera í dúkkukrók eða „mömmó“ en þá ákváðu kennararnir að kalla þetta „pabbó“. Þá var ekkert mál fyrir strákana að leika sér með dúkkurnar.

Sóley orðaði þetta svona „Sko það er alveg mjög algengt að strákar sækja meira í bíla og stelpur kannski meira í snyrtileik eða eitthvað þannig, en svo erum við með dúkkukrók þá sækja bæði strákar og stelpur í hann til dæmis, en það er svo mikill hlutverkaleikur þar.“ Hún benti einnig á að strákar væru meira að sækja í kóngulóarmanninn og eitthvað þessháttar en stelpurnar meira í prinsessu þemað. Sóley greindi frá því í máli sínu að oft fyndist henni að ef stelpur væru meira fyrir hasar og eltingaleiki væru þær frekar að sækja í leik með strákunum og ef strákar væru fyrir rólegri leiki sóttu þeir frekar í stelpurnar til að leika sér við.

Huglægt viðhorf

Margir viðmælendanna töldu að kynjuð hegðun væri oft í hausnum á fullorðna fólkinu. Sigga greindi meðal annars frá því að hún héldi að við hefðum meira þol fyrir hasar og látum í strákum en við hefðum hjá stelpunum. Hún taldi að við vildum frekar sjá stelpurnar í rólegri leikjum. Þó sagði hún að kennarar reyndu oft að beina stelpunum í hasarleikina, en að þeir yrðu aldrei eins.

Sunna var sammála Siggju og tók sem dæmi búningadaga í leikskólanum þar sem allir voru sjóræningjar og tóku allir vel í þá hugmynd. Allir hefðu mætt sem sjóræningjar bæði strákar og stelpur, svo kom ein stelpa með hugmynd af prinsessudegi, hún tók vel í það en áttaði sig ekki á því að þetta gæti leitt til vandræða. En vandræðin komu ekki frá börnunum, þau komu frá foreldrunum. Þeim fannst ekki í lagi að það væri ætlast til þess að strákarnir þeirra kæmu klæddir sem prinsessur í leikskólann. Sunna sagði: „Ég held það sé miklu meira úr foreldrum og miklu meira þetta utanaðkomandi heldur en að það sé eitthvað innra með krökkunum.“

5.4 Umhverfi innan leikskólans

Þegar spurt var um umhverfi innan skólans tóku viðmælendur allir mismunandi vinkil á spurninguna. Þeir töluðu meðal annars um andrúmsloftið, samskiptin og skipulagið. Taka má sem dæmi viðhorf Siggu þar sem hún talaði um að hún héldi í raun að umhverfið skipti ekki máli og héldi að það hefði ekki áhrif á vináttuna. Þetta viðhorf er þó ekki í takt við það sem hinum fannst um umhverfið.

Andrúmsloft og samskipti á deild

Andrúmsloft deildar var mikilvægt hjá tveimur viðmælendum. Taldi Vala meðal annars að það skipti miklu máli og að andrúmsloftið hafi áhrif á vináttu, hún sagði: „Það séu ákveðnir þættir sem við þurfum að passa og bara að þau fái að taka sína eigin ákvarðanir eða þú veist lýðræðislegt umhverfi, meira svona sjálfræði eða sjálfsvald er þetta stundum kallað, já umhverfið hefur mikið að segja.“

Viðmælendum fannst einnig að það skipti máli hvernig unnið væri með börnunum og hvernig talað væri við þau sem og öll samskipti innan húsnaðisins. Greina mátti úr máli Siggu að ef kennararnir töluðu með hroka gæti það leitt til þess að samskipti barna gætu einkennst af því og gæti það leitt til þess að þeim reynist erfiðara að nálgast jafningja sína.

Áhrif skipulags

Að mati viðmælenda getur skipulag deildar og leikskólans í heild haft áhrif á vináttu barna. Fram komu tvö mismunandi sjónarhorn á skipulagið sem einkenndist af því að það gæti annaðhvort verið letjandi eða styðjandi. Dæmi um styðjandi skipulag benti Emma á að skipulag innan stórs hóps hefði mikil áhrif bæði á kennara og börn og kæmi í veg fyrir árekstra. Hennar skoðun var að skipulag hefði mikil áhrif á vináttu barna og að dagskipulagið gæti hjálpað þeim börnum sem væru óörugg. Taldi hún að skipulagið gerði það að verkum að börnin nýtu sýn betur í leiknum.

Dæmi um letjandi áhrif komu fram í máli Sunnu. Hún sagði að áhrif umhverfis innan skólans væru meðal annars þessi:

Það er fyrst og fremst þetta að eins og í leikskólanum hjá okkur þá erum við í rauninni ein deild en við skiptum samt börnunum upp í eldri og yngri og ef þau eru t.d á þessum aldri þegar að annað er yngra og

hitt er eldra þá lenda þau sitthvoru megin við hurðina þá er þeim í rauninni stíað í sundur.

Benti Sunna þó á að reynt væri að koma til móts við þessa skiptingu og að oft þegar börnin lentu sitthvoru megin við vegginn í skipulögðu starfi þá gæti það leitt til þess að börnin færu að finna sér vini í sínum hóp og eignuðust þannig fleiri vini, þetta væri því ekki alltaf neikvætt.

Starf sem einkennist af stjórnun

Í máli margra viðmælenda mátti greina að þeir töldu að kennarinn væri í mörgum tilvikum of stjórnandi og tæki völdin af börnunum. Þetta ætti bæði við um dagskipulag og hópaskiptingu. Dóra sagði í tengslum við þetta að kennarinn gæti leyft börnunum að hafa meiri áhrif þegar kæmi að hópaskiptingu og að börnum væri ekki stíað í sundur í matartíma eða samveru ef þau væru vinir af því að það væri hávaði í þeim, til dæmis. Það taldi hún að væri ekki rétta aðferðin. Vala var sammála og sagði: „Við verðum bara að kenna vinunum að hlusta saman alveg eins og að leika saman, og læra saman og allt eftir því eins og við matarborðið, hefur ekki heyrt þetta, „það gengur bara ekki að þeir setji saman“, en þeir eru bestu vinir.“

Vala taldi einnig að dagskipulagið skipti máli, en ef ramminn væri of þröngur næðu börn ekki að þróa með sér vináttutensl. Hún sagði að ekki væru öll börn með meðfædda færni í samskiptum og því væri gott að nota dagskipulagið til að efla jákvæða félagslega færni því það væri hægt að kenna hana.

5.5 Kennarinn

Hér verður greint frá því hvert viðmælendur töldu hlutverk sitt vera í vináttu og voru þeir spurðir hvort þeim fyndist traust og samskipti við börnin skipta máli þegar kæmi að vináttu þeirra. Af svörum viðmælenda má greina að þeim fannst það skipta máli, og að samskipti þyrftu ávallt að vera góð.

Samband byggt á trausti

Greina mátti úr máli allra viðmælenda að samskipti barna við kennara skiptu miklu máli upp á traust að gera. Barnið þyrfti að vita hvar það hefði kennarann og að hann væri til staðar fyrir það. Vala taldi að traustið hefði mikið með félagsfærni barna að gera og Dóra benti á að leikskólakennarar þyrftu að vera meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft á börnin. Að hennar mati skipti miklu máli hvernig kennarar töluðu við börnin og að samskiptin væru byggð á jákvæðni og góðum félagslegum tengslum sem þyrfti að mynda við hvert barn. Sigga sagði:

Ég held að þessi samskipti skipti bara öllu máli og það bara þau lita allt því barnið á náttúrulega að geta leitað til þín og talað við þig og fengið þú veist hjálp ef það er í vandræðum þannig að þar kemur inn traustið og þessi samskipti.

Sigga talaði einnig um að ef börn ættu ekki vini og gætu ekki leitað til kennarans gæti það haft slæm áhrif. Viðmælendum kom saman um það að ef barn hefði ekki trú á kennaranum eða gæti ekki litið upp til hans gæti það litað samskipti þess við önnur börn. Emma benti á, í tengslum við þetta, að traust væri áunnið og það gæti í raun orsakað að börn næðu ekki að treysta öðru fólki. Sóley benti sömuleiðis á að ef samskipti milli kennara eru slæm gæti það haft áhrif á samskipti barnanna vegna þess hversu áhrifagjörn þau eru og gæti það leitt til þess að börn eignist ekki vin.

5.5.1 Aðstoð við vináttu myndun

Viðmælendur voru spurðir út í hvernig þeir teldu að hægt væri að aðstoða börn þegar kæmi að myndun og viðhaldi á vináttu. Svör flestra viðmælenda einkenndust af þeirri skoðun að leikskólakennarar ættu ávallt að aðstoða börnin á einhvern hátt þegar kemur að vináttu og að mikilvægt væri að

kennararnir áttuðu sig á því að slíkt gerist ekki af sjálfum sér, heldur þurfi að hugsa markvisst um það. Allir töldu þeir að þetta væri algjörlega í verkahring leikskólakennara. Greina má svör þeirra niður í hluti sem hægt er að gera til að hjálpa, þar má nefna kennslu á vináttu og hvenær eigi að grípa inni ef vinátta myndast ekki af sjálfum sér.

Inngrip- hjálpartæki kennara við vináttumyndun

Viðmælendur voru margir þeirrar skoðunar að kennararnir ættu ekki að grípa inni vináttutengsl barna nema aðstoð væri þörf. Sóley var meðal annarra á þessu máli og benti á að kennarar þyrftu að vera meðvitaðir og hafa augun opin en þó ættu þeir ekki að skipta sér af ef vináttan gengi vel.

Dóra sagði að hún grípi inni ef barn næði ekki að mynda vináttutengsl vegna neikvæðrar ímyndar eins og ef barn hefur verið þekkt fyrir að bíta eða berja áður fyrr. Hún segir: „Þó þau séu löngu hætt þessari hegðun þá þurfum við oft að stíga inni og reyna að breyta þessari ímynd sem að fylgir þannig að þetta er alltaf okkar að vinna með.“

Komið var inn á nokkra gagnlega þætti sem nota má til að aðstoða börn þegar kemur að vináttu. Þar má meðal annars nefna eftirfylgni kennara þegar aðlögun er í gangi, þar sem markmiðið er að læra inn á nýju einstaklingana og reyna að sjá út hverjir passa best saman. Einnig töldu Dóra og Vala það áhrifaríkt að hafa börnin með í leik, oft yrðu þau vinsæl af því að umgangast kennarann. Sunna benti á að kennarar gætu skapað börnum tækifæri ef þau væru ein á báti. Notaðist hún oft við það ráð að leyfa börnum sem væru að mynda nýtt vináttusamband að vera útaf fyrir sig til að þau fengu frið til að mynda tengsl sín á milli.

Emma og Sóley lögðu til að notuð væri dyggðarkennslu þar sem tilfinningar væru kenndar. Þær töldu að það hefði mikil áhrif á vináttu, þar væru börn að læra að þekkja sínar eigin tilfinningar til að geta byggt upp góða vináttu. Sóley sagði: „Það er mjög mikið talað um vináttu í leikskóla... við lesum bækur og þú veist það eru leikrit og svona, það er rosalega mikið rætt um samskipti, og hér eru t.d dyggðirnar og svoliðis, og ég held að það skipti rosalega miklu máli, þetta er undirstaðan í vináttunni.“

Úr máli Sóleyjar mátti greina að henni fannst mikilvægt að leikskólakennarar gæfu kost á sér og að þeir væru til staðar fyrir börnin.

Bein kennsla í vináttu

Hægt er að stuðla að vináttu í gegn um beina kennslu að mati viðmælenda. Úr máli Siggu kom fram að hún og samstarfsfélagar hennar aðstoðuðu börn við vináttu með því að tala við þau og upplýsa þau um það hvernig vinátta ætti að vera, og má þar nefna sem dæmi að vinir þurfi ekki alltaf að vera saman, eða sammála. Þetta sagði hún að væri nokkuð í fókus hjá henni í starfi. Mikið væri lagt uppúr samskiptum við börnin og fjallað um umburðarlyndi og fleira tengt vináttu.

Sóley taldi sömuleiðis að mikilvægt væri að kennarar væru fyrirmyndir fyrir börnin og kenndu þeim þannig vináttu og hvernig hún eigi að ganga fyrir sig. Emma segir: „Mér finnst þetta alveg jafn mikilvæg kennsla og að kenna þeim grófhreyfingar og fínhreyfingar og þroskann svona alhliða“ Og tekur Vala undir þetta og bendir á mikilvægi kennslu á vináttu og annarra þátta, hún segir „Þetta á alveg eins að kenna eins og tölustafina og bókstafina.“

5.5.2 Þátttaka kennara í leik

Skiptar skoðanir voru um það hvor leikskólakennarar ættu að taka þátt í leik og samskiptum barna. Svör viðmælenda voru öfganna á milli. Sumir vildu að kennararnir tækju þátt í leik barna, aðrir voru á báðum áttum og enn aðrir á því að ekki ætti að taka þátt í leik barna nema nauðsyn væri.

Full þátttaka í leik

Þrjár af sex viðmælendum töldu að leikskólakennarar ættu að taka einhvern þátt í leik barna en þó var aðallega einn sem stóð fastur á fullri þátttöku ef hennar væri óskað. Vala sagði: „Kennarinn á náttúrulega að fara inn í leik, kennarinn á að fara inn í leik og leika með eins mikið og hann getur, ekki bara vakta leikinn eða fylgjast með, það gerist oft í leti dagsins.“ Hún taldi að kennarinn ætti að vera með í leiknum en oft þróaðist hann þannig að honum væri vísað út úr honum af börnunum, sem gæfi til kynna að þau væru á góðum stað. Kennarinn þyrfti líka að gefa andrými í leik barna. Vala telur líkt og fleiri að kennarinn eigi að fylgjast með leik og ef hann heyrir að eitthvað gengur ekki vel þá á hann að fara inn í leikinn í, ekki sem valdboði, leysa úr vandanum í leiknum, leikstýra smá stund og svo jafnvel stíga til baka ef hans er ekki þörf lengur.

Hinn gullni meðalvegur

Tveir viðmælendanna voru á báðum áttum þegar kom að þátttöku í leik, vegna þess að þeir töldu að börn lærðu mest af því að leika sér sjálf. Dóra talaði um að hún vildi ekki taka þátt í leiknum nema þörf væri á því. Hún hafði þetta að segja: „Ég á svölítið erfitt með þetta hugtak sko frjálsleikur af því að fyrir mér er leikur bara leikur ef hann er frjáls.“

Aftur á móti taldi Dóra að ef eitthvað væri í gangi í leiknum færi hún inn í hann og sveigði honum á réttan kjöl, ekki með valdboði þó.

Emma talaði um að með yngri börnin, um tveggja ára, tæki hún meiri þátt en með þeim eldri leyfði hún þeim að leysa úr vandamálunum sjálf eins og hægt væri. Hún taldi líkt og Sóley að það væri ekki gott ef kennari gripi of snemma inn í því þá gæti hann mögulega skemmt leikinn.

Stolt standkona

Tveir viðmælendur töldu að ekki ætti að taka þátt í leik barna, nema búið væri að reyna allt annað í stöðunni. Sunna sagði:

Ég er algjörlega á móti þessu og hef alltaf verið það því ég segi það að þegar fullorðinn er með í leik þá fer leikurinn að snúast í kringum forsendur fullorðna einstaklingsins, það er allt í lagi að grípa inn í leikinn og hjálpa honum að koma honum áfram og svo vil ég draga mig út af því að ég vil að þau þrói þetta áfram.

Greina mátti úr máli Sunnu að ekki eigi að segja börnum hvernig þau eiga að leika sér og sagði hún að þegar starfsfólkið á hennar leikskóla hefði farið að gera þetta markvisst, hefðu börnin farið að stóla meira á sjálf sig. Hún taldi að börn í dag væru mötuð. Þetta væri þeirra leið til að draga úr því og gefa þeim færi á því að hafa ofanaf fyrir sér sem hún telur dýrmætt. Hún kallar sig í raun „stolta standkonu“.

Sigga taldi að börn ættu að fá að leysa sín mál sjálf, ef þau mögulega gætu það. Sagði hún að með þessu væri verið að undirbúa börnin undir lífið sjálft því þar væru engir til að segja þeim nákvæmlega hvað þau ættu að gera, þar þyrftu þau að bjarga sér. Sigga sagði að hún væri þó til staðar fyrir börnin ef eitthvað kæmi uppá og gengur ekki upp, eftir að þau eru búin að reyna að leysa úr því sjálf. Það sama sagði hún ef upp kemur ágreiningur.

5.5.3 Viðbrögð við vinaleysi

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir fylgdust sérstaklega með börnum sem ættu ekki vin svöruðu þeir því játandi. Þeir höfðu mismunandi sögu að segja þegar kom að því og töldu meðal annars að erfitt væri að hjálpa þeim börnum sem sýndust vera einfarar eða liði vel ein, einnig hefðu þeir fengið upp á borð til sín börn sem leið illa með vinaleysi sitt og sögðu þeir hvernig best væri að leysa úr því.

Mismunandi áhrif vinaleysis

Viðmælendur töldu sumir að stundum kæmu fram börn sem væru bara ein og Vala taldi að þau væru eins og einfarar því þau væru ein, sama hvað kennarinn reyndi. Vala nefndi eitt dæmi um strák sem væri þriggja ára, hann var alltaf einn og kennararnir reyndu allt til að fá hann í leik með öðrum, hann byrjaði en virtist þreytast mjög fljótt á leiknum og fara þá bara aftur í einsmannsleik eða hliðarleik, þar sem hann fylgjast með öðrum, hún taldi hann samt glaðan og ánægðan. Þá væri oft skoðað hvort eitthvað annað gæti verið að eins og einhverfa eða eitthvað því um líkt, en það átti ekki við í þessu tilviki.

Vala taldi að ef kennarar leyfðu börnum að hjálpa öðrum leiddi það oft til þess að þeim fyndist þau hafa tilgang og hjálpaði oft þeim börnum sem ættu erfitt í samskiptum. Sunna hafði svipaða sögu að segja og sagði:

Það er hluti af starfinu okkar að fylgjast með börnunum og sjá hvernig þau þróast og þroskast, börn sem eru einræn og eru mjög sátt með sjálfan sig ein geta fyrir vikið liðið ósköp vel en svo eru önnur sem líður ekki svo vel með það og auðvitað reynir þú alltaf á þinn hátt alltaf að hafa þau með.

Sigga sagði að vinaleysi skipti í raun ekki alla máli, fyrir sum börn væri vinátta ekkert atriði og þau væru sjálfum sér nóg. En fyrir aðra skiptir þetta miklu máli, þau þráðu þetta en kunnu ekki að koma sér inn í vinahóp. Hún sagði að þá hjálpuðu kennararnir til við það, eins og með því að kenna börnum að koma sér inn í leikinn, kenna þeim samskipti og með því öðlist þau smátt og smátt sátt innan hópsins og hann meðtæki barnið.

Eftirlit og samskipti kennara við börn

Viðmælendur sögðu að þeir fylgdust markvisst með börnum sem þyrftu á því að halda og ef þau stæðu höllum fæti vegna einhverra ástæðna. Einnig talaði Emma um að ef hún sæi barn sem væri útundan reyndi hún að koma því í leik til að enginn yrði útundan. Hún sagði sömuleiðis að það barn, sem væri eitt, þyrfti oft frekari kennslu í félagsfærni og fengi hana í gegnum kennslu á dyggðunum auk þess sem kennarinn reyndi að koma barninu inn í leik.

Sóley sagði: „Mér finnst rosalega erfitt að hjálpa börnum sem að eiga ekki vini mér finnst það bara mjög erfitt.“ Hún talaði um að reynt væri að tala um vináttuna við börnin inn í hóp og reynt að ýta undir vináttu með öðru barni í hópnum. Sóley sagði að þetta væri ekki auðvelt verkefni því ekki væri heldur hægt að neyða krakka til að vera vinir. Að hennar mati er líklegra að léleg félagsfærni komi fram hjá börnum á elstu deild og þó að kennararnir reyndu ýmsa hluti hefðu þeir ekki alltaf áhrif. Sóley sagði þó: „Maður gefst samt aldrei upp maður reynir bara að halda áfram.“

Áhyggjur af vinaleysi

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvenær þeim fyndist kominn tími á að hafa áhyggjur af því að börn ættu ekki vini töldu þeir flestir að það væri enginn sérstakur tími til að byrja, kennarar þyrftu alltaf að vera með augun opin og ef börnum líði illa þyrfti að skoða það. Sóley sagði „Það er svo ömurlegt þegar börnum líður illa og barn sem kannski aldrei fær að vera með í leik, það er orðið mjög alvarlegt.“ Hún sagði þó að hún hefði aldrei upplifað það svo slæmt en hefði orðið þess vör að börn ættu í erfiðleikum með að komast inn í leik. Sóley taldi það oft vera byrjun á vinasambandi þegar börn fengu að vera með eða fylgjast með leik barna. Mögulega gæti það leitt til þess að sjálfstraust aukist og að barnið verði sjálfstæðara og öruggara í samskiptum. Það geti leitt til vináttusambands.

Ef barn væri mjög vansælt með vinaleysi sitt er kominn tími til að skoða hvað valdið getur vinaleysinu að mati viðmælenda. Sigga talaði um að skoðað væri þá hvort það væri barnið sjálft sem skapaði aðstæðurnar eða hvort þetta orsakaðist af höfnun frá hinum börnunum.

Sigga sagði að það væri alveg sama hvort það væri vinátta eða ekki, ef að kennari tæki eftir því að barni líði illa, þá þyrfti að athuga hvað það væri sem ylli því, vegna þess að góð líðan væri grunnurinn af öllu námi og öllu góðu í

lífinu. Vala hafði þó orð á því að hún trúði því ekki að börn myndu ekki á endanum eignast vin, hún hefði aldrei lent í þeirri aðstöðu.

5.6 Mat á vináttu

Viðmælendur voru spurðir að því hvernig þeir og þeirra skóli skoðuðu vináttu og hvaða verkfæri væru notuð. Allir könnuðust þeir við mismunandi matskvarða sem notaðir væru til að skoða vináttu barna á einhvern hátt og voru þeir misjafnir en allir sögðu þeir að vinátta væri metin mjög reglulega alveg frá því að vera einu sinni á ári upp í einu sinni í mánuði.

Þeir töluðu um vnahring, *Agnið* og almenna skoðun á börnunum frá mismunandi sjónarhornum. Úr máli þeirra allra mátti greina að í þeirra leikskólum hugsuðu mikið um vináttu barna og að börnum liði vel. Nefna má dæmi frá Völu um hvernig unnið er með vnahring. Hún sagði: „Þá erum við að spyrja krakkana með hverjum leikur þú mest og hver er vinur þinn og svo erum við líka að skoða af því við erum að skrá leikinn, bara með því að mynda og maður sér það bara á myndunum hverjir eru hvar.“ Vala sagði að í framhaldi af því væri svo skoðað hver, ef einhver, væri útundan.

Annars mátti greina að viðmælendum fannst almennt að, ef góð samskipti væru milli starfsfólks, auðveldaði það þessar athuganir mikið og hjálpaði til við að vinna úr hlutunum. Einnig var það skoðað í leikskóla eins viðmælenda míns hvar börnunum liði best og hvernig þau hefðu það í leikskólanum sem hefur mikið að segja þegar kemur að vináttunni. Sunna talaði um að farið væri mjög reglulega yfir hvernig hvert barn stæði líkamlega, andlega, mállega og tilfinningalega og telur Sunna að þau séu mjög vakandi yfir velferð barna alla daga ársins. Talaði Sigga um að allir starfsmenn væru á tánnum gagnvart börnunum og líðan þeirra. Sigga sagði: „Það er svo gott að fá sýn margra á börnin og ég held að við séum rosalega dugleg að rýna í þessa krakka.“

5.6.1 Námskrá

Að síðustu spurði ég viðmælendur hvernig og hvort fjallað væri um vináttu í skólanámskrám þeirra eigin leikskóla. Flestir þeirra sögðu að það væri ekki fjallað um vináttu beint í námskránni en talað væri um þætti sem tengjast henni á einhvern hátt. Og töluðu þeir um samskipti, dyggðir, leikinn og umhyggjuna sem eru allt þættir sem tengjast vináttunni að einhverju leyti. Bentu þeir á þær áherslurnar sem þeirra leikskóli hefði og sagði Vala meðal annars að hún teldi að það mætti örugglega undirstrika vináttu og leikinn, samræðurnar, samskiptin og glaðværðina í námskránni og aðalnámskránni, því þetta væri það mikilvægt.

Dóra sagði að það væri meira talað um samskipti og mikilvægi þeirra í vináttu og öllu lífi barna. Hún sagði að tækni væri að taka yfir líf margra barna og að mikilvægt væri að leggja áherslu á samskipti við börn í leikskólanum. Þess vegna væri svona mikið talað um þau í námskránni þeirra.

Úr máli Siggu mátti greina að í námskrá hennar skóla væri talað um efni sem tengist vináttu í námskránni eins og umhyggju. Sigga talaði um að hún hefði orðið mjög glöð þegar umhyggjan kom inn í námskrána og telur hún að námskráin sé alltaf að verða mannlegri og líti meira á sálina en ekki bara á umbúðirnar því eins og Sigga segir: „Sálin er það sem heldur í okkur lífinu og gerir okkur að manneskjum.“

6. Umræður

Úr niðurstöðum þessarar rannsóknar má lesa margt í tengslum við vináttuna og áhrif leikskólakennarans á hana. Ekki ber viðmælendum alltaf saman við fræðin en þó koma tilfelli þar sem hugmyndir leikskólakennarana virðast vera keimlíkar þeim fræðilegu. Hér mun ég fjalla um rannsóknarspurningarnar sem settar voru fram í inngangi og þá þætti sem mér fannst standa uppúr í niðurstöðunum og tengja við fræðin. Rannsóknarspurningarnar eru í fyrsta lagi, *Hvaða áhrif hefur það að eiga vin á aldrinum tveggja til sex ára að mati leikskólakennara?* Í öðru lagi, *Hvaða áhrif getur vinaleysi haft á börn á aldrinum tveggja til sex ára að mati leikskólakennara?* Og í þriðja lagi, *Á hvaða hátt telja leikskólakennarar að þeir eigi að hafa áhrif á vináttu barna?*

6.1 Vinátta barna

Hér að neðan verður leitast við að svara tveimur fyrri rannsóknarspurningunum. Lesa má úr niðurstöðum rannsóknarinnar að skoðanir kennara á áhrifum vináttu eru keimlíkar fræðunum. Þær gefa til kynna að vinátta hafi áhrif á félagsleg samskipt barna, þau verði sjálfsöruggari, glaðari, sterkari og allir töluðu viðmælendur um að vinátta hefði mikil áhrif á einstaklinginn sjálfan. Emma taldi meðal annars að vinátta væri hornsteininn í öllum samskiptum.

Bera má þessar niðurstöður saman við niðurstöður Sebanc, (2003, bls. 249–250) sem taldi að vinátta gæti veitt börnum tækifæri á því að þróa með sér færni, á borð við sjálfsþekkingu og þekkingu á heiminum í heild sinni, barnið lærir að þekkja tilfinningar og vitsmunaleg úrræði. Þessi úrræði á barnið að geta sótt í við ýmsar aðstæður og verið fyrirmynd fyrir framtíðarsambönd þess. Erdley og aðrir fræðimenn, (2001) tala sömuleiðis um að jafningjasamband geti leitt af sér væntumþykju, nánd, bandalag, og fleira sem hjálpar barninu bæði í framtíð og nútíð (sjá í Oberle, Schonert-Reichl og Thomson, 2010, bls. 1331).

Aftur á móti sögðu viðmælendur að það væri einstaklingsbundið hversu mikil áhrif vinaleysi hefði, sum börn tæku það nærri sér á meðan önnur gerðu það ekki á sama hátt, þau virtust sjálfum sér nóg. Nefna má sem dæmi börn sem kalla má einfara eða að þau séu einræn eins og tveir viðmælendur töluðu um. Þau virtust ekki hafa sömu þörf fyrir vini og aðrir. Þetta fannst mér mjög áhugvert en þegar fræðin voru skoðuð nánar kom það fram hjá Dunn, (2004, bls. 87–88) að sum börn væru í raun nokkuð sátt með að vera ein, ástæða þess að þau væru ein væri ekki að þeim væri hafnað af jafningjum, heldur eins og fram kom hjá viðmælendum að þau virðast vera sjálfum sér nóg, og hafa ánægju af þeim einstaklingsverkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Ef til vill er það þetta sem Dóra á við þegar hún segir að börn í kringum þriggja ára aldurinn væru sum uppteknari af því að eiga leikfélaga í kringum ákveðin verkefni og sýndu ekki eins mikla þörf fyrir nána vináttu. Það má hinsvegar lesa nokkuð skýrt úr niðurstöðunum að það sé þó algengara að börn taki vinaleysi nærri sér, sérstaklega þegar þau eru eldri og að það hafi neikvæð áhrif á þau.

Af þessu má draga þá ályktun að oft yrðu börn einmana ef þau eiga ekki vini. Það er í samræmi við rannsóknir Dunn, (2004, bls. 94–95) sem segja að börn alveg niður í fimm til sex ára hafi lýst líðan sinni á þann hátt að þau séu einmana þegar þau eigi ekki vin og að sú lýsing sé í samræmi við lýsingu á einmanaleika fullorðinna. Þau segjast vera sorgmædd vegna þess að enginn vill vera með þeim og finnst að engum líki við sig. Einnig kemur fram að einmanaleiki getur komið fram ef gæði vináttunnar eru ekki sem skildi.

Hluti viðmælenda taldi að börn vansælli þegar þau væru ein og það sæist í mörgum tilfellum á þeim ef þau ættu ekki góðan vin, þá hefðu þau meiri þörf fyrir kennara og „hengdu sig“ á þá. Það er vert að benda á að samkvæmt því sem bæði Schaefer, o.fl., (2010, bls. 62) og Engle o.fl, (2011, bls. 366–367) töluðu um þá getur vinaleysi leitt til félagslegrar einangrunar og að börn eigi erfiðara með að aðlagast nýjum aðstæðum. Léleg samskipti geti meðal annars leitt til lítillar félagsfærni, eiturlyfjaneyslu og brottfalls úr skóla. Samkvæmt svörum viðmælenda má túlka svarið við fyrstu spurningunni á þann hátt að vinátta hafi mikil áhrif á leikskólabörn, börnum líður mörgum illa þegar þau eiga ekki vini og séu oft illa stödd félagslega. Svarið við annarri spurningunni, þegar litið er bæði til fræðanna og niðurstaðna, ber með sér að vinaleysi hefur ekki áhrif á öll börn og getur þeim liðið vel þrátt fyrir að eiga ekki vini.

6.1.1 Einkenni vináttu

Viðmælendur töldu flestir að vinátta ungra barna snérist í kringum leik. Þeir töldu jafnframt að vinátta byrjaði aðeins að þróast í kringum þriggja ára aldurinn og börnin færu að treysta meira á hana og mynda þannig nán tengsl í kringum þann aldur. Svipaðar niðurstöður má greina úr þeim fræðunum sem fjallað hefur verið um, samkvæmt þeim snýst vinátta leikskólabarna að mestu leyti í kringum leik og töldu Bagwell og Schmidt, (2011, bls. 70) að vinátta væri í rauninni ekki alveg eins traust hjá yngri börnum og hún er hjá þeim eldri.

Viðmælendur töldu, sem er í samræmi við Bagwell og Schmidt, (2011) að vinátta öðlaðist frekara gildi fyrir börnin um þriggja ára aldurinn og færi gildi hennar sí vaxandi með aldrinum. Aftur mátti greina úr máli nokkurra viðmælenda að börn frá tveggja til þriggja ára væru ekki alltaf að leita að vináttu heldur einhverjum til að leika við og væru í raun ánægð ef þau hefðu leikfélaga yfir daginn. Þennan sama skilning á vináttuhugtakinu má lesa úr fræðunum og viðmælendum, þar kemur í ljós að börn fyrir þriggja ára aldurinn virðast ekki hafa sama skilning á hugtakinu vinur og eldri börn, þau hugsa frekar um barn sem leikfélaga.

Niðurstöður mínar leiddu í ljós að oft einkennist vinátta um tveggja ára aldurinn á kunningsskap þar sem börnin hafa ekki náð upp þeim stöðugleika sem einkennir vináttu eldir barna. Þetta má tengja við kenningu sem Wojslawowicz-Bowker o.fl., (2006, bls. 672–673) settu fram og fjallað er um í fræðikafli ritgerðarinnar, en þar voru sett fram snið sem hjálpa til við greiningu á vináttu leikskólabarna. Þar má nefna flokka eins og viðvera og fjarvera vináttu þar sem fjallað er um stöðugleika vináttu og að fjöldi vina sé breytingum háður. Einnig geta einstaklingarnir verið breytilegir. Allt fer það eftir einstaklingunum hversu stöðug vinátta er.

Mínar vangaveltur einkennast af því að börn á þessum aldri eru mjög misjöfn og ekki hægt að segja það sama um þau öll. Oft virðist þeim sárna þegar einstaklingur samþykkir þau ekki sem vini þó þau sárindi endist mögulega ekki nema í nokkrar mínútur.

6.1.2 Gæði vináttu

Um gæði vináttu höfðu viðmælendur misjafna sögu að segja. Allir voru þeir sammála um þau jákvæðu áhrif sem vinátta gæti haft og sögðu að hún gæti aukið sjálfstraust, veitt styrk, veitt gleði og ýmislegt fleira sem er í samræmi við fræðin. Þeir voru þó ekki sammála hvor öðrum né fræðum þegar kom að neikvæðri vináttu. Þeir töldu að vinátta gæti ekki haft þau slæmu áhrif líkt og fræðin gáfu til kynna, þeir töldu þó að augljóslega gæti hún leitt til átaka. Samkvæmt fræðimönnum á borð við Hartup, (1996, bls. 2), Berndt, (2001, bls. 346–347) og fleirum getur vinátta einkennst bæði af jákvæðri nánd og stuðningi og svo getur hún einnig verið neikvæð og einkennst af endalausum átökum. Kom það fram hjá viðmælendum að vinátta sem einkenndist af stjórnun annars einstaklingsins, þar sem leiðtogar stjórnðu heilum hóp fyrir sig annaðhvort á jákvæðan eða neikvæðan hátt gæti kallast neikvæð vinátta. Viðmælendur voru ekki á því að vinir gætu haft slæm félagsleg áhrif á hvorn annan eða að vinátta gæti leitt til ofbeldis, þó sagði Sóley að ef tveir vinir væru saman gæti vinátta þeirra einkennst af stríðni gagnvart öðru barni. Þannig getur vinátta haft vond áhrif. Því einstaklingarnir væru í flestum tilfellum í lagi þegar þeir léku sér ekki saman.

Benda má á að hér er verið að fjalla um leikskólabörn en í rannsóknum eru þessi áhrif greinilegri hjá eldri börnum, samkvæmt Sebanc, (2003, bls. 249–250) kemur fram að vináttusamband geti haft neikvæð áhrif á þroska barna vegna þess hversu stórt þroskahlutverk vinátta hefur. Sebanc telur einnig að vinátta geti leitt til skaðlegrar hegðunar og verið vond fyrirmynd fyrir komandi sambönd. Berndt, (2001, bls. 346–347) talaði um að sami einstaklingurinn gæti í raun verið trúnaðarvinur og félagi í ýmsum verkefnum sem og andstæðingur þegar kemur að átökum. Vinátta getur þar með einkennst bæði af jákvæðum og neikvæðum hlutum.

Ég hugsa þó út frá því sem ég túlka og les í svör viðmælenda að þeir hafi í raun ekki hugsað mikið út í neikvæða vináttu eða vonda vináttu. Í framhaldinu velti ég fyrir mér hvort hún sé algeng og þá sérstaklega í leikskólum. Slíkri hegðun má oft líkja við einelti, og er því ekki talað um vonda vináttu í daglegu tali. Margir viðmælendur töldu í raun að þau dæmi sem þeir tóku um vonda vináttu væri í raun ekki vinátta. Það er einnig hægt að velta því fyrir sér hvort börn gætu í raun haft slæm áhrif á hvort annað, ef haft er auga með þeim, börn geta auðvitað strítt hvort öðru og reynt að hafa yfirhöndina, en ég tel að það sé í raun hlutverk foreldra og leikskólakennara

að kenna börnum „réttá“ hegðun í vináttu sem og við aðra einstaklinga líkt og kom fram í niðurstöðum.

6.1.3 Val á vinum

Val barna á vinum misjafnt og kom það fram í niðurstöðum að viðmælendur gátu ekki alltaf séð hvað orsakaði val barna á vinum. Viðmælendur voru þeirrar skoðunar að líkindi skiptu ekki öllu máli þegar kæmi að vali barna á vinum líkt og kom fram í rannsókn sem Hess gerði árið 1972 (bls. 372) sem talað er um hér að ofan. Aftur á móti töldu fræðimenn á borð við Haselager og félagi, (1998, bls. 1204) að líklegri sé að börn sem séu lík, verði vinir sem og Gottman, (1983) sem telur að frekar myndaðist vinasamband hjá börnum sem eru lík eða á svipuðum aldri, af sama kyni, kynþætti og líkamsbyggingu og að yngri börn væru líklegri til að sækja í vini sem þau hittu oft (sjá í Lindsey, 2002, bls. 146

Þrír af viðmælendum töldu val barna hvorki vera byggt á líkindum eða áhugamáli. Frekar töldu þeir að vináttan fælist í einhverju óáþreifanlegu, aðdráttarafla sem byggðist á einhverskonar efnaskiptum, sem tengdi börnin saman og sem erfitt væri að útskýra. Ég hef ekki rekist á rannsóknir tengdar þesskonar tengslum við gerð þessarar ritgerðar. Hinsvegar styðja rannsóknir við þá hugmynd að leikurinn sé stór partur af vináttu, að minnsta kosti þegar börn eru ung og undir það taka leikskólakennararnir.

Það er þó áhugavert að benda á að einn viðmælandi taldi að val á vinum byggðist stundum á vinsældum, þar sem einn einstaklingur væri vinsæll og allir vildu vera vinur þess einstaklings. Ég velti því fyrir mér við skrifin hvort vinátta færi nokkuð að snúast um vinsældir fyrir en í grunnskóla.

6.2 Kynjuð vinátta

Kynjuð vinátta eða vinátta kynjanna bæði við sama kyn og milli stelpna og stráka. Í rannsókninni var meðal annars spurt um kynjaða vináttu þar sem fjallað var bæði um mismunandi vináttu milli stelpna annars vegar og stráka hinsvegar og svo vináttu milli stelpna og stráka. Viðmælendurnir sögðu að vinátta stelpna annarsvegar og stráka hinsvegar væri að mörgu leyti mismunandi og eru fræðin þar á sama máli. Hér má nefna að fræðimennirnir

Kraft og Vraa, (1977, bls. 377) bentu á að stelpur, frekar en strákar, hafi meiri þörf fyrir það að stofna til góðra sambanda (sjá í Maccoby, 1990, bls. 516). Einn viðmælandi talaði um, sem er mótsögn við rannsóknina hér að ofan, að strákar yrðu oft háðari vinum sínum en stelpur, þær töluðu meira og ættu fleiri vini, strákar ættu frekar bara einn góðan vin. Viðmælendur voru þó eiginlega allir sammála um að vináttutilfinningin sem slík væri í raun sú sama milli stelpna og stráka í sitthvoru lagi en að hegðunin sem tengist vináttunni gæti verið mismunandi milli kynja.

Bera má orð Siggú saman við Rose og Asher, (2000, bls. 54–55) þegar hún talar um að oft leiti strákar frekar í hasar en stelpur í rólegri leiki. Einnig benti Sigga á að þó reynt væri að setja stelpur í sama umhverfi og strákar með sama leikefni, yrði leikurinn aldrei eins. Ég hugsa að eitthvað sé til í þessu, rétt þó að ekki megi alhæfa, því til eru strákar sem eru meira fyrir rólegri leiki og stelpur sem eru fyrir hasar eins og gengur. Ég hugsa að það sé í mörgum tilfellum kennarana að breyta þessari hugsun.

6.2.1 Kynjuð hegðun

Kynjuð hegðun eða hegðun kynjanna og munurinn á henni byggist á þeim kynhlutverkum sem mörg börn tileinka sér ung. Oft er fjallað um kynjaða hegðun hjá leikskólabörnum og eru ekki allir á sömu skoðun um hvort hún viðgangist í leikskólanum. Í rannsókn sem Davies gerði árið 2003 lagði hún aðaláherslu á það að skilja ástæðuna fyrir því hvers vegna ung börn virðast tileinka sér kynhlutverk á ungaaldri þrátt fyrir það að foreldrar þeirra teldu að þeir væru að vinna gegn kynhlutverkum í uppeldi barna. Hún komst að þeirri niðurstöðu að börn væru mjög meðvituð um það sem ætlast væri til af þeim og að ótti flestra barna væri fólgin í þeirri hættu að þau hagi sér ekki á réttan hátt, að þau noti ekki rétt málfar eða séu ekki með réttan persónuleika fyrir kyn sitt (sjá í Þórdís Þórðardóttir, 2012, bls. 51).

Þetta kemur inn á þá stöðluðu kynjuðu hegðun sem oft er talað um og voru mjög misjafnar skoðanir á því hjá viðmælendum hvort hún kæmi fram hjá leikskólabörnum. Skoðanir þeirra voru annað hvort tengdar því að kynjuð hegðun væri ekki til staðar í leikskólum eða að kynjuð hegðun tengdist leik barnanna þar sem stelpur sóttu frekar í leiki sem tengdust dúkkum og prinsessum en strákarnir meira í batman og súpermen svo eitthvað sé nefnt. Vala taldi að hegðunin kæmi ekki fram hjá leikskólabörnum eða að stelpur

væru ekki eitthvað mýkri eða strákarnir harðari af sér. Sunna talaði um að þetta kæmi mjög skýrt fram á búningadögum og að oft væru stelpurnar sveigjanlegri og færu í sjóræningjabúninga eða kúrekabúninga en strákarnir fengust sjaldan til að fara í prinsessu búninga eða eitthvað sem er búið að stimpla sem týpíska „stelpubúning“. Sunna og Sigga voru þó báðar vissar um að kynjuðhegðun væru oft meira í hausnum á fullorðafólkinu en hjá börnunum.

Á vissan hátt tel ég að Davies, sé á réttri leið í hugsun sinni, börn á vissum aldri búast mögulega við að þau eigi að haga sér á vissan hátt útfrá því hvernig umhverfið talar um stelpur eða stráka og getur það ýtt undir kynhegðun þeirra og vangaveltur um þessi mál. Ef ég gríp niður í það sem Sigga hafði um efnið að segja get ég tekið í sama streng þegar kemur að því að breyta hugsunarhætti fullorðna fólksins ekkert síður en barnanna. Stelpur eiga alveg jafnan rétt á því að vera í hasarleikjum og fara í bílana eins og strákar eiga rétt á því að fara í „mömmó“ eða fara í snyrtidótið svo dæmi séu tekin.

6.3 Umhverfi innan skólans

Skiptar skoðanir eru um umhverfið innan skólans og dagskipulagið. Viðmælendurnir töluðu allir um að mikilvægt væri að gott andrúmsloft væri innan leikskólans og að kennarar kæmu fram við börnin af virðingu, að börnin fengju að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að umhverfið einkenndist af lýðræðislegri hugsun. Howes, (2000, bls. 192) taldi að jafningjasambönd gætu verið misjöfn og getur orsakast af misgóðu andrúmslofti innan deildarinnar. Hún taldi að ef andrúmsloftið væri neikvætt gæti það oft leitt til verri jafningjasamskipta. Frá viðmælendum komu fram misjöfn sjónarhorn, líkt og að gott skipulag minnkaði árekstra.

Tveir viðmælendur nefndu að ekki væri sanngjarnt að stífa vinum í sundur í samveru eða matartímum eða jafnvel milli deilda þó að þau hefðu ekki hljótt. Þeir töldu að það þyrfti að kenna þeim rétta hegðun saman. Þetta styðja þó ekki rannsóknir sem Bergen, (1993, bls. 234) setti fram, en þar kemur fram að í raun geti vinátta barna verið kennurum til boga í kennslustofunni og reyna því sumir kennarar að draga úr samskiptum bestu vina, á það skal þó bent að þær rannsóknir taka til grunnskólabarna. Kennarar hafa jafnframt

áhyggjur af vinaleysi barna í skóla. Vala og Dóra töldu að það þyrfti að kenna börnunum að hlusta og læra saman því það væri svo mikilvægt upp á framtíðina. Sjónarhorn Bergen er skiljanlegt og mögulega á það rétt á sér en þó er það hlutverk kennara að huga að þessum hlutum eins og kom fram í rannsókninni.

6.4 Áhrif leikskólakennarans

Þriðja rannsóknarspurningin var, *Á hvaða hátt telja leikskólakennarar að þeir eigi að hafa áhrif á vináttu barna?* Allir viðmælendurnir töldu að það væri stór hluti af starfi þeirra sem leikskólakennara að hjálpa börnum í vináttusambandi þeirra. Flestir voru þeir þó sammála um að þeir hefðu ekki bein áhrif á það, ekki ef þess væri ekki þörf, ef vinátta gengi vel þá skiptu þeir sér ekki af henni, en ef barn þyrfti hjálp við að komast inn í vináttusamband töldu þeir að grípa þyrfti inn í. Í *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 segir jafnframt að kennarinn eigi ekki aðeins að miðla þekkingu sinni heldur eigi þeir að stuðla að því að börn fái tækifæri til að afla sér upplýsinga í gengum leik og önnur samskipti og í tengslum við það kom Vala með góðan punkt sem ég hef velt fyrir mér, hún talaði um að það væri mikilvægt að kennarar áttuðu sig á því að þetta gerðist ekki af sálfum sér, þetta væri eitthvað sem þeir þyrftu að vinna markvisst með til að sjá árangur. Þetta finnst mér gott, og mikilvægt að kennarar hugsi svona því ég veit, eftir skrif á þessari ritgerð, að vinátta er ekki eitthvað sem kemur af sjálfum sér og er eitthvað sem þarf að vinna markvisst með.

Þegar kemur að því hlutverki sem leikskólakennari gegnir þegar kemur að þroska barna, kom Howes, (2000, bls.192) inn á að alltaf væru að koma fram fleiri rök fyrir því hversu stórt hlutverk það er og þá sérstaklega gagnvart félagsþroska barna. Viðmælendur sögðu að þetta væri mjög stór hluti af starfi þeirra því þeim fyndist mikilvægt að börnin væru ánægð. Ef börn ættu ekki vini væru þau ekki eins ánægð og þau gætu verið.

Ýmsar aðferðir komu fram þegar viðmælendur mínir voru spurðir út í aðferðir sem þeir notuðu til að hjálpa börnum. Emma og Sóley vildu að notuð væri dyggðarkennsla til að aðstoða börnin við tilfinningaskilning sinn, þær töldu að skilningur barna á tilfinningum sínum skipti miklu máli þegar kæmi að vináttu og dyggðirnar innihéldu einnig ýmsa þætti sem eru mikilvægir í vináttunni. Hinir viðmælendurnir komu fram með mjög fjölbreytta þætti sem

þær notuðu til að vinna með í vináttu, ein að hjálpa börnum að vinna sig upp úr neikvæðri ímynd, önnur var að hjálpa börnum að komast inn í leik, Sigga talaði um vináttuna við þau og kenndi þeim hvað fælist í henni. Það kom einnig fram í fræðum sem Bergen, (1993, bls. 235) setti fram að mjög gott væri að tala um vináttu við börnin og kenna þeim hvernig vinátta gengi fyrir sig og í hverju hún fælist. Mér fannst allir þessir þættir mjög áhugaverðir og eitthvað sem hægt er að nýta sér.

Svarið við rannsóknarspurningunni er því samkvæmt viðmælendum að að leikskólakennarar gegna stóru hlutverki í vináttu barna, bæði þegar kemur að myndun og viðhaldi hennar. Þeim ber að kenna börnunum að þekkja tilfinningar sínar, eiga í samskiptum og leika sér á réttan hátt. Þeir geta notað ýmis ráð en það sem hefur helst áhrif eru samskipti við börnin og að þau læri að vinna saman í ýmiskonar verkefnum sem getur hjálpað þeim í framtíðinni.

6.4.1 Þátttaka kennara í leik

Leikur og þátttaka leikskólakennara í honum var mjög mikið kappsmál, hjá að minnstakosti þremur viðmælendum þó hinir þrír hafi haft vissa skoðun á því. Skoðanir þessa þriggja voru þó ekki allar eins. Annarsvegar áttu kennarar að taka eins mikinn þátt í leik barnanna og hægt væri og hinsvegar að vera algjörlega á hliðarlínunni. Fræðin voru heldur ekki sammála um þetta mál og sum töldu að kennarar ættu aðeins að byggja grunn fyrir leik barnanna og fylgjast svo með honum eins og kemur fram hjá Jóhönnu Einarsdóttur, (1999, bls. 35) en þar kemur einnig fram að sumir fræðingar telji að kennarar eigi að taka fullan þátt í leiknum og enn aðrir að fara eigi hinn gullna meðalveg.

Ég hef sjálf velt þessu fyrir mér og eftir að hafa lesið mér til um þessi mál og hlustað á leikskólakennarana sem koma með ólík sjónarhorn á þetta, hugsa ég að kennarar eigi að fylgjast með leiknum og hjálpa börnum ef þess þarf.

7. Lokaorð

Í þessari ritgerð var fjallað um hvað vinátta er í raun og veru. Hvaða áhrif hún hefur á börn og hvaða áhrif það getur haft að eiga ekki vini. Rannsóknin byggðist á því að skoða viðhorf og reynslu leikskólakennara um vináttu og hvort þeim fyndist það hlutverk sitt að hjálpa börnum að eignast vini og hvernig þeir eigi þá að gera það.

Ég fékk að eigin dómi gagnlegar niðurstöður útúr rannsókninni sem ég tel að ég muni nýta mér í framtíðinni sem og vonandi aðrir. Það sem mér fannst skemmtilegast við niðurstöður rannsóknarinnar var hversu misjafnlega kennararnir túlkuðu vináttuna, það sem sumum fannst kostur fannst öðrum ókostur og fleira. Þetta kom fram oftast en einu sinni sem mér finnst sýna að vináttan er mjög margslungin og hægt að túlka hegðun barna á margan hátt.

Kennarar sjá vináttu sem mjög mikilvægan þátt í lífi barna og telja þeir að þeir sjái mun á hegðun barna ef þau eiga ekki vini. Mér finnst sjálfri að vinátta sé mjög mikilvæg og þessi ritgerð staðfesti það fyrir mér. Ég hugsa að efni hennar geti gagnast mér þegar ég byrja að vinna með börnum í leikskóla því vinátta er eitthvað sem leikskólakennarar þurfa alltaf að huga að sama á hvaða aldri eða þroskastigi börnin eru. Ef börn eru ekki ánægð í skólanum er ekki hægt að ætlast til þess að þau nái árangri þar. Mögulega getur rannsókn sem þessi ýtt undir frekari rannsóknir sem geta skoðað viðhorf leikskólakennara og almenns starfsfólks innan leikskóla, á ýmsum hlutum tengdum börnum. Ég tel hugsanlegt að börn frá eins til þriggja ára þurfi meiri aðstoð og meiri þátttöku líkt og Emma benti á í viðtalinu hennar en það er mögulega persónubundið. Ég myndi því sjálf fara hinn gullna meðalveg þegar kemur að þátttöku í leik.

Vinátta er ein undirstaðan í lífinu og ef fólk á ekki góða vini er það að missa af miklu. Vinir gefa tilgang. Þeir veita gleði og ég tel að án vina minna væri ég í raun ekki eins og ég er í dag. Ég á margar mjög góðar vinkonur sem ég hef átt síðan í leik- og grunnskóla og ánn þeirra væri ég minni manneskja en ég er í dag.

Mér þykir verðugt að enda eins og ég byrjaði á tilvitnun í texta Ingibjargar Gunnarsdóttur:

*Stundum stend ég í stað, eins og enginn sé leið, öll lokuð sund
Tefla á tæpasta vað, þá minn vinur í neyð er þér á ögurstund
Þú ert minn skjöldur og hlíf, ég met þá vináttu og þakka allt mitt líf
(Ingibjörg Gunnarsdóttir. 2013).*

Heimildaskrá

- Allen, G. (1989). *Friendship: Developing a Sociological Perspective*. New York: Harvester.
- Amichai-Hamburger, Y., Kingsbury, M. og Schneider, B.H. (2013). Friendship: An old concept with a new meaning? *Computers in Human Behavior*, 29, 33–39. doi:10.1016/j.chb.2012.05.025
- Asher, S. R. og Renshaw, P. D. (1981). Children without friends: social knowledge and social-skill training. Í S. R. Asher. og J. M. Gottman (ritstj.), *The development of children 's friendships* (bls. 273–296). New York: Cambridge.
- Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og Sigrún Aðalbjarnadóttir. (2008). Góður kennari: Sjónarhorn grunnskólanemenda. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 31–53. Sótt 22. febrúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001091194
- Ástríður Stefánsdóttir. (2013). Eigindlegar rannsóknir og siðferðileg álitamál, *Netla veftímarit*, sótt 27.maí 2014 af <http://skemman.is/stream/get/1946/17501/40609/1/eigindlegar.pdf>
- Bagwell, C. L. og Schmidt, M. E. (2011). *Friendships in childhood and adolescence*. New York: Guilford press.
- Baker, J. R. og Hudson, J. L. (2013). Friendship quality predicts treatment outcome in children with anxiety disorders. *Behaviour Research and Therapy*, 51(1), 31–36. doi:10.1016/j.brat.2012.10.005
- Bell, J. (1993). *Doing your research project: a guide for first-time researchers in education and social science*. England: Open University press.

- Berndt, T. J. (1981). Relations between social cognition, non-social cognition, and social behavior: The case of friendship. Í J. H. Flavell og L. D. Ross (ritstj.), *Social cognitive development: Frontiers and possible futures* (bls. 176–200). Cambridge,: Cambridge University Press.
- Berndt, T. J. (2001). Exploring the effects of friendship quality on social development. Í W. M. Bokowski., A. F. Newcomb og W. W. Hartup (ritstj.), *The Company they Keep: Friendships in childhood and Adolescence* (bls. 346–366). Cambridge: University of Cambridge.
- Berry, D. og O'Connor. E. (2010). Behavioral risk, teacher- child relationships, and social skill development across middle childhood: A child-by-environment analysis of change. *Journal of Applied Developmental Psychology* 31, 1–14. doi:10.1016/j.appdev.2009.05.001
- Bergen, D. (1993). Teaching strategies: Facilitating friendship development in inclusion classrooms. *Childhood Education* 69(4), 234–235. doi:10.1080/00094056.1993.10520938
- Bleske-Rechek, A., Somers, E., Micke, C, Erickson, L., Matteson, L. og Stocco, C., .. Ritchie. L. (2012). Benefit or burden? Attraction in cross-sex Friendship. *Journal of Social and Personal Relationships*, 29(5), 569–596. doi:10.1177/0265407512443611
- Bullock, J. R. (1992). Children without friends: who are they and how can teachers help? *Childhood Education*, 69(2), 92–96. Sótt 5. febrúar 2014 af <http://search.proquest.com/docview/210385392?accountid=27513>
- Buysse, V., Goldman, B. D. og Skinner, M. L. (2003). Friendship formation in inclusive early childhood classrooms: what is the teacher's role? *Early Childhood Research Quarterly*, 18, 485–501. doi:10.1016/j.ecresq.2003.09.007

- Bukowski, W. M., Newcomb, F. A. og Hartup, W. W. (2001). Friendship and its significance in childhood and adolescence: Introduction and comment. Í W. M. Bukowski, A. F. Newcomb, og W. W. Hartup (ritstj.), *The Company they keep: Friendships in childhood and adolescence* (bls. 1–16). Cambridge: Cambridge University Press.
- Bukowski, W. M., Laursen, B. og Hoza, B. (2010). The snowball effect: Friendship moderates escalations in depressed affect among avoidant and excluded children *Development and Psychopathology*, 22, 749–757. doi:10.1017/S095457941000043X
- Brown, J. (2012). Citizens fit for the 21st century? The role of school design in facilitating citizenship and self-governance in young people. *Education, Citizenship and Social Justice*, 7(1), 19–31. doi:10.1177/1746197911432595
- Cohen, L. og Manion, L. (1989). *Research methods in education*. London: Routledge.
- Creswell, J. W. (2012). *Educational research: Planning conducting and evaluating quantitative and qualitative research*. (4. útgáfa). Boston: Boylston street.
- Demir, M. og Özdemir, M. (2010). Friendship, Need satisfaction and happiness. *Journal of Happiness Studies*, 11, 243–259. doi.org/10.1007/s10902-009-9138-5
- Dishion, T., Spracklen, K., Andrews, D. og Patterson, G. (1996). Deviancy training in male adolescent friendship. *Behavior Therapy*, 27, 370–390. doi:10.1016/S0005-7894(96)80023-2
- Doyle, A. B. (1982). Friends, Acquaintances and strangers; the influence of familiarity and ethnolinguistic background on social interaction. Í K. H. Rubin og H. S. Ross (ritstj.), *Peer relationships and social skills in childhood* (bls. 229–252). New York: Springer-Verlag.
- Dowling, M. (2005). *Young children's personal social and emotional development*. (2. útgáfa). London: SAGE.

- Dunn, J. (2004). *Children's friendships: the beginnings of intimacy*. Malden USA: Blackwell Publishing.
- Dewey, J. (1958). *Experience and education*. New York: Macmillan.
- Lee, E. A. og Troop-Gordon, W. (2011). Peer processes and gender role development: Changes in gender atypicality related to negative peer treatment and children's friendships. *Sex Roles*, 64, 90–102. Doi:10.1007/s11199-010-9883-2
- Engle, J. M., McElwain, N. L. og Lasky, N. (2011). Presence and quality of kindergarten children's friendships: Concurrent and longitudinal associations with child adjustment in the early school years. *Infant and Child Development*, 20, 365–385. Doi:10.1002/icd.706.
- Hartup, W. W. (1996). The company they keep: Friendships and their developmental significance. *Child Development*, 67(1), 1–13. doi:10.1111/j.1467-8624.1996.tb01714.x
- Haselager, G. J. T., Hartup, W. W., van Lieshout, C. F. M. og Riksen-Walraven, J. M. A. (1998). Similarities between friends and nonfriends in middle childhood. *Child Development*, 69, 1198–1208. doi:10.1111/j.1467-8624.1998.tb06167.x
- Heiman, T. (2000). Quality and quantity of friendship: Students and teachers perceptions. *School Psychology International*, 21(3), 265–280. doi:10.1177/0143034300213004
- Hess, B. (1972). Friendship. Í M. W. Riley, M. Johnson, og A. Foner (ritstj.), *Aging and society* (3. útgáfa), bls. 357–393. New York: Russell Sage.
- Howes, C. (1983). Patterns of friendship. *Child Development*, 54, 1041–1053. Sótt 4. febrúar 2014 af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/detail?sid=86844286-e4d9-4238-b7c9-e290ca04ddb4%40sessionmgr198&vid=1&hid=122&bdata=JnNpdGU9ZWWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=12432775>

- Howes, C., Matheson, C. C. og Hamilton, C. E. (1994). Maternal, teacher, and child care history correlates of children's relationships with peers. *Child Development*, 65, 264–273. doi:10.1111/j.1467-8624.1994.tb00749.x
- Howes, C. (2000). Social- emotional classroom climate in child care, child-teacher relationships and children's second grade peer relation. *Social Development*, 9(2), 191–204. Doi:10.1111/1467-9507.00119
- Hrönn Pálmadóttir. (2004). Boðskipti í leikskóla: athugun á boðskiptum barna með samskiptaerfiðleika og íhlutun starfsmanna. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 97–122. Sótt 3. mars 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000843654
- Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2007). „Það sem áður var bannað er nú leikur“ Breytingar á uppeldissýn í leikskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 119–135. Sótt 3. mars 2014 af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/7_hronn_thordis1.pdf
- Hymel, S. og Asher, S. (1977, mars). Assessment and training of isolated children's social skills. [presented at the biennial meeting] *The Society for Research in Child Development*, New Orleans, Louisiana. Sótt 19. mars 2014 af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED136930.pdf>
- Ingibjörg Gunnarsdóttir. (2013). *Kæri vinur. Duet* [Hljóðdiskur]. Reykjavík: Sena.
- Jones, E. og Reynolds, G. H. (1995). Enabling children's play: The teacher's role. Í E. Klugman (ritstj.). *Play, policy og practice* (bls. 37–46). Minnesota: Redleaf press.
- Jóhanna Einarsdóttir. (1999). Þáttur starfsfólks leikskóla í hlutverkaleik barna. *Uppeldi og menntun*, 8, 35–54. Sótt 3. mars 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000543167

- Krappman, L. (2001). Amicitia, drujba, Shin-yu,Philia, freundschaft, friendship: on the Cultural diversity of a human relationship. Í W. M. Bokowski., A. F. Newcomb. og W. W. Hartup (ritstj.). *The Company they keep: Friendships in childhood and adolescence* (bls. 19–40). Cambridge: University of Cambridge.
- Kvale, S. og Brinkman, S. (2009). Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing. (önnur útgáfa). California: SAGE publications.
- Ladd, G. W. (1990). Having friends, keeping friends, making friends, and being liked by peers in the classroom: Predictors of children's early school adjustment? *Child Development*, 61, 1081–1100. doi:10.2307/1130877
- Lindsey, E. W. (2002). Preschool children's friendships and peer acceptance: Links to social competence. *Child Study Journal*, 32(3), 145–156. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://www.andrews.edu/~rbailey/Chapter%2013/9209884.pdf>
- Lög um leikskóla nr. 2/2008.*
- Lög um leikskóla nr.12/2008.*
- Maccoby, E. (1990). Gender and relationships: A developmental account. *American Psychologist*, 45(4), 513–520. doi:10.1037/0003-066X.45.4.513.
- Malcom, K. T., Jensen-Campbell, L. A., Rex-Lear, M. og Waldrip, A. M. (2006). Divided we fall: Children's friendships and peer victimization. *Journal of Social and Personal Relationships*, 23(5), 721–740. Doi:10.1177/0265407506068260.
- Mennta- og menningarráðuneytið.* (2012). Aðalnámskrá leikskóla. Reykjavík: Höfundur

- Miller, J., Glassner, B. (2011). The „inside“ and the „outside“: Finding realities in interviews. Í D. Silverman (ritstjóri). *Qualitative Research*. (bls.131–148). London: SAGE publications.
- Oberle, E., Schonert-Reichl, K. A. og Thomson, K. C. (2010). Understanding the link between social and emotional well-being and peer relations in early adolescence: Gender-specific predictors of peer acceptance. *Journal of Youth Adolescence*, 39, 1330–1342. doi:10.1007/s10964-009-9486-9
- Oden, S. og Asher, S. R. (1977). Coaching children in social skills for friendship making. *Child Development*, 48(2), 495–507. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/detail?sid=98a126d3-4379-40c2-9790-dabb2f7f6736%40sessionmgr112ogvid=1oghid=122ogbdata=JnNpdGU9ZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aphogAN=11233492>
- Osterman, K. M. (2000). Students' need for belonging in the school community. *Review of Educational Research*, 70(3), 323–367. doi:10.3102/00346543070003323
- Parker, J. G. og Seal, J. (1996). Forming, losing, renewing and replacing friendships: Applying temporal parameters to the assesment of children's friendship experiences. *Child Development*, 67(5), 2248–2268. doi:10.1111/1467-8624.ep9706060165
- Poulin, F. og Chan, A. (2010). Friendship stability and change in childhood and adolescence. *Developmental review*, 30, 257–272. doi:10.1016/j.dr.2009.01.001.
- Proulx, M. F. og Poulin, F. (2013). Stability and change in Kindergartners's friendships: Examinations of links with social functioning. *Social Development*, 22(1), 111–125. Doi:10.1111/sode.12001

- Rose, A. D. og Smith, R. L. (2009). Sex differences in peer relationship. Í K. H. Rubin., W. M. Bukowski og B. Laursen (ritstj.), *Handbook of peer interactions, Relationships and groups* (bls. 379–394). New York: The Guilford Press.
- Rose, A. J. og Asher, S. R. (2000). Children's Friendship. Í C. Hendrick og S. S. Hendrick (ritstj.), *Close friendships: A sourcebook* (bls. 54–55). London: Sage Publications.
- Rúnar Sigþórsson. (1999). *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.
- Seban, A. M. (2003). The friendship features of preschool children: Links with prosocial behavior and aggression. *Social Development*, 12(2), 249–269. Doi:10.1111/1467-9507.00232
- Schaefer, D. R., Light, J. M., Fabes, R. A., Hanish, L. D. og Martin, C. L. (2010). Fundamental principles of network formation among preschool children. *Social Networks*, 32, 61–71. doi:10.1016/j.socnet.2009.04.003
- Scharf, M. og Hertz-Lazarowitz, R. (2003). Social network in the school context: Effects of culture and gender. *Journal of Social and Personal Relationships*, 20(6), 844–858. Doi:10.1177/0265407503206007
- Shultz, B. J. (2004). The importance of friendship. *AORN Journal*, 79(2), 293–294. doi:10.1016/S0001-2092(06)60603-0
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 162–180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2005). Leiðsögn og eftirlit með siðferði í félagsvísindalegum rannsóknum á fólki: hvers vegna og hvernig? Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI, Félagsvísindadeild* (bls.139–159). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Silverman, D. (2013). *Doing qualitative research: A practical handbook*. SAGE Publications.
- Simpkins, S. D. og Parke, R. D. (2001). The relations between parental friendships and children's friendships: Self-report and observational analysis. *Child Development*, 72,(2), 569–582. doi:10.1111/1467-8624.00297
- Spradley, J. P. (1979). *The ethnographic interview*. Winston: University of Michigan.
- Troutman, D. R. og Fletcher, A. C. (2010). Context and companionship in children's short-term versus long-term friendships. *Journal of Social and Personal Relationships*, 27(8), 1060–1074. doi:10.1177/0265407510381253
- Turbull, A. P., Pereira, L. og Blue-Banning, M. (2000). Teachers as friendship facilitators. *Teaching Exceptional Children*, 32(5), 66–70. Sótt 25. janúar 2014 af http://www.beachcenter.org/Research%5CFullArticles%5CPDF%5CPDF4_Teachers%20as%20friendship.pdf
- Wagner, K. (2009). The holistic development of babies and young children. Í H. Fabian og C. Mould (ritstj.), *Development and Learning for very young children* (bls. 9–22). London: SAGE Publications.
- Wojslawowicz-Bowker, J. C., Rubin, K. H. og Burgess, K. B. (2006). Behavioral characteristics associated with stable and fluid best friendship patterns in middle childhood. *Merrill-Palmer Quarterly*, 52(4), 671–693. Sótt 25. febrúar 2014 af <http://search.proquest.com/docview/230094527/fulltextPDF?accountid=49537>
- Wolcott, H. F. (1992). Posturing in qualitative research. Í M. D. LeCompte, W. L. Millroy og J. Preissle (ritstj.), *The handbook of qualitative research in education* (bls. 3–53). San Diego: Academic press INC.

Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Menningarlausni: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. (Doktorsritgerð). Sótt 4. mars 2014 af <http://hdl.handle.net/1946/13408>

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51–66). Akureyri:Háskólinn á Akureyri

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi	89
Fylgiskjal 2 Leyfisbréf til skólanefndar	92
Fylgiskjal 3 Leyfisbréf til leikskólastjóra.....	94
Fylgiskjal 4 Leyfi frá Persónuvernd	95

Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi

Bakgrunnsspurningar

- Hvað ertu gömul?
- Hvaða menntun hefur þú?
- Í hvernig skólum hefur þú unnið? (dreifbýli eða þéttbýli)
- Hversu mikla reynslu hefur þú í kennslu?
 - Í leikskóla eða grunnskóla
- Með hvaða aldur hefur þú unnið?
 - En hvaða aldur hefur þú mest unnið með?
- Hvert telur þú almennt vera gildi vináttu?
 - Getur þú gefið mér dæmi um þau gildi eins og þau hafa birst í þínu lífi?
- Hvernig hefur vinátta haft áhrif á þitt líf? Góð eða slæm?

Vináttu barna

- Hvernig myndir þú lýsa vináttu ? þá á ég við vináttu á öllum aldurstigum? Getur þú gefið dæmi um vináttu?
- Hvað telur þú að felist í vináttu leikskólabarna? Gætir þú lýst því ?
- Hvað telur þú að hafi áhrif á það hvernig börn frá tveggja til fimm ára velja sér vini. Telur þú að þau sækist frekar í börn sem líkjast þeim eða við börn sem hafa svipuð áhugamál ?
 - Getur þú gefið mér dæmi?
 - Hvenær telur þú að þetta breytist
- Getur þú gefið mér dæmi um þau áhrif sem það getur haft á barn að eiga vini ?
 - En að eiga ekki vini?

- Getur þú gefið mér dæmi um það hvað einkennir vináttu barna á leikskólaaldri?
- Sérðu mun á gæðum í vináttu barna?
 - Getur þú gefið mér dæmi um slæma vináttu annarsvegar og góða vináttu hinsvegar?
- Hefur þú tekið eftir því að það hafi áhrif á hegðun barna ef þau eiga nána vini? Hvernig?
- Finnst þér að þau hagi sér á annan hátt en börn sem ekki eiga í góðum vináttusamböndum, geturðu komið með dæmi?
- Telur þú vera mun á vináttu stelpna við stelpur annars vegar og stráka við stráka hins vegar?
- Hvað telur þú kynjaða vináttu vera? Hvernig lýsir hún sér? Hvenær byrjar hún?
- Hvað telur þú vera kynjaða hegðun? getur þú komið með lýsandi dæmi um slíka hegðun?
 - Verður þú oft vör við slíka hegðun hjá leikskólabörnum? Hversu algeng er hún?
- Getur þú gefið mér dæmi um vináttu milli stelpu og stráka? Af hverju hún einkennist?
 - Á hvaða aldri eru þau börn? Er eitthvað sérstakt sem einkennir vináttu barna af gagnkvæmu kyni?
- Hvernig áhrif telur þú að umhverfið sem barnið elst upp í utan skóla geti haft á félagslegan þroska barna, þá á ég við dreifbýli og þéttbýli
 - Getur þú gefið mér dæmi?
- Telur þú að umhverfi innan leikskólans geti haft áhrif á vináttu og þá hvernig? Getur þú gefið mér dæmi?
- Telur þú skipulag leikefnis eða leiksvæða jafnvel hvernig dagskipulag er sett upp geti haft áhrif á vináttu? Hvernig

- Telur þú að samskipti og traust milli kennara og nemenda geti haft áhrif á félagshæfni og vináttu barna?
 - Getur þú gefið mér dæmi um þau áhrif?
- Hvað telurðu sem kennari að þú getir gert til að aðstoða börn við að mynda og viðhalda vináttusamböndum?
 - Telurðu það vera í þínum verkahring sem leikskólakennari?
 - Getur þú gefið mér dæmi?
- Á hvaða hátt telur þú leikskólakennarar eigi að taka þátt í leik eða samskiptum barna?
 - Geturðu gefið mér dæmi um slíkt?
 - Hvað gerir þú?
- Hefurðu þið velt fyrir þér/ykkur eða fylgst sérstaklega með þeim börnum sem ekki eiga vini?
- Hvað telur þú að hægt sé að gera til að hjálpa þeim börnum ?
- Á hvaða tímamarki telur þú að sé tímabært að hafa áhyggjur af vinaleysi barna?
- Innan leikskólans sem þú vinnur á, er mikið talað um vináttu barna þegar kemur að t.d. mati á velferð barna?
- Telur þú að fjallað sé nægilega mikið um vináttu innan námskrár skólans þíns?

Fylgiskjal 2 Leyfisbréf til skólanefndar

Sæll Eiríkur H. Hauksson

Ég heiti Þórhalla Friðriksdóttir og er nemandi við kennaradeildina í Háskólanum á Akureyri. Ég er að skrifa Meistaraprófsritgerð um vináttu barna á leikskólaaldri – hvernig leikskólakennarinn og leikskólinn getur haft áhrif á vináttu t.d. í gegn um skipulag starfsins. Sem hluti af rannsókn tengdri ritgerðinni hef ég hugsað mér að taka viðtöl við leikskólakennara á..., um þetta efni. Hér með fer ég þess á leit að ég fái leyfi til að ræða við leikskólakennara starfandi hjá... Val mitt á leikskólakennurum er hentugleikaval, það er áætlunin að leita til leikskólakennara sem ég kannast og hef heyrt vel af látið. Leiðsagnarkennarinn minn í þessu verkefni er Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri. Ef frekari upplýsinga er óskað þá getur þú haft samband við mig sjálfa eða Kristínu Dýrfjörð.

Með bestu kveðju og von um jákvæð svör

Þórhalla Friðriksdóttir

Kennitala: 110289-3089

Tölvupóstfang: ha090577@unak.is

Heimilisfang: Melgata 5 Þingeyjarsveit

Sími: 8491125

Komdu sæll Gunnar Gíslason

Ég heiti Þórhalla Friðriksdóttir og er nemandi við kennaradeildina í Háskólanum á Akureyri. Ég er að skrifa Meistaraprófsritgerð um vináttu barna á leikskólaaldri - hvernig leikskólakennarinn og leikskólinn getur haft áhrif á vináttu t.d. í gegn um skipulag starfsins. Sem hluti af rannsókn tengdri ritgerðinni hef ég hugsað mér að taka viðtöl við fjóra til sex leikskólakennara hér á Akureyri, um þetta efni. Hér með fer ég þess á leit að ég fái leyfi til að ræða við leikskólakennara starfandi hjá Val mitt á leikskólakennurum er hentugleikaval, það er áætlunin að leita til leikskólakennara sem ég kannast við og hef kynnst m.a. í gegnum vettvangsnám og æfingarkennslu og hef heyrt vel af látið. Leiðsagnarkennarinn minn í þessu verkefni er Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri. Ef frekari upplýsinga er óskað þá getur þú haft samband við mig sjálfa eða Kristínu Dýrfjörð

Með bestu kveðju og von um jákvæð svör

Þórhalla Friðriksdóttir

Kennitala: 110289-3089

Tölvupóstfang: ha090577@unak.is

Heimilisfang: Melgata 5 Þingeyjarsveit

Sími: 8491125

Fylgiskjal 3 Leyfisbréf til leikskólastjóra

Ég heiti Þórhalla Friðriksdóttir og er nemandi við kennaradeildina í Háskólanum á Akureyri. Ég er að skrifa Meistaraprófsritgerð um vináttu barna á leikskólaaldri áhrif hennar á velferð þeirra – hvernig leikskólakennarinn og leikskólinn getur haft áhrif á vináttu t.d. í gegn um skipulag starfsins. Sem hluti af rannsókn tengdri ritgerðinni er áætlunin að taka viðtöl við starfandi leikskólakennara um efnið. Hér með fer ég þess á leit að ég fái leyfi til að ræða við leikskólakennara sem eru starfandi við leikskólann... Val mitt á leikskólakennurum er hentugleikaval, það er áætlunin að leita til leikskólakennara sem ég kannast og hef heyrt vel af látið. Leikskólakennararnir sem ég hafði hugsað mér að taka viðtal við heita.... Ég hef fengið leyfi hjá skólanefnd fyrir þessari rannsókn og óska eftir leyfi frá þér áður en ég spyr viðkomandi leikskólakennara um þátttöku í þessari rannsókn. Leiðsagnarkennarinn minn í þessu verkefni er Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri. Ef frekari upplýsinga er óskað þá getur þú haft samband við mig sjálfa eða Kristínu Dýrfjörð.

Með bestu kveðju og von um jákvæð svör

Þingeyjarsveit þann 17 Febrúar 2014

Þórhalla Friðriksdóttir

Kennitala: 110289-3089

Tölvupóstfang: ha090577@unak.is

Heimilisfang: Melgata 5 Þingeyjarsveit

Sími: 8491125

Fylgiskjal 4 Leyfi frá Persónuvernd

Dórhalla Friðriksdóttir
Melgötu 5
641 Húsavík



Persónuvernd

Kaðendisgí 10 105 Reykjavík
sími: 510 9000 hefðsímni: 510 9006
netfang: postar@personuvernd.is
vefbfang: personuvernd.is

Reykjavík 14. febrúar 2014
Tilvísun: S6676/2014/ HIGK/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur mótttekið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S6676/2014 og fylgir afrit hennar hjálagt.

Vakin er athygli á því að tilkynningin hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllt,


Helga Grethe Kjartansdóttir

Hjál.: - Tilkynning nr. S6676/2014 um vinnslu persónuupplýsinga.

